



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS

**Landamerkjabók Ísafjarðarsýslu
[1883-1958]**



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS

[Registur ekki skrifað upp]

Séð 10/7 46

Kr. Linnet

Séð 20/8 37

[M. Jóhannsson]

Bók þessi, sem er 370 – þrjú hundruð og sjötíu – blaðsíður að stærð, gegnumdregin og innsigluð með signeti Vestur amtsins, löggildist hjermeð sem

Landamerkjabók
fyrir Ísafjarðarsýslu.

Íslands Vestur-amt, Reykjavík, 18. apr. 1887.

ETh. Jónasson

Mjér synt 12/6 98.

Havsteen amtm.

VJC. 29.



Skýrsla um landamerki þjóðjarðarinnar Hattardals meiri í Súðavíkurbreppi.

Land jarðarinnar liggur austan fram með Álptafirði út að hamri þeim, er liggur fram í sjó utan til á miðri Sjötúnahlíð. Hamar þessi er veggmyndaður klettur, sem gengur upp í bakkana og fram í sjóinn, svo að ekki verður riðið fyrir framan um flóð, og er enginn slíkur hamar á Sjötúnahlíð. Landamerkin eru beina stefnu frá hamrinum upp fjallshlíðina til efstu brúnar. Að sunnan frá bænum á jörðin land austan fram með dalnum að á þeirri, sem rennur eptir miðjum dalnum og ofan til sjávar milli Hattardalsbæjanna. Þessi aðalá skiptir löndum, þangað til komið er töluverðan kipp fram fyrir svo kallaðar Þverár; er þá farið eptir stærstu kvísl árinna, sem rennur undan miðju fjallshorninu, svo kölluðum Bessa. Merki þessi eru aðalmerki jarðarinnar. Ítök í þessu landi eru sem hér greinir:

Bændaeignin Hattardalskot, sem stendur utarlega í túninu. Landamerki þess eru nálægt því miðja vega milli bæjanna í svo kallaðri Merkjalág, liggja beint eptir miðri láginni og í réttri línu niður til árinna og upp undir hlíðina. Síðan á Hattardalskotið land út að svo kölluðum Landamerkjálæk, sem rennur til sjávar að sunnanverðu við Hellutanga. Þar að auki á það slægnablettinn Grænumýri, enn fremur lítilfjörlega smátungu austast á lægri Girðisbrekku neðan undir svo kölluðu Langholti, og ennþá einn lítinn blett á lægsta Bandi fyrir framan Þverá fram að svörtu þúfu. Allir þessir blettir eru merktir með stórum steinum. Svo á Hattardalskot óskipt beutiland og skóg að tiltölu við heimajörðina eptir jarðarhæð. Þessum landamerkjum hefir verið þinglesið.

Hattardal meiri, 8/6 83.

Þórður Magnússon bóndi.

Samúel Jónsson, bóndi í Hattardalskoti.

C. Fensmark

[á spássíu] Þinglesið á manntalsþingi í Súðavík 11/6 83 C. Fensmark

Borgun:

þingl. 0,75

bókun 0,25

– ein króna –

Borgað C.F.



Eyri og Tröð við Seyðisfjörð, án blaðsíðutals

N^o 2.

Skýrsla um landamerki Eyrar og Traða í Seyðisfirði.

Landamerki á Eyri og Tröðum eru að innanverðu í miðjan Grástein, sem stendur í miðjum engjum, og vörðu á sjávarbakkanum og aðra við Urðarfætur og úti stein utan til við Grjótstekk merktan L.M. og beina sjónhending til fjalls. Á Grjótal allan dalinn frá þrísteinum í hlíðinni, sem eru í röð, og í vörðu á engjunum og að ytri enda á Sortaugnaholti og beint niður í Uppsalaá, og það allt stykki til fjalls, sem áin deilir.

Eyri, 9. Júní 1883.

Guðmundur Bárðason.

Hér til staðfestu eru okkar nábýlismanna undirrituð nöfn:

Hjalti Sveinsson.

Ari Guðmundsson Uppsölum

[á spássíu] Þinglesið á manntalsþingi í Súðavík 11/6 83. C. Fensmark

Borgun:

Þingl. 0,75

Bókun 0,25

– ein króna –

Borgað C.F.



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS

Uppsálar, án blaðsíðutals

N^o 3.

Skýrsla um landamerki Uppsála.

Landamerki á Uppsölum eru að innanverðu til fjalls og í sjó í læk, sem næst fellur Háu-Kleifum, að utanverðu í miðjan Grástein, sem stendur í miðjum engjum og vörðu á sjávarbakkanum og aðra við Urðarfætur. Að framanverðu eða á Grjótdal fram að þremur steinum í röð í hlíðinni og í vörðu á engjunum í ytri enda á Sortaugnaholti og beint niður í ána.

Uppsölum, 9. Júní 1883.

Ari Guðmundsson

Hér til staðfestu eru okkar nábýlismanna undirrituð nöfn.

Rannveig Ólafsdóttir Kleyfum

Guðmundur Bárðarson Eyri.

[á spássíu] Þinglesið á manntalsþingi í Súðavík 11/6 83 C. Fensmark

Borgun:

Þingl. 0,75

Bókun 0,25

– ein króna –

Borgað C. F.



Kálfavík í Ögurhreppi, án blaðsíðutals

N^o 4.

Landamerkjabréf fyrir jörðunni Kálfavík í Ögurhreppi.

1^o Hvalskurðará heitir gil milli Borgar og Kálfavíkur, sem rennur af fjalli ofan í sjó. Þetta gil eru talin sjálfsögð landamerki milli þessara jarða.

2^o Hjallagil heitir lækur innanvert við Gilseyri, er kemur úr fjallsbrún ofan. Þessi lækur hefir frá ómuna tíð verið talinn landamerkjagil milli Hjalla og Kálfavíkur.

3^o Langlína á fjalli uppi eptir sem vötnum hallar ræður þar merkjum milli Laugardals og þessarar jarðar.

Ítök eru engin í þessu landi, en jörðin á tilkall til sveitaralmenninga hreppsins að jöfnum þörfum við aðrar jarðir hreppsins. Samkvæmt lögum 17. Marz 1882 skorast hérmeð á viðkomendur að staðfesta bréf þetta nöfnum sínum, að öðrum kosti að leiða rök að öðrum merkjum.

Kálfavík í Octóber 1883

Samþykkir: Margrét Sigurðardóttir

D. Eggertsson

Í umboði samerfingja

Tomas Tomasson

minna samþykkur:

Hjalti Sveinsson

Magnús Bárðarson

[á spássíu] Þingl. 8/7 84.

Þingl. 0,75

Bókun: 0,25

– ein króna – C. F.



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS

Borg í Skötufirði í Ögurhreppi, án blaðsíðutals

N^o 5.

Landamerki jarðarinnar Borgar í Ögurhreppi.

Jörðin Borg í Ögurhreppi, 7,9 hndr. að dýrleika, á land að austan og norðan í Hvalskurðará frá fjöru til fjalls. Að sunnan ráða merkjum: Fjarðará að neðan, en Stóri-Kambur að ofan og að vestan Fjarðará og austur í Borgará um miðjar Eyjar.

Borg, 6. Nóvember 1883.

Eigendur: D. Eggertsson

Ari Rósinkarsson

Samþykkir:

Fyrir Kleifar: P. Pálsson.

Fyrir Kálfavík: Margrét Sigurðardóttir

Magnús Bárðarson fyrir hönd meðferfingja minna

[Á spássíu] Þingl. 8/7 84. C. Fensmark

Þingl. 0,75

Bókun 0,25

– ein króna –

Borgað C.F.

Sjá nýja merkjalýsing ódagsetta, en innk. til þingl. 1/10 1901, innfærð í Veðmb. Ísfjs. F N 257.



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS

Garðsstaðir í Ögurhreppi, án blaðsíðutals

N^o 6

Landamerki jarðarinnar Garðsstaða í Ögurhreppi.

Jörðin Garðsstaðir í Ögurhreppi, hjáleiga frá Ögri, eign Ögurkirkju, 7,53 hndr. að dýrleika, á land milli Rauðabergsvíkur og þaðan beina línu í Tröllkonulækjarós að norðan og Seltópta á Ögurdal að sunnan; en að austan ræður Tröllkonulækur merkjum, en að vestan Ögurá fram á móts við Seltóptir. Engir aðrir en undirskrifaður eiga land að jörðu þessari.

Ögri, 28. Ágúst 1883.

Jakob Rósinkarsson eigandi Ögurkirkju.

[á spássíu] Þingl. 8/7 84. C. Fensmark

Þingl. 0,75

Bókun 0,25

– ein króna –

Borgað C. F.



Hvítanes við Skötufjörð í Öguruhreppi, án blaðsíðutals

N^o 7.

Landamerkjabréf fyrir jörðunni Hvítanesi í Öguruhreppi, sem er að dýrleika 25,3 hndr.

1^o Markeyri heitir í Skötufirði miðja vega milli Eyrar og Hvítaness; innanverðu á eyri þessari er lítill lækur og forn merkjagarður; sést víða úr fjallsbrún í þennan læk. Þetta hafa verið talin skýlaus merki milli þessara jarða.

2^o Geitahvammur heitir í Hestfirði, eptir honum rennur gil úr fjallsbrún í sjó. Hér er gil þetta talið skýlaus landamerki.

3^o Á fjalli uppi ræður skálína í sjónhending milli merkja á fjallsbrúninni. Land jarðar þessarar er allt nesið frá þessari línu útúr milli Hests og Skötufjarðar ásamt skerjum og grynningum kringum allt nes þetta.

4^o Ítök í landareign þessarar jarðar eiga engir. Þar á móti á þessi jörð að jöfnum pörtum við aðrar jarðir hreppsins tilkall til almenninga hreppsins.

Samkvæmt lögum dagsettum 17. Marz 1882, skorast hérmeð á viðkomendur þ.e. umboðsmenn, eigendur og landseta aðliggjandi jarða og landa, að staðfesta landamerkjabréf þetta með nöfnum sínum, ella að öðrum kosti verða þeir að leiða rök að öðrum landamerkjum.

Hvítanesi í December 1883.

Jakob Rósinkarsson oddviti, umboðsmaður Öguruhrepps almennings, samþykkur.

Eigendur: Einar Hálfðánarson

Gísli Bjarnason

Bjarni Gíslason

Sem eigandi og ábúandi á Eyri samþykkur Haraldur Halldórsson

Eigendur Eyrar í Skötufirði samþykkir Jens Ólafsson Jón Einarsson

Ólafur Jensson. Einar Magnúss.

[á spássíu] Þingl. 8/7 84. C. Fensmark

Þingl. 0,75

Bókun 0,25

– ein króna –

Borgað C. F.



Seljaland í Skutulsfirði í Eyrarhreppi, án blaðsíðutals

N^o 8.

Landamerkjabréf fyrir jörðunni Seljalandi í Eyrarhreppi.

Landamerki milli Seljalands og Tungu eru af undirskrifuðum samþykkt þannig: Um 60 faðma frá Seljalandstúngarði rennur lítill lækur niður í Langá (það er þvermerki), við upptök hans er varða, klappað á L.M., upp af henni er stór steinn í múlanum, klappað á L.M. Frá þessum steini skal ríðandi maður fara eptir brúninni fram að Bunuá, og skal hann alltaf sjá á elzta Tungubæ (samanber Langa í krókum). Eptir það skiptir Bunuá londum til fjalls.

Seljalandi, 7. Júní 1884

Halldór Halldórsson fyrir hönd M. Jochumssonar, eiganda Seljalands.

Helgi Sölfason, eigandi Tungu.

Jón Jónsson, fyrir hönd Jens Guðmundssonar á Brekku.

Fyrir hönd kirkjunnar: Þorvaldur Jónsson Þorvarður Sigurðsson. Guðmundur Sveinsson.

Landamerki milli Seljalands og Stakkaness eru: Næsti lækur við Grænagarð allt til sjóar, og er honum sleppir hið svonefnda Merkjagil allt til fjalls.

Ísafirði, 11. Júlí 1884.

Fyrir hönd kirkjunnar: Þorvaldur Jónsson

„ „ M. Jochumssonar H. Halldórsson ábúandi.

[á spássíu] Þinglesið á manntalsþingi í Hnífsdal 14/7 1884 C. Fensmark

Borgun:

Þingl. 0,75

Bókun 0,25

– ein króna –

Borgað C. F.



Kirkjuból í Skutulsfirði í Eyrarhreppi, án blaðsíðutals

N^o 9.

Landamerkjabréf fyrir jörðunni Kirkjubóli í Eyrarhreppi.

Landamerki milli jarðarinnar Kirkjubóls og Arnardals neðri eru: Innsti kletturinn í svokölluðum Stóru-Básum á Kirkjubólshlíð við sjóinn, þaðan uppí stóran stein jarðfastan spölkorn fyrir ofan þjóðveginn, og síðan beina sjónhending í fjallsbrún.

Í lok Maímánaðar 1884.

Samþykkir jarðeigendur:

Jón Halldórsson Kirkjubóli K. Sæmundsson Arnardal

Landamerki milli jarðanna Kirkjubóls og Fossa eru þessi: Svokallaður Svarti-Bakki við ána, síðan lækur og dý, þaðan sjónhending beint í fjallsbrún.

Í Júnímánuði 1884.

Samþykkir:

Jón Halldósson eigandi Kirkjubóls og Fossa.

Landamerki milli jarðanna Kirkjubóls og Engidals eru þessi: Svo nefndur Kuldaklettur í neðri fjallsbrúninni, þaðan beint ofan í stein, sem stendur á bala niðri í engjunum og þaðan þráðbeint ofan í ána, er ræður landamerkjum í dalnum.

Í Júnímánuði 1884

Samþykkir:

Sveinn Ólafsson. Jón Halldórsson Kirkjubóli. Guðný Ámundadóttir Engidal

Landamerki milli jarðanna Kirkjubóls og Hafrafells eru: varða fyrir ofan Eldiviðar- eða Urðagötu svonefnda, sem farin er út og inn með hlíðinni, og þaðan bein stefna ofan í læk þann, sem rennur í sjóinn skammt frá fjarðarhorninu. Frá nefndri vörðu að ofan bein sjónhending upp í fjallsbrún.

Í Júnímánuði 1884.

Samþykkir

Jón Halldórsson Kirkjubóli Þorvaldur Jónsson sóknarprestur

[á spássíu] Þinglýst á manntalsþingi í Hnífsdal 14/7 1884. C. Fensmark.

Borgun:

Þingl. 0,75

Bókun: 0,25

– ein króna –



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS

Borgað C. F.



Hvammur í Dýrafirði, án blaðsíðutals

N^o 10.

Landamerkjabréf fyrir jörðunni Hvammi í Dýrafirði.

Vér undirritaðir sameignarmenn jarðarinnar Hvamms í Dýrafirði lýsum með þessu voru bréfi landamerkjum nefndrar jarðar samkvæmt landamerkjaskrá frá 1508 í tveimur samritum, og eru þau þannig:

„Hvammur á land inn í Svarta-Bakka og það gagnvart á fjall upp, en að utan í garð þann, sem gengur úr fjöru gagnvart uppá Sandafell fyrir utan gras, en inn á Þingeyri.“

Þetta kunnngjörum vér nágrönnum vorum á Þingeyri og Ketilseyri til þess þeir annaðhvort riti nöfn sín undir eða mótmæli nú þegar, því seinna verður það ekki tekið til greina.

Hvammi í Dýrafirði, 28. dag Júnímán. 1884.

Kristján Fr. Einarsson (handsalað) Kristján Jónsson

Einar Magnússon Kristján Jónsson handsalað.

Ofangreind landamerki samþykkja:

Magnús Halldórsson. Jens Guðmundsson

Jón Ólafsson

Gísli Jónsson Ketilseyri, eigandi, F. R. Wendel.

[á spássíu] Þinglýst á manntalsþingi í Meðaldal 30./5. 1885 Sk. Thoroddsen.

Borgun:

Þingl. 0,75

Bókun 0,25

1,00 – ein króna –

Borgað Sk.Th.



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS

Tjaldanes í Auðkúluhreppi, án blaðsíðutals

N^o 11.

Landamerkjalyásing Tjaldaness í Auðkúluhreppi (Samkvæmt lögum 17. Marz 1882).

Landamerki Tjaldaness, kirkjujarðar Álptamýrar, eru þessi: Að utan milli Tjaldaness og Baulhúsa: Kumlusker og Kumla að innan, milli Tjaldaness og Auðkúlu Hesjargil.

Rafnseyri, 20. Júní 1884.

Þorsteinn Benediktsson prestur,

[á spássíu] Þinglýst á manntalsþingi að Auðkúlu 1/6 1885. Sk. Thoroddsen.

Þingl. 0,75

Bók. 0,25

1,00 – ein króna –

Borgað Sk. Th.



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS

Baulhús í Auðkúluhreppi, án blaðsíðutals

N^o 12.

Landamerkjalýsing Baulhúsa í Auðkúluhreppi. (Samkv. lögum 17. Marz 1882).

Landamerki Baulhúsa, kirkjujarðar Álptamýrar, eru þessi: Að utan milli Baulhúsa og Álptamýrar: Svarthamrasker og Svarthamrar, að innan milli Baulhúsa og Tjaldaness Kumlusker og Kumla

Rafnseyri, 20. Júní 1884.

Þorsteinn Benediktsson prestur

[á spássíu] Þinglesið á manntalsþingi að Auðkúlu 1/6 1885. Sk. Thoroddsen

Borgun:

Þingl. 0,75

Bókun: 0,25

1,00 – ein króna –

Borgað Sk. Th.



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS

Álftamýri í Arnarfirði í Auðkúluhreppi, án blaðsíðutals

N^o 13.

Landamerkjalyðing Álptamýrar í Auðkúluhreppi. (Samkv. lögum 17. Marz 1882).

Landamerki Álptamýrar að utan milli Álptamýrar og Stapadals Landamerkjasker, [þa]ðan sjónhenda í Tóuhúsholt og þaðan í hlíð; að innan milli Álptamýrar og Baulhúsa Svarthamrasker og sjónhenda uppí Svarthamar.

Rafnseyri, 2. Júlí 1884.

Þorsteinn Benedictsson prestur.

[á spássíu] Þinglesið á manntalsþingi að Auðkúlu 1/6 1885. Sk. Thoroddsen.

Borgun:

Þingl. 0,75

Bókun 0,25

1,00 – ein króna –

Borgað Sk. Th.



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS

Stapadalur í Arnarfirði í Auðkúluhreppi, án blaðsíðutals

N^o 14.

Landamerkjalysing Stapadals í Auðkúluhreppi (Samkv. lögum 17. Marz 1882).

Landamerki Stapadals í Auðkúluhreppi, kirkjujarðar frá Rafnseyri, eru þessi: Að utan milli Loðskinnhamra og Stapadals Bjargaá, að innan milli Álptamýrar og Stapadals Landamerkjasker, þaðan sjónhenda í Tóuhúsholt, og þaðan sjónhenda í hlíð. Til fjalla ræður vatnahalli merkjum.

Rafnseyri, 20. Júní 1884.

Þorsteinn Benediktsson prestur.

[á spássíu] Þinglesið á manntalsþing[i] að Auðkúlu 1./6. 1885 Sk. Thoroddsen

Borgun:

Þingl. 0,75

Bókun: 0,25

1,00 – ein króna –

Borgað Sk. Th.



Landamerkjaskrá jarðarinnar Rauðstaða í Auðkúluhreppi í Ísafjarðarsýslu.

Sturla Ólafsson, bóndi á Krossadal í Tálknafjarðarhreppi, eigandi ofan nefndrar jarðar að helmingi, Kristján Jónsson, óðalsbóndi á Sellátrum að 1/4 og Magnús Kristjánsson vinnumaður s.st. að 1/4

Gjöra kunnugt: að landamerki milli Rauðstaða og hjálleggjandi jarða, sem er Hjallkárseyri að utanverðu og Borg að innanverðu, eru þessi:

a, Að utanverðu er svonefnd Grjótreyri, eins og hún vísar til frá sjó, í uppeptir svo nefndu Grjótreyrargili á fjall upp milli Rauðstaða og Hjallkárseyrar, og

b, Að innanverðu er svo nefnd Hófá eða Hófsá í Rauðstaðafirði eptir miðju vatni hennar, eins og hún liggur frá sjó á fjall upp milli Rauðstaða og Borgar.

Að því okkur er kunnugt, eiga engar jarðir neitt ítak í Rauðstaðalandi og Rauðstaðir ekki í neinni annari jörð.

Ofanefndum landamerkjum lýsum við, eptir því sem kunnugast er, eignarskjölum fyrir jörðunni sem erfð okkar eptir föður og tengdaföður okkar, og hann eptir föður sinn samkvæmt kaupmálabréfi &c., sem hann hafði fyrir umræddri jörð, staðfestu með konungsúrskurði, dags. 27. Septbr. 1839.

Krossadal og Sellátrum, 29. dag Maím. 1884.

St. Ólafsson. (handsalað) Kr. Oddsson (handsalað) M. Kristjánsson (handsalað)
eigendur jarðarinnar Rauðstaða.

Hinsvegar skrifuðum landamerkjum erum við samþykkir.

Jón Gíslason (eigandi Borgar) Kristján Guðmundsson (eigandi 1/2 Borgar).

Þorsteinn Benediktsson (umboðsmaður Hjallkárseyrar).

[Á spássíu] Þinglýst á manntalsþingi að Auðkúlu 1/6 1885 Sk. Thoroddsen

Borgun:

Þingl. 0,75

Bókun: 0,25

1,00 – ein króna –

Borgað Sk. Th.



Neðri-Arnardalur við Skutulsfjörð í Eyrarhreppi, án blaðsíðutals

N^o 16.

Landamerkjalysing jarðarinnar Arnardals neðri í Eyrarhreppi.

Hér með kunngjörast landamerki jarðarinnar Arnardals neðri:

1, Milli Súðavíkur og Arnardals er svo kallaður Brúðarhamar (klettur, sem liggur í sjó fram) í Súðavík innan til við svo kallað Bjarg í fjallsbrún.

2, Milli Arnardals efri og Arnardals neðri er steinn stór við ána (Arnardalsá), sem kallast Murti, og er fremur Arnardals megin við ána fram á móti svo kölluðum Dýrahrygg. Þessi merki ná þar þvert upp og að svo kölluðum Brúnagötum uppi á brúnabörðunum þar langt fram göturnar og eptir svo kölluðum Langahjalla fram í dalbotn (eða svokallaða Skák), og að neðanverðu er svokallaður Langihryggur landamerki milli téðra jarða, og á neðri Arnardalur að Langahrygg fremur Arnardalsmegin við ána.

3, Milli Kirkjubóls og Arnardals neðri er merki svokallaður Stóri-Bás (innsti kletturinn af Stóru-Básum á Kirkjubólshlíð, og þar þvert upp í fjallsbrún.

Arnardal, 12. Júlí 1884.

Katarínus Sæmundsson Hjalti Sveinsson Súðavík

Jón Sigurðsson Jón Sæmundsson

Jón Halldórsson Kirkjubóli Guðjón Jónsson

Vér áður taldir vonum eptir, að þeir, er eiga land að okkar landi, hjálpi til að klöppuð verði nöfn á, þar sem steinar eru landamerki.

[á spássíu] Þinglesið á manntalsþingi í Hnífsdal 8/6 1885 Sk. Thoroddsen

Borgun:

Þingl. 0,75

Bók: 0,25

1,00 [-] ein króna –

Borgað Sk. Th.



Skarð í Ögurhreppi, án blaðsíðutals

N^o 17.

Landamerkjalyásing jarðarinnar Skarðs í Ögurhreppi.

Skarð, kirkjujörð frá Ögri 8,4 hndr., á land frá fjöru til fjalls milli Merkjälækar, sem fellur [ú]r Skarðsfjalli milli Skarðs og Hjalla, og Flata[s]teins við innanverða svonefnda Skriðu á [S]karðsströnd.

Ögri, 28. Ágúst 1883.

[J]akob Rosinkarsson (eigandi Ögurkirkju) Hjalti Sveinsson (eigandi Hjalla).

[á spássíu] Þinglýst á manntalsþingi að Ögri 10/6 1885 Sk. Thoroddsen.

Borgun:

Þingl. 0,75

Bók: 0,25

1,00 – ein króna –

Borgað Sk. Th.



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS

Ós í Bolungarvík í Hólshreppi, án blaðsíðutals

N^o 18.

Landamerkjalyking fyrir jörðunni Ósi í Hólshreppi innan Ísafjarðarsýslu.

Landamerki milli Óss og Hnífsdals eru: tindur sá, er Ari nefnist, að ofan, en Nöðrulækir að neðan, og milli Óss og Gils Núpskambur að ofan og merkisgarður að neðan framan til við Seljaholt.

Gjört að Ósi í Septembermánuði 1885.

Eigendur Óss:

Fyrir hönd Guðnýjar Guðmundsdóttur: Ólafur Gissursson.

Fyrir hönd Guðmundar Sturlusonar og sameigenda hans: Grímur Jónsson

Eigendur Hnífsdals:

Fyrir hönd Halldórs Jónssonar og Kristjönu Kjartansdóttur (bæði til heimilis í Hrauni):
Guðmundur Jónsson.

Kristján Kjartansson.

Sigríður Øssursdóttir

Eigandi Gils: Ólafur Gissursson

[á spássíu] Þinglýst á manntalsþingi að Hóli 28/5 1886 Sk. Thoroddsen.

Borgun:

Þingl. 0,75

Bók: 0,25

1,00 – ein króna –

Borgað Sk. Th.



Gil í Bolungarvík í Hólshreppi, án blaðsíðutals

N^o 19.

Landamerkjalyðing fyrir jörðunni Gili í Hólshrepp innan Ísafjarðarsýslu.

Landamerki milli Gils og Óss eru: Núp[s]kambur að ofan og merkisgarður að neðan framan til við Seljaholt; milli Gils og Hanhóls: Surtarbrandsá að ofan, en Gilsá að neðan, nema svokallaður Gilsoddi að Pirrapytt fylgir Gili eins og verið hefir.

Gjört að Gili í Septembermánuði 1885

Eigandi Gils: Ólafur Gissursson

Eigendur Óss:

Fyrir hönd Guðnýjar Guðmundsdóttur: Ólafur Gissursson

Fyrir hönd Guðmundar Sturlusonar og sameiganda hans: Grímur Jónsson

Eigendur Hanhóls:

Fyrir hönd Sigríðar Bjarnadóttur Ólafur Gissursson

Bárður Jónsson

Jóhann Bjarnason

Jóhann Jóhannsson

[á spássíu] Þinglýst á manntalsþingi að Hóli 28/5 1886. Sk. Thoroddsen.

Borgun:

Þingl. 0,75

Bók: 0,25

1,00 – ein króna –

Borgað Sk. Th.



Bakki í Hnífsdal í Eyrarhreppi, án blaðsíðutals

N^o 20.

Landamerkjalyásing fyrir jörðunni Bakka í Hnífsdal innan Eyrarhrepps.

Landamerki fyrir jörðina Bakka í Hnífsdal, sem er að dýrleika 6 hndr. að fornu mati: Milli Bakka og Fremri Hnífsdals er svokallaður Merkjælækur, en milli Bakka og Neðri Hnífsdals er áin til sjávar, en að innan eða sunnarverðu er Bakka-röndin að ofan, en að neðanverðu er gamall merkjagarður.

Í Bakka-landi á jörðin Búð í Hnífsdal slægjupart, er nefnist Lambhagapartur.

Eigandi: Þorvarður Sigurðsson

Kristjana Kjartansdóttir, eigandi Neðri Hnífsdals.

Halldór Jónsson, eigandi Hrauns.

Guðmundur Pálsson, eigandi Fremri Hnífsdals

Kristján Kjartansson Sigríður Øssursdóttir eigendur að Búð

[á spássíu] Þinglýst á manntalsþingi að Hnífsdal 29./5. 1886. Sk. Thoroddsen

Borgun:

Þingl. 0,75

Bók. 0,25

1,00 – ein króna –

Borgað Sk. Th.



Fremri-Hnífsdalur í Eyrarhreppi, án blaðsíðutals

N^o 21.

Skýrsla um landamerki á jörðunni Fremri Hnífsdal í Eyrarhrepp, sem er að dýrleika 12 hndr.
að f.m. (Samkvæmt lögum 17. Marz 1882).

Landareign hennar er frá Marksgili niður úr Lambaskál miðri og niður í merkjaskurð beint
niður í á að norðanverðu árinna, og svo dalinn fram á fremstu fjallabrúnir niður að Merkjalæk,
er liggur niður úr Þórishnúk að vestanverðu heilt niður í Hnífsdalsá.

Fremri Hnífsdal, 26. Maí 1886

Eigendur: Guðmundur Pálsson og Kristján Kjartansson

Þorvarður Sigurðsson, eigandi Bakka

Halldór Jónsson, eigandi Hrauns

Kristjana Kjartansdóttir, eigandi Neðri Hnífsdals

[á spássíu] Þinglýst á manntalsþingi að Hnífsdal 29./5. 1886 Sk. Thoroddsen

Borgun:

Þingl. 0,75

Bókun: 0,25

1,00 – ein króna –

Borgað Sk. Th.



Ögur í Ögursveit, án blaðsíðutals

N^o 22.

Úrdráttur úr vísitaziu Ólafs biskups Gíslasonar á kirkjunni á Øgri.

Anno 1749 þann 23. Augusti visiteruð kirkjan að Øgri. Hún á í föstu Strandsel 12 hndr., Skarð 8 hndr., Smiðjuvík á Ströndum í eyði. Þetta í ítökum: fjórða hvern sel í Þernuvík og fjórða hvern sel á Látrum, tollfrí skip í Hnífsdal fyrir áttæring og þaðan af minna, tvö tollver í Óshlíð fyrir tvö sexæringsskip, af hverjum kirkjan beheldur nú öðru, en annað er leyst fyrir 10 [rixdl²] Geldnauta afrétt í Fjalleyjar í Skötufjörð svo mörgum nautum, er sá á, er kirkju heldur. Í fríðu á hún 24 kúgildi, eptir hver prestinum uppber hálfar leigur árlega Bréf kirkjunnar - - - - -
- - - - -

Þessu til merkis eru vor undirskrifuð nöfn

Datum ut supra

Ólafur Gíslason. Erlendur Ólafsson

Guðmundur Eiríksson Eyjólfur Teitsson

Réttan úrdrátt úr kirkjubók Øgurkirkju staðfestir

Sigurður Stefánsson (sóknarprestur).

[á spássíu] Þinglýst á manntalsþingi að Øgri 7/6 1886 Sk. Thoroddsen.

Borgun:

Þingl. 0,75

Bók. 0,25

1,00 – ein króna –

Borgað Sk. Th.

Þinglýst á manntalsþingi [a]ð Hnífsdal 15/5 1888. Sk. Thoroddsen.

Borgun:

Þingl. 0,75

Bók: 0,25

1,00 – ein króna –

Borgað Sk. Th.



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS

Strandsel í Ögurhreppi, án blaðsíðutals

N^o 23.

Landamerki fyrir Strandsel í Ögurhreppi.

Milli Strandselja og Garðstaða skilur Tröllkonulækur frá sjó til fyrstu upptaka hans og þaðan eru merkin bein lína til efstu fjallsbrúna. Milli Strandselja og Blámýra skilur [L]ynghóll og þaðan beint upp í urðir í hlíðinni, og úr þeim sjónhending í krók, sem er á Laugardalsá; síðan skilur áin til fjöru.

Øgri, 24. September 1884.

Jakob Rósinkarsson (eigandi Strandselja og Garðsstaða)

Andrés Jóhannesson fullmektugur eiganda Bálmýra.

[á spássíu] Þinglýst á manntalsþingi að Øgri 7/6 1886. S. Thoroddsen

Borgun:

Þingl. 0,75

Bókun: 0,25

1,00 – ein króna –

Borgað Sk. Th.



Kleifarkot í Mjóafirði í Reykjarfjarðarhreppi, án blaðsíðutals

N^o 24.

Landamerkjalysing fyrir jörðunni Kleifarkoti í Reykjarfjarðarhreppi, eins og hún var samin af hlutaðeigendum 8. Júní 1886.

Frá sjó að austanverðu fjarðarins er Skeiðá uppí Skeiðárvatn, úr Skeiðarárvatni og uppí hæstu Alptaborgir, þaðan fram fjall, eins og vötnum hallar á báða vegi að Hvanngljúfragili, það ofaní Bessadalsá og hún til sjávar.

Þórður G. Bjarnason, eigandi háflendu og, ábúandi.

Evlalía Bjarnadóttir, eigandi háflendu.

Guðmundur Bjarnason, eigandi að Botni.

[á spássíu] Þinglýst á manntalsþingi að Reykjarfirði 8./6. 1886 Sk. Thoroddsen.

Borgun:

Þingl. 0,75

Bókun: 0,25

1,00 – ein króna –

Borgað Sk. Th.



Svansvík í Reykjarfjarðarhreppi, án blaðsíðutals

N^o 25.

Landamerkjalyýsing Vatnsfjarðarkirkjujarðar Svansvíkur í Reykjarfjarðarhreppi, ákveðin af tilkvöddum hlutaðeigendum í Ágústmánuði 1885.

Að norðvestanverðu Fjarðarbotnsá úr Reykjarfjarðarbotni í Svansvíkurvatn og Vatnshlíðarvatn, þá Torfalækur í Merkjavörðu fram og niður af Brúnklukkutjörn, þá lækjarsitra og sjónhending í merkjavörðu í austara Torfaskarði; þaðan út hæstu Vatnshlíð fyrir ofan Flókahvamm í vörðu, svo bein sjónhending í vörðuna á Breiðumýri. Á Reykjanesi skiptir garðurinn, sem liggur yfir nesið mestur fyrir utan Skipavíkur-löndum milli Svansvíkur og Reykjarfjarðar.

St. P. Stephensen (pr. í Vatnsf)

Kr. Kristjánsson fyrir hönd móður minnar, eiganda að hálfum Reykjarfirði.

[á spássíu] Þinglýst á manntalsþingi að Reykjarfirði 8./6. 1886 Sk. Thoroddsen

Borgun:

Þingl. 0,75

Bók. 0,25

1,00 – ein króna –

Borgað Sk. Th.



Þúfur í Reykjarfjarðarhreppi, án blaðsíðutals

N^o 26.

Landamerkjalysing Vatnsfjarðarkirkjujarðar Þúfna í Reykjarfjarðarhreppi, eins og hún var skrásett af tilkvöddum hlutaðeigendum 25. Maí 1886.

Að sunnanverðu Kistulágarlækur frá Ytra Selvatni, á meðan hann er greinilegur, í vörðu á brúninni og þaðan í vörðuna á syðsta Strokuhnjúk. Svo að austanverðu eins og vötnum hallar. Norðan hádegisvarða sjónhending í vörðu á svonefndri Mjódd, þaðan sjónhending bein ofan í Þúfnaá, sem er landamerki að vestan framan úr Ytra Selvatni.

St. P. Stephensen. Kr. Kristjánsson

Kr. Kristjánsson fyrir hönd móður minnar, eiganda að hálfum Reykjarfirði.

Steinn Bjarnason

Kr. Halldórsson.

[á spássíu] Þinglýst á manntalsþingi að Reykjarfirði 8./6. 1886 Sk. Thoroddsen

Borgun:

Þingl. 0,75

Borgun: 0,25

1,00 – ein króna –

Borgað Sk. Th.



Sveinhús í Reykjarfjarðarhreppi, án blaðsíðutals

N^o 27.

Landamerkjalysing Vatnsfjarðarkirkjujarðar Sveinhúsa í Reykjarfjarðarhreppi, eins og hún var ákveðin í Ágústmánuði 1885 af tilkvöddum hlutaðeigendum.

Að austanverðu Laufskálaeyri, þaðan í Vörðuteigavörðu, þá í vörðu á háhálsi, þaðan bein sjónhending í Norðurborgarhöfuð, þaðan fram eptir hæstu hálsbrún eins og vötnum hallar á báða vegu. Að sunnan og vestanverðu Gróa ofan í Þrívörður, þaðan sjónhending yfir stekkin í Stekkjarsundi í Þúfnaá, síðan áin, Sveinhúsavatn og Hópið til sjávar.

St. P. Stephensen Steinn Bjarnason

Kr. Kristjánsson fyrir hönd móður minnar, eiganda að hálfum Reykjarfirði.

Kr. Halldórsson.

[á spássíu] Þinglýst á manntalsþingi að Reykjarfirði 8/6 1886 Sk. Thoroddsen

Borgun:

Þingl. 0,75

Bókun: 0,25

1,00 – ein króna –

Borgað Sk. Th.



Hólshús í Reykjarfjarðarhreppi, án blaðsíðutals

N^o 28.

Landamerkjalyásing Vatnsfjarðarkirkjujarðar Hólshúsa í Reykjarfjarðarhreppi, eins og hún var ákveðin af tilkvöddum hlutaðeigendum 24. Maí 1886.

Að norðanverðu Gróa ofan í Þrívörður, [þ]aðan sjónhending yfir stekkin í Stekkjarsundi í Þúfnaá, að austanverðu hálsbrún, eins og vötnum hallar. Að sunnanverðu: hádegisvarða sjónhending í vörðu í svonefndri Mjódd, þaðan beint í Þúfnaá, sem er landamerki að vestan.

St. P. Stephensen. Kr. Kristjánsson.

Kr. Kristjánsson fyrir hönd móður minnar eiganda að hálfum Reykjarfirði.

Steinn Bjarnason

Kr. Halldórsson.

[á spássíu] Þinglesið á manntalsþingi að Reykjarfirði 8./6. 1886 Sk. Thoroddsen

Borgun:

Þingl. 0,75

Bókun: 0,25

1,00 – ein króna –

Borgað Sk. Th.



Vatnsfjörður við Ísafjarðardjúp, án blaðsíðutals

N^o 29.

Landamerkjalyfing prestssetursins Vatnsfjarðar, eins og hún var samþykkt af tilkvöddum hlutaðeigendum 24. Maí 1886.

Að austan- og sunnarverðu Hóp, Sveinhúsavatn og Þufnaá. Svo Stútlækur í Merkivörðu á Vatnsfjarðarhálsi. Þaðan út eptir hálsinum í vörðu við svo nefndan Gönguveg, þá út holtarendur og í Löngutjarnarlág, sem liggur vestanvert við háháls, og út og ofan Grenhjalla. Þá út Grenhjalla og ofan Svínahjalla-kleyf og í Svínahjallahöfuð og Selvíkurlæk, sem þaðan skiptir löndum til sjávar.

St. P. Stephensen (pr. Í Vatnsf.)

Guðm. Bjarnason

Gunnar Halldórsson Skálavík.

[á spássíu] Þinglýst á manntalsþingi að Reykjarfirði 8./6. 1886 Sk. Thorod[dsen]

Borgun:

Þingl. 0,7[5]

Bókun: 0,2[5]

1,00 – ein króna [–]

Borgað Sk. Th.



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS

Eyrar í Mjóafirði í Reykjarfjarðarhreppi, án blaðsíðutals

N^o 30.

Landamerkjalyásing Vatnsfjarðarkirkjujarðar Eyrar í Mjóafirði í Reykjarfjarðarhreppi,
samþykkt af viðkomendum.

Að sunnanverðu Heymýrarvarða á sjavarbakka, þaðan sjónhending bein í Fossvörðu á öðrum
Heymýrarhjalla, og eptir sömu stefnu í vörðu á brúninni, sem sést frá sjó. Þá sama stefna í
hálfjall. Þaðan út eptir fjallinu, eins og vötnum hallar í báða vegu að upptökum Gljúfrár, og hún
þaðan til sjávar.

Gjört í Ágústmánuði 1885.

St. P. Stephensen. (Vatnsfj. prestur) Helgi Einarsson Ásgeir Kristjánsson

Jón Sigurðsson

Eigendur og ábúendur að Látrum.

[á spássíu] Þinglýst á manntalsþingi [a]ð Reykjarfirði 8./6. 1886 Sk. Thoroddsen

Borgun:

Þingl. 0,75

Bók. 0,25

1,00 – ein króna –

Borgað Sk. Th.



Vatnsfjarðarsel í Reykjarfjarðarhreppi, án blaðsíðutals

N^o 31.

Landamerkjalyking Vatnsfjarðarkirkjujarðar Vatnsfjarðarsels í Reykjarfjarðarhreppi, einsog hún var samin af tilkvöddum hlutaðeigendum í Ágústmánuði 1885.

Að vestanverðu Heiðarlækur frá Fremra-Selvatni niður af Fremri-Grjóthól, þaðan í Smalaskála beina sjónhending í Yzta-Gufudalsmúlahöfuð. Þaðan út fyrir ofan Múlahvolf og Mjóudali úti Kistulágarlæk, svo hann í Ytra-Selvatn. Að neðanverðu vatnshornið og Stóri steinninn á Kelduhjalla, þá Háhæð í Miðaptansvörðu og svo eptir merkjavörðum í Karlmannaá, þar sem hún rennur úr Fremra-Selvatni.

St. P Stephensen (pr. í Vatnsf.)

Kr. Kristjánsson

Kr. Kristjánsson fyrir hönd móður minnar, eiganda að hálfum Reykjarfirði.

Guðni Jónsson

G. Halldórsson.

[á spássíu] Þinglýst á manntalsþing[i] að Reykjarfirði 8./6. 1886 Sk. Thoroddsen

Borgun:

Þingl. 0,75

Bókun: 0,25

1,00 – ein króna –

Borgað Sk. Th.



Skörð í Reykjarfjarðarhreppi, án blaðsíðutals

N^o 32.

Landamerkjalyýsing Vatnsfjarðarkirkjulands Skarðanna í Reykjarfjarðarhreppi, einsog hún var samin af tilkvöddum hlutaðeigendum í Ágústmánuði 1885.

Að norðanverðu Lynghólmur í Neðra-Selvatni, þaðan sjónhending í Smjörlæg, úr Smjörlæg aptur sjónhending í vörðu norðaustanvert við Haugamýri, þaðan beina sjónhending í vörðu á hæstu Keldubrún, og þá fram sem vötnum hallar eptir hálsinum í vestari enda á Kelduhjalla, þá Kelduhjallarönd og í stóra steininn (Grástein) á Kelduhjalla, þaðan í fremra Neðra-vatnshornið.

St. P. Stephensen (pr. í Vatnsfirði) Gunnar Halldórsson (umráðamaður Keldu)

[á spássíu] Þinglýst á manntalsþingi að Reykjarfirði 8./6. 1885. Sk. Thoroddsen.

Borgun:

Þingl: 0,75

Bókun: 0,25

1,00 – ein króna –

Borgað Sk. Th.



Miðhús í Reykjarfjarðarhreppi, án blaðsíðutals

N^o 33.

Landamerkjalyásing Vatnsfjarðarkirkjujarðar Miðhúsa í Reykjarfjarðarhreppi, eins og hún var ákveðin af tilkvöddum hlutaðeigendum 24. Maí 1886.

Lynghólmur í Neðra-Selvatni og þaðan bein sjónhending í Smjörlæg. Úr Smjörlæg aptur sjónhending á vörðu norðaustanvert við Haugamýri. Þaðan út holtröndina eptir Þúfna-rima milli Stararvatna, svo sjónhending í stóra steininn á Staravatnshálsi, frá honum beint eptir Hvassahnjúk norðaustanvert við Marhnútavatn. Þaðan út austari Merkilágarbakka, eins og merkisteinar vísa upp af Stútlæk, og svo Stútlækur í Þúfnaá.

St. P. Stephensen (pr. í Vatnsf.)

Guðm. Bjarnason

Gunnar Halldórsson Skálavík

[á spássíu] Þinglýst á manntalsþingi að Reykjarfirði 8./6. 1886 Sk. Thoroddsen

Borgun:

Þingl. 0,75

Bókun: 0,25

1,00 – ein króna –

Borgað Sk. Th.



Skálavík í Reykjarfjarðarhreppi, án blaðsíðutals

N^o 34.

Landamerkjalyásing fyrir jörðunni Skálavík í Reykjarfjarðarhreppi.

Að sunnanverðu landamerkjalækur upp á brún, þaðan Skálavíkurslakki í vörðu austanvert við Haugamýri, þaðan úr holtröndina og eptir þúfnarima milli Staravatns og þaðan beina sjónhending í stóran stein á hæsta Staravatnshálsi, og frá honum beint í Hvassahnúk norðaustanvert við Marhnútavatn og þaðan út Eystri-Merkjalágarbakka, einsog merkjasteinar vísa, í merkjavörðu við veginn á há-Vatnsfjarðarhálsi, þá út holtarendur í vörðu við Gönguveginn, þaðan út beint í Löngu-Lág með tjörnum og hún út vestanvert við háháls og ofan á Grenhjalla, svo út hann að Svínahjallakleif í Svínahjallavörðu, og þaðan beint í Svínahjallahöfuð og Selvíkurlæk og hann til sjávar.

St. P. Stephensen Gunnar Halldórsson Skálavík

Skálavík, 24. Maí 1886.

Guðmundur Bárðarson eigandi Keldu.

[á spássíu] Þinglýst á manntalsþin[gi] að Reykjar5firði 8./6. 188[6] Sk. Thorodds[en]

Borgun:

Þingl. 0,75

Bókun: 0,25

1,00 – ein króna –

Borgað Sk. Th.



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS

Kelda í Reykjarfjarðarhreppi, án blaðsíðutals

N^o 35.

Landamerkjalysing fyrir jörðunni Keldu í Reykjarfjarðarhreppi.

Að sunnanverðu Kallmannaá uppað Fremra-Selvatni, þaðan eins og merkjavörður vísa úti Náttmálavörðu og Grástein á Kelduhjalla, svo Kelduhjalli ofan á brún fyrir neðan Skarðaland og þar út Keldubrún að Skálavíkurslakka, og þaðan niður til sjáv[a]r eptir landamerkjalæk.

Skálavík, 10. September 1885.

Gunnar Halldórsson ábúandi

St. P. Stephensen pr. í Vatnsf.

Guðmundur Bárðarson

[á spássíu] Þinglýst á [m]anntalsþingi [a]ð Reykjarfirði 8./6. 1886 Sk. Thoroddsen

Borgun:

Þingl. 0,75

Bókun 0,25

1,00 – ein króna –

Borgað Sk. Th.



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS

Botn í Mjóafirði í Reykjarfjarðarhreppi, án blaðsíðutals

N^o 36.

Landamerkjalyásing fyrir jörðunni Botni í Reykjarfjarðarhreppi.

Að norðanverðu frá sjó Raptalág og frá henni sem vötnum hallar á báða vegi fram eptir Botnsfjalli uppí Glámujökul, svo fyrir öll daladrög suður fyrir Bessadal, þaðan fyrir sunnan Bessadal, sem vötnum hallar á báða vegi, eptir fjallinu úteptir að Hvannagljúfragili og eptir því í Bessadalsá og hún til sjávar.

Botni, 20. Nóvember 1885.

Guðm. Bjarnason og Níels Jónsson eigendur að Botni.

Þórður Bjarnason meðeigandi Kleifakots Sæmundur Gíslason meðeigandi Galtarhryggs.

[á spássíu] Þinglýst á manntalsþingi að Reykjarfirði 8./6. 1886. Sk. Thoroddsen.

Borgun:

Þingl. 0,75

Bókun: 0,25

1,00 – ein króna –

Borgað Sk. Th.



Hörgshlíð í Reykjarfjarðarhreppi, án blaðsíðutals

N^o 37.

Landamerkjabréf fyrir jörðunni Hörgshlíð, liggjandi í Reykjarfjarðarhreppi innan
Ísafjarðarsýslu.

Hérmeð lýsum vér undirskrifaðir landamerkjum á ofan nefndri jörðu:

- 1, Að utanverðu í svokallaða Hundapúfu, sem er á ytri enda á svonefndum Gufudalsmúla, og beina línu í Smalaskála, og úr Smalaskála beina línu í Fremri Grjóthól, svo úr Grjóthól í svonefndan Heiðarlæk, er rennur í Selvatn, úr Selvatni eptir því sem Karlmanaá vísar til sjóar.
- 2, Að ofanverðu úr fyrnefndri Hundapúfu, beina línu fram í ytri enda á svonefndu Langavatni, úr ytri enda á Langavatni í svonefndar Álptaborgir, þær hæstu sem halli vísar frá á báða vegi.
- 3, Að framanverðu úr fyrnefndum Álptaborgum og beina línu í fremri enda á svonefndu Skeiðárvatni, og úr Skeiðárvatni eptir því sem Skeiðá vísar til sjóar.

Runólfur Jónsson Eyrar eigandi Hjalti Sveinsson meðeigandi í Hörgshlíð
Guðmundur Bárðarson St. P. Stephensen Vatnsf. pr.
Þórarinn Þórarinsson og Guðm. Bjarnason meðeigendur Hörgshlíðar
Þórður Bjarnason

[á spássíu] Þinglýst á manntalsþingi að Reykjarfirði 8./6. 1886. Sk. Thoroddsen

Borgun:

Þingl. 0,75

Bók: 0,25

1,00 – ein króna –

Borgað Sk. Th.



Látrar í Reykjarfjarðarhreppi, án blaðsíðutals

N^o 38.

Landamerkjalyýsing fyrir jörðunni Látrum í Reykjarfjarðarhreppi innan Ísafjarðarsýslu.

Að norðanverðu innstu Klettaborgir á Digranesi, þaðan beina sjónhendingu í merkjavörðu á Gerðahöggum, þá fram Gerðabrún í Merkjavörðu, þaðan niður fyrir framan Gerðar í Grástein og Hjarðardalsá, þá Hjarðardalsá fram fyrir Þernuvíkurselróur, þá vestur Háholt einsog merkjavörður vísa í Eiríksstaðabrún, þá fram einsog vötnum hallar í báða vegi að upptökum Gljúfrár og hún til sjávar.

Gjört að Reykjarfirði, 8. Júní 1886.

Helgi Einarsson Ásgeir Kristjánsson

Jón Sigurðarson Sigurður Halldórsson

St. P. Stephensen G. Halldórsson

[á spássíu] Þinglýst á manntalsþingi að Reykjarfirði 8./6. 1886. Sk. Thoroddsen

Borgun:

Þingl. 0,75

Bókun: 0,25

1,00 – ein króna –

Borgað Sk. Th.



Reykjarfjörður í Reykjarfjarðarhreppi, án blaðsíðutals

N^o 39.

Landamerkjalysing Reykjarfjarðar í Reykjarfjarðarhreppi, eins og hún var ákveðin af tilkvöddum hlutaðeigendum í Ágústmánuði 1885.

Að norðanverðu Laufskálaeyri, þaðan í Vörðuteigavörðu, þá í vörðu á háhálsi, þaðan beina sjónhending í Norðurborgarhöfuð, þaðan fram eptir hæstu hálsbrún, eins og vötnum hallar á báða vegu fram hálsinn sjónhending eptir vörðum í Þúfnaskörðum, þaðan eptir brúninni um Strokuhnúka fram í Gufudalsmúla, eptir honum sem vötnum hallar fyrir Vestara-Torfaskarð, þá eptir Torfahrygg fyrir dalbotninn í Austara-Torfaskarðs-vörðu, sjónhending frá henni í merkjavörðu fram og niður af Brúnklukku tjörn við Torfalækinn, hann ofan í Vatnshlíðarvatn, þá áin úr Vatnshlíðarvatni í Svansvíkurvatn, þaðan áin ofan í Reykjarfjarðarhorn, þá Reykjanes allt frá garðinum, sem liggur yfir nesið næstur fyrir utan Skipavíkur úti Reykjanestanga.

Kr. Kristjánsson fyrir hönd móður minnar, eiganda að hálfum Reykjarfirði

St. P Stephensen (pr. í Vatnsf.)

Fyrir hönd Gísla Bjarnasonar í Ármúla: G. Halldórsson

[á spássíu] Þinglýst á manntalsþingi að Reykjarfirði 8./6. 1886. Sk. Thoroddsen

Borgun:

Þingl. 0,75

Bókun: 0,25

1,00 – ein króna –

Borgað Sk. Th.



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS

Galtarhryggur í Mjóafirði í Reykjarfjarðarhreppi, án blaðsíðutals

N^o 40.

Landamerkjalyýsing fyrir jörðunni Galtarhrygg í Reykjarfjarðarhreppi.

Að norðanverðu frá sjó Heydalsá fram [a]ð Þverá, hún uppá hæsta Botnsfjall og þá út hæsta fjallið, eins og vötnum hallar á báða vegi, að Raptalág, og hún til sjóar.

Galtarhrygg, 20. Nóvember 1885.

Sæmundur Gíslason. eigandi og ábúandi

Guðm. Bjarnason og Níels Jónsson eigendur að Botni.

Runólfur Jónsson eigandi og ábúandi í Heydal.

[á spássíu] Þinglýst á manntalsþingi að Reykjarfirði 8./6. 1886. Sk. Thoroddsen.

Borgun:

Þingl. 0,75

Bókun: 0,25

1,00 – ein króna –

Borgað Sk. Th.



Hokinsdalur í Arnarfirði í Auðkúluhreppi, án blaðsíðutals

N^o 41.

Landamerkjalysing jarðarinnar Hokinsdals í Auðkúluhreppi.

Landamerki milli jarðarinnar Hokinsdals, liggjandi í Rafnseyrarsókn í Ísafjarðarsýslu, og jarðarinnar Steinaness, liggjandi í Otrardalssókn í Barðastrandarsýslu, er klettagjóta vestan til við Langanesið, sem er svo kölluð Axargjóta, og skilur hún löndin milli fyrnefndra jarða; en ef reki af sjó kynni til að falla frá fyr nefndri Axargjótu og úti svokallaðan Geirmóð að vestanverðu, þá er samþykkt af undirskrifuðum eigendum, að báðar jarðir fyrnefndar eigi jafnt hlutfall úr honum. – Hér staðfestum við með undirskrifuðum nöfnum okkar.

Eigandi Steinaness: Jóhannes Hjaltason.

Eigendur Hokinsdals: Þorleifur Jónsson Sigurður Jónsson Jón Jónsson.

Hokinsdal, 15. Jan. 1885

Landamerki milli jarðarinnar Hokinsdals og Laugabóls, báðar liggjandi í Rafnseyrarsókn í Ísafjarðarsýslu, er klettur innan til við Brimsnesið, sem er svo kallaður Biskupsklettur, og beina sjónhendingu uppí klettagjótu, sem þar er beint upp af, og er svokölluð innri Skarðagjóta. – Hér til staðfestu undirskrifum við okkur eigendur.

Hokinsdal, 18. Marz 1886.

Eigendur Laugabóls: Bjarni Bjarnason Elías Jónsson Friðrik Jónsson

Eigendur Hokinsdals: Þorleifur Jónsson Sigurður Jónsson Jón Jónsson

[á spássíu] Þinglýst á manntalsþingi að Auðkúlu 5./7. 1886. Sk. Thoroddsen



Haukadalur í Dýrafirði í Meðaldalsþinghá, án blaðsíðutals

N^o 42.

Landamerkjaskrá fyrir jörðina Haukadal í Meðaldalsþinghá í Ísafjarðarsýslu.

Øllum mönnum, er þetta bréf sjá eður heyra, kunngjörist hérmeð, að eptir því sem gamlir og gagnkunnugir menn hafa frá skýrt, eru eptirfylgjandi landamerki jarðarinnar Haukadals í Meðaldalsþinghá: Að utanverðu frá Fellsrönd niður eptir Ytri-Merkishrygg um svokallað Tóuhús í Sveinseyrarármynni. Að innan ræður Merkishryggur beint í sjó niður í nes það, er liggur utanvert við Helluvík. Innan þessara takmarka á Haukadalur land allt milli fjalls og fjöru fram í fremstu daladrög.

Haukadal, 3. Júlí 1886.

Eggert Magnússon. Ólafur Jónsson. Jón Ólafsson. Jón Hákonarson

Sem eigendur að jörðunum Meðaldal og Sveinseyri höfum vér ekkert á móti þessari merkjaskrá

Sigríður Benóníardóttir. Guðný Halldórsdóttir.

[á spássíu] Þinglýst á manntalsþingi að Meðaldal 6/7. 1886. Sk. Thoroddsen.

Borgun:

Þingl. 0,75

Bókun: 0,25

1,00 – ein króna –

Borgað Sk. Th.



Hof í Meðaldalsþinghá, án blaðsíðutals

N^o 43.

Landamerkjaskrá fyrir jörðina Hof í Meðaldalsþinghá í Ísafjarðarsýslu.

Øllum þeim mönnum, sem þetta bréf sjá eða heyra, kunngjörist hérmeð, að eptir því sem elztu menn kunnugir hafa frá skýrt, þá eru þessi landamerki jarðarinnar Hofs í Dýrafirði í Meðaldalsþinghá: Að framanverðu milli Hofs og Kirkjubóls eru merkin í Göngudalsá, en milli Hofs og Múla eru merkin af öllum sögð úr fremra Bakkahorni, þar sem það er hæst, og ofan í Gulukeldu á ennum, en úr Keldunni á að vera sjónhending yfir mýrina og beint í Grenihjallagils-kjaptinn niðri við ána, sem er Kirkjubólsmegin, og eru þá merkin í beinni línu undan hæsta fjallinu og ofan í á. Um þessi merki hefir verið nokkur vafi nú á síðustu árum, en eptir sögn trúverðugra gamalla manna, þá eru þetta sögð hin gömlu merki. Þeim sem eiga lönd sín móts við þessa eignarjörð mína, gefst því kostur á að mótmæla þessari merkjaskrá og sýna rök fyr[ir] mótmælum sínum, eða að öðrum kosti samþykkja þessi landamerki.

Mýrum í Dýrafirði, þ. 25. Martsm. 1886.

Guðný Guðmundsdóttir.

Sem eigendur að Kirkjubóli höfum við ekkert hér útá að setja.

Kári Bjarnason (handsalað) Eggert Magnússon

Fyrir kirkjujörðina Múla er jeg framanritaðri merkjaskrá með öllu samþykkur.

Kristinn Danielsson prestur að Söndum.

[á spássíu] Þinglýst á manntalsþingi að Meðaldal 6./7. 1886 Sk. Thoroddsen

Borgun:

Þingl. 0,75

Bókun 0,25

1,00 – ein krona –

Borgað Sk. Th.



Hraun í Keldudal og Saurar í Meðaldalsþinghá, án blaðsíðutals

N^o 44.

Landamerkjaskrá fyrir jörðunni Hrauni í Keldudal með kirkjujörðunni Saurum í
Meðaldalsþinghá í Ísafjarðarsýslu.

Öllum þeim mönnum sem þetta bréf sjá eða heyra, kunnngjörist hérmeð, að þessi eru landamerki Hrauns í Keldudal: Að utanverðu eru merkin í vatnsbunu á, er fellur fram úr berginu innan til í ófærunefinu á ytri Hlíð og þaðan beina sjónhending á brún upp, en hið innra milli Hrauns og Skálarár eru merkin í Sporstein, þaðan í Oddnýjartópt, en úr henni sjónhending í Hundshornsgjótu. Milli Arnarnúps og Hrauns skiptir áin landi jarðanna með þeirri athugasemd, að hóll sá, sem húsin standa á, innan til við árkjaptinn niðri við sjóinn hefir fyrir nokkrum tíma verið fyrir utan ána og þannig legið í Hrauns landi, og tilheyrir því Hrauns landi enn Hóll þessi er enn í dag kallaður „Hólmi“. – Kirkjan í Hrauni á skóg á Kleifum í Dýrafirði og reka hálfan í Keflavík.

Þessi eru landamerki á Saurum; Að utanverðu milli Saura og Skálarár skilur Svarðarholt og þaðan sjónhending í merkisstein í Hvylftarbrekkum, en þaðan beina sjónhending á fjallsbrún upp. Þaðan liggur land jarðarinnar fram eptir dalnum, svo sem áin ræður, og beina sjónhending í Hálfánargjá. Hinar svonefndu Staðareyrar, sem eru nú Arnarnúpsmegin við ána, hafa verið í Sauralandi, eins og glöggur og gamall árfarvegur sýnir. Þær eyrar hafa á seinni tímum legið undir Hraun, og eiga að fylgja þeirri jörð hér eptir.

Hrauni í Keldudal þann 20. Maí 1886

B. Bjarnason sem meðeigandi Hrauns og eigandi Skálarár Aðalsteinn Pálsson
Rósinkranz Kjartansson.

Sem eigendur að Arnarnúpi höfum við ekkert út á merkjaskrá þess að setja.

Guðmundur Guðmundsson. Gísli Oddsson

Guðmundur Eggertsson

Sem eigandi að Höfn hefi ég ekkert út á merkjaskrá þessa að setja.

Jón Ólafsson.

[á spássíu] Þinglýst á manntalsþingi að Meðaldal 6./7. 1886 Sk. Thoroddsen.

Borgun:

Þingl. 0,75

Bókun: 0,25

1,00 – ein króna –

Borgað Sk. Th.



Hólar í Meðaldalsþinghá, án blaðsíðutals

N^o 45.

Landamerkjaskrá fyrir jörðina Hóla í Meðaldalsþinghá í Ísafjarðarsýslu.

Øllum mönnum, er þetta bréf sjá eða heyra, kunngjörist hérmeð, að eptir því sem gamlir og gagnkunnugir menn hafa frá skýrt, þá eru þessi landamerki jarðarinnar Hóla í Meðaldalsþinghá: Að utan Ytri-Þussaskálarönd beina stefnu niður í Litla-Gildrunes, að innan Sandaá, að framan Illagil beina stefnu í Kirkjubólsá.

Innan þessara takmarka eiga Hólar land allt frá efstu fjallsbrúnum til fjöru.

Hólum, 1. Julí 1886.

Þorvaldur Ingimundarson

Sem eigendur að jörðunum Meðaldal og Kirkjubóli höfum vér ekkert að merkjaskrá þessari að finna.

Guðmundur Guðbrandsson

Eggert Magnússon

Sigríður Benófiardóttir

Kári Bjarnason

Mótmælt af síra Kristinn Daníelssymi fyrir hönd kirkjujarðarinnar Sanda.

d.n.s.

Skuli Thoroddsen (L. S.)

[á spássíu] Þinglýst á manntalsþingi að Meðaldal 6/7. 1887 Sk. Thoroddsen

Borgun:

Þingl. 0,75

Bók: 0,25

1,00 – ein króna –

Borgað Sk. Th.



Meðaldalur í Meðaldalsþinghá, án blaðsíðutals

N^o 46.

Landamerkjaskrá fyrir jörðina Meðaldal í Meðaldalsþinghá í Ísafjarðarsýslu

Øllum mönnum, er þetta bréf sjá eður heyra, kunngjörist hérmeð, að eptir því sem gamlir og gagnkunnugir menn hafa frá skýrt, þá eru þessi landamerki jarðarinnar Meðaldals í Meðaldalsþinghá: Að utanverðu Merkishryggur beint í sjó niður í nes það, er gengur fram utanvert við Helluvík; að innan ytri Þussaskálarönd beina sjónhending niður í Litla-Gildrunes. Innan þessara takmarka á Meðaldalur land allt milli fjalls og fjöru fram í fremstu [d]aladrög. Þess skal og getið, að jörðin Meðaldalur á skógarhögg í Botnsskógi í svokölluðum Meðaldalsteig.

Meðaldal, 3. Júlí 1886.

Guðný Halldórsdóttir. Kristján Andresson

Sigríður Benóníardóttir. G. Guðbrandsson

Sem eigendur að jörðunum Haukasal og Hólum höfum vér ekkert á móti þessari merkjaskrá.

Eggert Magnússon. Ólafur Jónsson Þorvaldur Ingimundsson

[á spássíu] Þinglýst á manntalsþingi að Meðaldal 6./7. 1886. Sk. Thoroddsen

Borgun:

Þingl. 0,75

Bókun: 0,25

1,00 – ein króna –

Borgað Sk. Th



Brekka í Dýrafirði í Meðaldalsþinghá, án blaðsíðutals

N^o 47.

Landamerkjaskrá fyrir jörðina Brekku í Meðaldalsþinghá í Ísafjarðarsýslu.

Landamerki jarðarinnar Brekku í Þingeyrarhreppi eru þau, er nú greinir: Milli Granda og Brekku eru merkin milli veitupartanna í Þúfu, er stendur á eyrinni fyrir framan Grandakvína og úr henni upp og út á snið fyrir neðan alla brekkuna allt út í Reiðlág. Úr láginni eru merkin út eptir Árdala-brúnum allt út að svonefndum Granagarði, og ræður þá stefna hans upp á brún, þangað er Brekka á land til móts við Hvammsland En þar eð Grænigarður getur innan skamms horfið með öllu, þá mun eg láta reisa vörður, er framvegis skulu sýna merkin. Að framan á Brekka Brekkudal allan niður að Grásteini sunnanvert og neðanvert á dalnum, og úr honum sjónhending í Grandahorn hæst.

Brekka á skógarítak í svonefndum Brekkuteig í Botnslandi.

Brekku í Dýrafirði, 6. Júlí 1886.

Jens Guðmundsson.

Þessari landamerkjaskrá er ég samþykkur

Kristinn Daníelsson prestur að Söndum

Jón Ólafsson

Kristján Jónsson

Kristján Jónsson

Kristján Einarsson

Einar Magnússon

[á spássíu] Þinglýst að manntalsþingi að Meðaldal 6./7. 1886. Sk. Thoroddsen.

Borgun:

Þingl. 0,75

Bókun: 0,25

1,00 – ein króna –

Borgað Sk. Th.



Landamerkjaskrá fyrir jörðunni Neðri- Hjarðardal í Mýra-þinghá í Ísafjarðarsýslu.

Øllum þeim mönnum, er þetta bréf sjá eður heyra, kunngjörist hérmeð, að þessi eru landamerki jarðarinnar Neðri-Hjarðardals í Mýra-þinghá í Dýrafirði: Að utanverðu milli Gemlufalls og Hjarðardals eru merkin í svonefndan Grafaldalæk, eins og hann rennur frá fjalli til fjöru. Að innanverðu milli Höfða og Hjarðardals ræður Hjarðardalsá allt neðan frá sjó og fram að fremra Fannargili; þar fyrir framan á Hjarðardalur dalinn allan beggja megin árinna. – En milli Fremri- og Neðri-Hjarðardals eru merkin þannig rituð í landamerkjabréfi frá 1461, að „Fremri-Hjarðardalur á land milli Skolladalsár og Hjarðardalslækjar“, sá lækur er núnefndur Marklækur og sprettur upp undan ytri hryggnum, og rennur þaðan ofan í ána utan til við ytri hrygginn. – Báðar jarðirnar hafa sambeitt á dalnum allstaðar þar sem ekki er slægjuland, en lyngrif eða hrísrif má hvorugur ábúandinn – Fremri- eða Neðri-Hjarðardals – brúka fyrir framan Skolladalsá, nema eptir tiltölu að ábúðarhundraðatölu, eptir því sem hver setur á. En ef við, sem nú lifum, eða aðrir leyfum frekara en hér er ákveðið, þá breytir það í engu þeim réttu landamerkjum, sem hér að framan eru rituð.

Neðri-Hjarðardal, þann 24. Apríl 1886.

Þuríður Guðmundsdóttir (handsalað)

Sveinn Jónsson (handsalað)

Guðmundur Guðmundsson (handsalað)

Sveinn Guðmundsson (handsalað)

Hermann Jónsson (handsalað)

Sem eigendur að Gemlufalli erum við samþykkt:

Kristjana Þorsteinsdóttir

Jens Guðmundsson

Sem eigendur að Höfða samþykkjum við skrá þessa.

Jens Guðmundsson.

Benedikt Oddsson

Guðrún Guðmundsdóttir.

Guðmundur Þórarinsson

[á spássíu] Þinglýst á manntalsþingi að Mýrum 7./7. 1886. Sk. Thoroddsen.

Borgun:

Þingl. 0,75

Bókun: 0,25

1,00 – ein króna –

Borgað Sk.Th.



Fremri-Hjarðardalur í Dýrafirði í Mýraþinghá, án blaðsíðutals

N^o 49.

Landamerkjabréf fyrir jörðunni Fremri-Hjarðardal í Mýra-þinghá í Ísafjarðarsýslu.

Það gjörist hérmeð kunnugt öllum þeim, sem þetta bréf sjá eða heyra, að landamerki jarðarinnar Fremri-Hjarðardals í Mýra-þinghá í Dýrafirði eru, eptir því sem menn vita réttast og eptir því sem ábúendur nefndrar jarðar notað hafa átölulaust frá ómunatíð: að neðanverðu lækur, sem greint er frá landamerkjabréfi Neðri-Hjarðardals, að framanverðu Skolladalsá, sem fellur úr litlu dalverpi uppi í fjallinu og heitir Skolladalur, í á, er rennur eptir endilöngum dalnum. Milli þessara merkja ráða fjöll uppi, en langáin niðri.

Auk þessa á jörðin að jöfnu hlutfalli við Neðri-Hjarðardal eptir dýrleika beggja jarðanna dal þann, sem liggur frá Skolladasá frameptir, eptir því sem fjöll segja uppi, en langáin niðri ekki allt til Fremra-Fannargils og það frá báðum megin árinna fram á fjöll að frá skildi slægjulandi í svo kölluðum Engilágum.

Þessu til staðfestu eru undirrituð nöfn okkar.

Hjarðardal, 13. Júní 1886

Guðrún Guðmundsdóttir B. Oddson

Guðmundur Þórarinsson

Þuríður Guðmundsdóttir. Hermann Jónsson

Sveinn Þorsteinn Jónsson.

Eigendur Neðri-Hjarðardals.

[á spássíu] Þinglýst á manntalsþingi að Mýrum 7./7. 1886.

Sk. Thoroddsen.

Borgun:

Þingl. 0,75

Bókun: 0,25

1,00 – ein króna –

Borgað Sk.Th.



Gemlufall í Dýrafirði í Mýrahreppi, án blaðsíðutals

N^o 50.

Landamerkjaskrá fyrir jörðina Gemlufall í Mýrahreppi í Ísafjarðarsýslu.

Landamerki jarðarinnar Gemlufalls í Mýrahreppi eru þau, sem nú greinir: Að utanverðu ræður Gemlufallsá fram Gemlufallsdal fram að Litladalsá, og eptir það ræður sú á til fjalls. Að innan á Gemlufall að svo nefndum Grafandislæk, sem ræður merkjum frá fjalli til fjöru.

Brekku í Dýrafirði, 27. Júní 1885

Jens Guðmundsson eigandi að $\frac{3}{4}$ af Gemlufalli

Kristiana Guðmundsdóttir eigandi að fjórða parti

Guðrún Jónsdóttir eigandi að Lækjarósi og Mýrum að framanverðu.

Eigendur Neðri-Hjarðardals eru þessir, sem eiga land að Grafandislæk:

Sveinn Guðmundsson Sveinn Jónsson

Puríður Guðmundsdóttir Hermann Jónsson

Guðmundur Guðmundsson

[á spássíu] Þinglýst á manntalsþingi að Mýrum 7./7. 1887 Sk. Thoroddsen.

Borgun:

Þingl. 0,75

Bókun: 0,25

1,00 – ein króna –

Borgað Sk.Th.



Birnustaðir við Dýrafjörð í Mýrahreppi, án blaðsíðutals

N^o 51.

Landamerkjabréf fyrir jörðunni Birnustöðum í Mýrahreppi í Ísafjarðarsýslu.

Landamerki fyrir jörðunni Birnustöðum norðan fram við Dýrafjörð í Vestur Ísafjarðarsýslu eru þannig: Að utanverðu milli Birnustaða og Skaga er svo kallað Seljagil og bein sjónhending í fjallsbrún upp og að innanverðu milli Arnarnes og Birnustaða er ytri Vogakambur og bein sjónhending í fjall upp.

Þessu til staðfestu eru nöfn okkar.

Mýrum, 7. dag Júlím. 1886.

Guðný Guðmundsdóttir Guðrún Jónsdóttir

Halldóra Þórarinsdóttir Gils Þórarinsson

Guðbrandur Jónsson. Gísli Torfason Búi Jónsson

eigendur að Arnarnesi á Skaga.

[á spássíu] Þinglýst á manntalsþingi að Mýrum 7./7. 1886. Sk. Thoroddsen.

Borgun:

Þingl. 0,75

Bókun: 0,25

1,00 – ein króna –

Borgað Sk.Th.



Birnustaðir við Dýrafjörð í Mýrahreppi, án blaðsíðutals

N^o 52.

Landamerkjaskrá fyrir jörðunni Birnustöðum í Mýrahreppi í Ísafjarðarsýslu.

Við undirskrifaðir eigendur jarðanna Birnustaða og Arnarnes gjörum kunnugt: að landamerki milli Arnarnes og Birnustaða er Ytri Vogakambur og sjónhending beint í fjall upp.

Þessu til staðfestu eru nöfn okkar.

Mýrum, 7. dag Júlím. 1886.

Gísli Þórarinsson eigandi í Arnarnesi

Halldóra Þórarinsdóttir eigandi í Arnarnesi

Gísli Torfason eigandi í Arnarnesi

Guðrún Jónsdóttir eigandi í Birnustöðum

Guðný Guðmundsdóttir eigandi í Birnustöðum

Guðbrandur Jónsson eigandi í Birnustöðum

[á spássíu] Þinglýst á manntalsþingi að Mýrum 7./7. 1886. Sk. Thoroddsen.

Borgun:

Þingl. 0,75

Bók: 0,25

1,00 – ein króna –

Borgað Sk. Th.



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS

Smiðjuvík á Ströndum í Grunnavíkurhrepp, án blaðsíðutals

N^o 53.

Landamerkjabréf fyrir jörðunni Smiðjuvík í Grunnavíkurhrepp í Ísafjarðarsýslu.

Smiðjuvík á Hornströndum, kirkjujörð frá Øgri, að dýrleika 1,8 hndr., liggjandi í Grunnavíkurhreppi, á land frá fjöru til fjalls milli Barðavogar, sem er í framanverðum svo kölluðum Barða, sem liggur á milli Barðsvíkur og Smiðjuvíkur, og Drífandisfoss að norðanverðu, sem skilur land milli Smiðjuvíkur og Bjarnarness.

Øgri, 26. Júlí 1884.

Jakob Rósinkarsson (eigandi)

Fyrir hönd nefndarinnar í Grunnavíkurhreppi.

Jón Sigurðsson Alexander Vagnsson

A. Hannesson

Eptir beiðni síra Þ. Benediktssonar fyrir hönd HrafNSEYRARKIRKJU:

Sig. H. Bjarnarson

[á spássíu] Innk. 28/8. 1886. Sk. Thoroddsen.

Borgun:

Þingl. 0,75

Bók: 0,25

1,00 – ein króna –

Borgað Sk. Th.



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS

Norðureyri við Súgandafjörð í Suðureyrarhreppi, án blaðsíðutals

N^o 54.

Landamerkjabréf fyrir jörðunni Norðureyri í Súgandafirði innan Suðureyrarhrepps í
Ísafjarðarsýslu.

Landamerki jarðarinnar Norðureyrar í Súgandafirði eru: að utanverðu Norðureyrargil (sem ofan er nefnt), og að innan verðu svo nefnd „Mígandisá“ frá fjöru til fjalls.

Norðureyri, í Júním. 1886

Þorvaldur Jónsson handsalar. Sigurborg Bergsdóttir sem eigandi að Norðureyri og Gelti.

[á spássíu] Innkomið 13/4 1887

Borgun:

Þinglestur: 0,75

Bókun: 0,25

1,00 – ein króna –

Borgað Sk. Th.



Þernuvík í Ögursveit, án blaðsíðutals

N^o 55.

Landamerkjalyýsing fyrir jörðina Þernuvík í Ögursveit innan Ísafjarðarsýslu.

Að sunnanverðu innsta klettaborgin í Digranesi, þaðan beina sjónhending í merkjavörðu á svo nefndum Gerðahöggum, þá fram hæstu Gerðabrún í merkjavörðu þar; þaðan beina sjónhending niður fyrir framan Gerðar í Stóra-Grástein og Hjarðardalsá; þá Hjarðardalsá fram fyrir Þernuvíkur selróur þar vestur, eins og merkjavörður vísa, sem önnur er á háu holti, en hin þar sem fjallið er hæst á Eiríksstaðabrún; þaðan út háfjall, eins og vötnum hallar á báða vegi á Breiðfirðinganeshögg, og þar niður hæstu högginn í miðjan Grænavog við sjóinn í innaverðri Breiðfirðinganestá.

Í Þernuvíkurlandi hefir Ögurkirkja rekarétt til 1/8 úr hval og Látra-búendur beit í Digranesi.

p.t. Þernuvík, 4. September 1885

Gunnar Halldórsson

Guðm. Guðmundsson

Guðm. Pálsson

eigendur Þernuvíkur.

Þessa lýsing samþykkjum við, sem eigum land á móti.

Ásgeir Kristjánsson Látrum

Helgi Einarsson Látrum

Sigurður Halldórsson Bjarnastöðum eigandi að Hagakoti

Jón Sigurðsson Látrum

Bjarni Einarsson handsalað

[á spássíu] Þinglýst á manntalsþingi að Ögri 10. Júní 1887 Sk. Thoroddsen

Borgun:

Þingl. 0,75

Bókun: 0,25

1,00 – ein króna –

Borgað Sk. Th.



Blámýrar í Ögurhreppi, án blaðsíðutals

N^o 56.

Landamerkjabréf fyrir jörðunni Blámýrum í Ögurhreppi innan Ísafjarðarsýslu.

Jörðin Blámýrar í Ögurhreppi í Ísafjarðarsýslu á land frá svokölluðum Landamerkjalæk, sem rennur ofan Laugabólshlíð og í Laugardalsvatn og vörðu á brúninni beina línu uppaf læknum; hann er landamerki milli Laugabóls og Blámýra – og ofan að Lynghól, sem er nokkru fyrir framan svokallaða Söðla, og sem er miðaður úr Skriðu beint upp af Lynghól og í krókinn á Laugardalsá; hann er landamerki milli Strandselja og Blámýra.

Øgri, 26. Maí 1887

Jakob Rósinkarsson eigandi að Strandseljum

Baldvin Jónsson eigandi að 1 hndr. 80^{ál} í Laugabóli

Jóhann Pálsson eigandi að 9 hndr. í Laugabóli

Andrés Jóhannesson sem ábúandi Blámýra

[á spássíu] Þinglýst á manntalsþingi að Øgri 10/6. 1887 Sk. Thoroddsen

Borgun:

Þinglestur: 0,75

Bókun: 0,25

1,00 – ein króna –

Borgað Sk. Th.



Landamerkjaskrá fyrir Kjaransvík í Sléttuhreppsþinghá innan Ísafjarðarsýslu.

Jörð þessi er eign Holtskirkju í Önundarfirði, að dýrleika að fornu mati 4 hndr. og heldur öllum sínum gömlu landamerkjum og örnefnum. Merki milli Hlöðuvíkur og nefndrar jarðar er Hvalsker í sjó fram og uppí Litlakamb, sem er utanhalt við Álfsvell, og uppá hátind og eptir fjallsbrúnum í Kjaransvíkurskarð, og svo norður eptir fjallsbrúnum vestan fram við víkina heilt á Kjalaranúp, þar niður til sjóar í Selvog. Land allt á ofanefnd jörð innan þessara takmarka. Með sjó fram á hún frá Selvogi inni áður nefnt Hvalsker.

Engin ítök fylgja landi þessu.

Grunnavíkurkirkja á ½ reka á nefndri jörð. Enn fremur er sagt, að Snæfjallakirkja eigi reka á Kjaransvíkurhlíð á teigi þeim, er svo er nefndur inn á milli Kamba.

Til staðfestu skrifum við nöfn okkar undir.

Steinólfstöðum, 12. Júní 1887

G. Sigurðsson umboðsmaður.

Stað í Grunnavík 12. Júní 1887

Pétur M. Þorsteinsson

[á spássíu] Þinglýst á manntalsþingi að Sléttu 14/6 1887 Sk. Thoroddsen.

Borgun:

Þingl. 0,75

Bókun: 0,25

1,00 – ein króna –

Borgað Sk. Th.



Landamerkjaskrá fyrir jörðunni Sæbóli í Sléttuhreppsþinghá innan Ísafjarðarsýslu, sem er að dýrleika eptir nýju mati 13,2 hndr. með sínum gömlu landamerkjum, sem greinir:

Sæbólsland aðskilur frá Skáladalsslandi við sjóinn Hvalsker það, sem nefnt er, undir Skáladalssbjargi, þaðan í Sæbólssker, þaðan með sjó fram að Selastellum, svo aptur frá Sigmundarlæk yfir í Staðará, sem dregur nafn af því, að á þessi rennur fram úr Staðarvatni og heilt til sjóar og aðskilur Sæbólsland frá Þverdalslandi, og eru slægjulönd beggja jarðanna hversvegur við. Sæból á land allt frá fyrnefndri á yfir í Sigmundarlæk, og það heilt fram í Grjóthóla og í hólma, sem er í ánni neðanhalt við og þar í stein hinsvegar í árbakkanum, svo neðan eptir greindum holtum þessum upp Stúfhjalla og í gil, sem er í fjallbrúninni neðan til við Lækjarland og eptir þeirri fjallbrú að Garðarhorni, sem nefnt er, þaðan niður fjallið og yfir hólana undir þessu fjalli og í Hrútslæk, sem að skilur slægjuland Sæbóls og Garðar vestan fram við Sigmundarlæk, og rennur Hrútslækur í þennan læk, og á Sæból slægjuland fyrir framan hann, en Garðar fyrir heiman, og er gamalt örnefni þar meðfylgjandi, sem Gíslastaðir eru nefndir og fylgja þessu Sæbólslandi að framanverðu.

Ennfremur verður að geta, að Sæból á land frá Traðará, sem rennur niður með Sæbólstúninu að framanverðu og uppi er merki milli bæjanna og er þar nefnd Andraveita, sem aðskilur, og sniðhalt neðan uppí túngarð gamlan, utan til við Garðartúnið, það neðan eptir merkjum upp Ásahlíðina framan til uppá ása, það neðan á leiðina, sem nefnd er, á fjallinu og út eptir fjallinu á áður nefndan tind og beint niður bjargið á hið fyrnefnda Hvalsker.

Landi þessu fylgja engin ítök.

Sæbóli, 24. Febrúar 1887.

Næstu eigendur: Jósef Gíslason María Benóníson Judit Bjarnadóttir

Eigendur: Guðm. H. Finnbjarnarson P. Sigurðsson Hermann Sigurðsson

Sigfús Finnbjarnarson Magnús Finnbjarnarson Finnbogi Finnbjarnarson

Benedikt Jónsson

[á spássíu] Þinglýst á manntalsþingi að Sléttu 14/6. 1887 Sk. Thoroddsen.

Borgun:

Þingl. 0,75

Bókun. 0,25

1,00 – ein króna –

Borgað Sk. Th.



Landamerkjaskrá fyrir jörðunni Skáladal í Sléttuhreppspinghá innan Ísafjarðarsýslu.

Jörðin er með öllum fornum ummerkjum og er að dýrleika 8,7 hndr. Hún á land, sem greinir: Með sjó fram á Skáladalur í Nálarsker, sem er að norðanverðu yzt við Ritinn, og svo með sjóarsíðu frá þessu og heilt í Hvalsker, sem er undir bjargi því og kennt er við jörð þessa, liggur milli Sæbóls og nefndrar jarðar, þaðan beina sjónhendingu uppá hátind á bjarginu, og það eptir fjallbrún fyrir Mannadal og úti Ritaskörð, aptur þaðan útá Rit og svo norðureptir á hátind á Ritnum, þar niður til sjóar á áðurnefnt Nálarsker. Land allt á jörð þessi innan þessara tilvitnuðu takmarka.

Þess ber að gæta, að engin ítök fylgja landi þessu og enginn á þar ítök.

Þessu til staðfestu skrifa eigendur nöfn sín undir.

Steinólfstöðum, 21. Apríl 1887.

Borgar Jónsson Þverdal. Magnús Finnbjarnarson Sæbóli Hermann Sigurðsson Læk
Árni Sigurðsson Þverdal Finnbogi Finnbjarnarson Sæbóli
Herborg Sakaríasdóttir Stakkadal G. Sigurðsson umboðsmaður fyrir Hólshrepp

Næstu eigendur og ábúendur Sæbóls:

Finnbogi Finnbjarnarson Magnús Finnbjarnarson
Guðm. H. Finnbajarnarson Sigfús Finnbjarnarson
Benedikt Jónsson Hermann Sigurðsson.

G. Sigurðsson

[á spássíu] Þinglýst á manntalsþingi að Sléttu 14./6. 1887 Sk. Thoroddsen

Borgun:

Þingl. 0,75

Bókun: 0,25

1,00 – ein króna –

Borgað Sk. Th.



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS

Þorfinnsstaðir í Önundarfirði í Mosvallahrepp, án blaðsíðutals

[Engin landamerkjalyýsing er skráð nr. 60 í landamerkjabókinni]

N^o 61.

Landamerkjaskrá fyrir jörðunni Þorfinnsstöðum í Mosvallahrepp innan Ísafjarðarsýslu.

Landamerki milli Þorfinnsstaða og Kirkjubóls eru eptir ánni að Búðarlæk, eptir honum að brúnni og þaðan eptir veginum heim að brúnni milli bæjanna. Merki milli Þorfinnsstaða og Tungu eru eptir ánni, og merki milli Þorfinnsstaða og Grafargils er úr Landamerkjasteini og beint ofan í á. Merki milli Þorfinnsstaða og Hjarðardals er í Einhamar.

Þorfinnsstöðum, í Maí 1887

Umráðamenn jarða þessara.

Þorfinnsstaða: Guðm. A. Eiríksson Grafargils Jón Guðmundss. Tungu J. Ólafss.

Kirkjubóls Finnur Eiríksson Hjarðardals Arngr Jónsson.

[á spássíu] Þinglýst á manntalsþingi að Þórustöðum 21. Júní 1887

Sk. Thoroddsen.

Borgun:

Þingl. 0,75

Bókun 0,25

1,00 – ein króna –

Borgað Sk. Th.



Mosdalur í Önundarfirði í Mosvallahreppi, án blaðsíðutals

N^o 62

Landamerkjaskrá fyrir jörðunni Mosdal í Mosvallahreppi innan Ísafjarðarsýslu.

Landamerki milli Mosdals og Kirkjubóls eru í Brimnes og milli Sæbóls og Mosdals eru í Reyðarsker.

Mosdal, 1. Janúar 1887

Umráðamenn jarða þessara:

Mosdals. Guðm. Jóhannesson

Sæbóls G.H. Guðmundsson

Kirkjubóls Finnur Eiríksson

[á spássíu] Þinglýst á manntalsþingi að Þórustöðum 21/6 1887

Sk. Thoroddsen.

Borgun:

Þingl: 0,75

Bókun: 0,25

1,00 – ein króna –

Borgað Sk. Th.



Kirkjuból í Valbjófsdal í Mosvallahrepp, án blaðsíðutals

N^o 63

Landamerkjaskrá fyrir jörðunni Kirkjubóli í Valbjófsdal í Mosvallahreppi innan
Ísafjarðarsýslu.

Landamerki milli Kirkjubóls og Mosdals eru í Brimnes, milli Kirkjubóls og Þorfinnsstaða eru merki í Þorfinnsstaðaá upp að Búðarlæk, eptir honum að brúnni og svo eptir veginum heim að brúnni milli bæjanna.

Milli Kirkjubóls og Tungu eru merki eptir Dalsá fram að Stórubrekku, svo eptir syðri ánni uppá Skarðsfjall.

Ítök í Kirkjubólslandi eiga Dalshús frá Torfabrekku heim í vörðu á Svartabakka, og frá Garði, sem liggur fyrir framan Kirkjubóls og Dalshúsatúnin, beint frá Dalsá uppí fjall og að vörðunum fyrir utan Skáladal, er þær bera hvor í aðra.

Fjörubeit og skipsuppsátur að rjettu hlutfalli við Kirkjuból.

Kirkjubóli, 1. Apríl 1887

Umráðamenn jarða þessara:

Kirkjubóls F. Eiríksson. Þorfinnsstaða Guðm. A. Eiríksson Tungu J. Ólafsson

Mosadals Guðm. Jóhannesson Dalshúsa St. Jónsson

[á spássíu] Þinglýst á manntalsþingi að Þórustöðum 21./6. 1887

Sk. Thoroddsen.

Borgun:

Þingl. 0,75

Bókun: 0,25

1,00 – ein króna –

Borgað Sk. Th.



Landamerkjaskrá fyrir jörðunni Kjaransstöðum í Meðaldalsþinghá innan Ísafjarðarsýslu.

Øllum þeim mönnum, sem þetta bréf sjá eða heyra, kunngjörist hérmeð, að þessi eru landamerki jarðarinnar Kjaransstaða í Meðaldalsþinghá í Dýrafirði: Að innanverðu milli Dranga og Kjaransstaða eru merkin í Hellunestána, og þaðan sjónhending í innri gjána í Kjaransstaðahorninu. Að utanverðu eru merkin milli Kjaransstaða og Ketilseyrar í Digranestána, en úr henni beint uppí stein á Löngulágar holtinu, þaðan sjónhending uppí Græna-teig, og svo þaðan í sömu stefnu beint upp í hæstu fjallsbrún. Þessi merki hafa verið það við vitum átölulaus frá ómunatíð, eptir því sem gamlir menn hafa frá skýrt, þeir sem á Kjaransstöðum hafa búið, og verða þeir, sem lönd eiga til móts við okkur, annaðhvort að samþykka merkjaskrá þessa eða þá að sýna óræk skjöl og skilríki fyrir jörðum sínum, því ella verður merkjum þessum í engu breytt.

Gemlufalli, þann 24. dag Aprílmán. 1886.

Guðrún Jónsdóttir (handsalað)

Sem eigandi að Dröngum samþykki ég merkjaskrá þessa:

Guðný Guðmundsdóttir.

Gísli Jónsson, eigandi að Ketilseyri Þórður Kristjánsson

[á spássíu] Þinglýst á manntalsþingi að Meðaldal 22/6 1887 Sk. Thoroddsen.

Borgun:

Þingl. 0,75

Bókun: 0,25

1,00 – ein króna –

Borgað Sk. Th.



Drangar í Dýrafirði í Meðaldalsþinghá, án blaðsíðutals

N^o 65.

Landamerkjaskrá fyrir jörðunni Dröngum í Meðaldalsþinghá innan Ísafjarðarsýslu.

Öllum þeim mönnum, sem þetta bréf sjá eður heyra, kunngjörist hér með, að þessi eru landamerki jarðarinnar Dranga í Dýrafirði í Meðaldalsþinghá:

Að framanverðu milli Botns og Dranga ræður áin fram á fjall, eins og hún hefir fallið, og allt til sjávar, en að utanverðu milli Dranga og Kjaransstaða eru merkin í Hellunestána og þaðan sjónhending upp í innri gjána í Kjaransstaðahorninu. Þessi merki hafa verið átölulaus frá ómunatíð og enginn ágreiningur milli nefndra jarða, svo neinn viti til.

Mýrum í Dýrafirði, þann 25. Marzmán. 1886.

Guðný Guðmundsdóttir.

Við sem eigendur að Botni og Kjaransstöðum höfum ekkert útá þessa merkjaskrá að telja.

Ég sem meðeigandi Botns játa þetta rétt að vera. Jens Guðmundsson.

Guðrún Jónsdóttir Þórður Kristjánsson.

[á spássíu] Þinglýst á manntalsþingi að Meðaldal 22/6 1887 Sk. Thoroddsen.

Borgun:

Þingl. 0,75

Bókun: 0,25

1,00 – ein króna –

Borgað Sk. Th.



Suðureyri í Suðureyrarhreppi, án blaðsíðutals

N^o 66.

Landamerkjaskrá fyrir jörðunni Suðureyri í Suðureyrarhreppi innan Ísafjarðarsýslu.

Landamerki milli jarðanna Bæjar og Suðureyrar eru jafnt á milli nesja, sem nefnd eru Kýrnes og Vallarnes framan fyrir svonefndar Spillir í lítinn klett við fjöruna, sem nú er þó fallin yfir aurskriða, frá honum og beint neðan, þangað sem fjallið er hæst. Það lítur svo út, sem merkið hafi verið tekið upphaflega af miðju hálandi fjallsins til sjávar.

Landamerki að innan milli Suðureyrar og Lauga eru í laugina skammt fyrir utan túnið á Laugum, á bökkunum rétt með henni að utanverðu rennur lækur, og uppeftir honum og að stórum steini í miðri hlíðinni, frá steini þessum liggur merkið beint til fjallsbrúna.

Um þessi landamerki vitum við ekki til hafi verið neinn ágreiningur að undanfögnu.

Þessi hér ofanskrifuð landamerki eru samþykkt af hér undirskrifuðum núverandi eigendum hérnefndra jarða.

Suðureyri, 23. Júní 1887

Hjalti Sveinsson, eigandi Lauga Kristján Albertsson

G. Guðmundsson, ábúandi – Þorbjörn Gissursson bændur á Suðureyri

Sigurborg Bergsdóttir.

[á spássíu] Þinglýst á manntalsþingi að Suðureyri 30/6 1887 Sk. Thoroddsen

Borgun:

Þinglestur: 0,75

Bókun: 0,25

1,00 – ein króna –

Borgað Sk. Th.



Furufjörður á Ströndum í Grunnavíkurbhreppi, án blaðsíðutals

N^o 67.

Landamerkjaskrá fyrir jörðunni Furufirði í Grunnavíkurbhreppi innan Ísafjarðarsýslu

- 1) Örnefni milli nefndrar jarðar og Þaralátursfjarðar það er klettur við sjó, nefndur Kanna, undir Furufjarðarnúp, sem skiptir reka milli téðra jarða, úr nefndum kletti beina sjónhending uppá brún, og svo eptir hæsta fjallhrygg austanvert fjarðarins og vestur á miðja Skorarheiði
- 2) Hins vegar við nefndan Furufjörð af miðri Skorarheiði eptir hæsta fjallgarði til norðurs allt á Bolungarvíkur bjargbrún, þar sem aðalófæra er beint niður undan, og skiptir sú ófæra reka milli nefnds Furufjarðar og Bolungarvíkur. Milli þessara kennileita fylgir ofanefndri jörð óskertur reki og allar grasnytjar.

Dagsett 27. December 1885

Finnbogi Finnbjarnarson S. Gíslason
H. Theofílusson Þorleifur Einarsson
G. H. Guðmundsson

Hér með gefum vér hér undirskrifaðir Furufjarðar jarðeigendur Jónatan Jónsson, Jens Sigfússon, Hallbera Guðmundsdóttir skriflega samþykki okkar að óbreytt standi Furufjarðar takmörk bæði til lands og sjóar, eins og segir í bréfi þessu, því við vitum ekki önnur rök fremur hvorki um of né van, og viljum við þessi hér að ofan nefnd að svo standi, eins og þið segið líka.

Eigendur téðrar jarðar.

S. Gíslason F. Finnbjarnarson. Halld. Þeófilusson

[á spássíu] Innk. til þinglesturs 13/9 1887

Skúli Thoroddsen

Borgun: 1,00

– ein króna –

Borgað Sk. Th.



Hraun í Hnífsdal í Eyrarhreppi, án blaðsíðutals

N^o 68.

Landamerkjaskrá fyrir jörðunni Hrauni í Hnífsdal í Eyrarhreppi innan Ísafjarðarsýslu.

Landareign þess er í Hraungil að utan til niður að Hnífsdals slægjupörtum, hliðin þaðan fram að Markgili er niður úr miðri Lambaskál frá fjallsbrún niður að gamla Heybandsvegi með þeim slægjum, sem eru á því stykki; ennfremur á jörðin Hraun slægjuland frá vörzlugarði heimabæjar niður á svokallað Ausubakkaholt og fram að vörzlugarði á Fitarparti og Fitarpartinn niður í á, en jörðin Búð í Hnífsdal á svokallaðan Skarnpart, er liggur niður undan túninu við ána.

Ennfremur á Hraun uppsátur fyrir eitt skip tolllaust við sjóinn í neðri Hnífsdals lendingu, en ekki Búðar.

Hrauni, 26. Maí 1886.

Eigandi: Halldór Jónsson

Sem land eiga að eru: Kristjana Kjartansdóttir

Sigríður Øssursdóttir Guðmundur Pálsson

Kristján Kjartansson.

[á spássíu] Þinglýst á manntalsþingi að Hnífsdal 15/5 1888. Sk. Thoroddsen

Borgun:

Þinglestur: 0,75

Bókun: 0,25

1,00 – ein króna –

Borgað Sk. Th.



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS

Ögur í Ögursveit, Neðri-Hnífsdalur og Fremri-Hnífsdalur, án blaðsíðutals

N^o 69.

Mótmælabréf.

Skjali því, er þinglesið var í dag um rétt Ögurkirkju til að hafa frítt uppsátur hér í Hnífsdal fyrir áttæring og þaðan af minni skip og tollver á Óshlíð innan Hnífsdalslandamerkja mótmælum vér undirritaðir eigendur hlutaðeigandi jarða.

Hnífsdal, 15. Maí 1888.

Þorvarður Sigurðsson.

Kristján Kjartansson

Halldór Jónsson

Kristjana Kjartansdóttir

Sigríður Øssursdóttir.

[á spássíu] Þinglýst að manntalsþingi í Hnífsdal 15/5 1888 Sk. Thoroddsen.

Borgun:

Þingl. 0,75

Bókun: 0,25

1,00 – ein króna –

Borgað Sk. Th.



Meira-Hraun í Skálavík í Hólshreppi, án blaðsíðutals

N^o 70.

Landamerkjaskrá fyrir jörðunni Meira-hrauni í Skálavík í Hólshreppi innan Ísafjarðarsýslu.

Landareign hennar er nefnilega í Strýttustein rauðan á holtinu við ána, garðsendann ofan til við Katlagarðinn Klukkustekkin svo nefndan, Hamraenda og hæsta hnúk í Kroppstaðahorninu, allt í beinni línu, ef maður stendur við Strýttusteininn við ána, sem ekki er þarna nema einn tilsögð landamerki milli Kroppstaða og Meirahrauns.

Landamerki milli Meirahrauns og Minnahrauns er nefnilega á, sem rennur frá Göngumannaskörðum, sem rennur ofan svo nefndan Hraunsdal beint til sjóar.

Til staðfestu skrifa allir hlutaðeigendur nöfn sín undir.

Hóli, 6. Apríl 1888.

Eigendur: Bárður Magnússon
Einar Jónsson
Magnús Guðmundsson
Ólafur Guðmundsson

[á spássíu] Þinglýst á manntalsþingi að Hóli 16/5 1888. Skúli Thoroddsen.

Borgun:

Þingl. 0,75

Bókun: 0,25

1,00 – ein króna –

Borgað Sk. Th.



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS

Minna-Hraun í Skálavík í Hólshreppi, án blaðsíðutals

N^o 71.

Landamerkjaskrá fyrir jörðunni Minnahrauni, liggjandi í Skálavík í Hólshreppi innan
Ísafjarðarsýslu.

Landareign hennar að vestanverðu að Meirahraunslandi í miðja Langá, er rennur fram úr
Göngumannaskarði og til sjóar, að norðanverðu milli Minna-hrauns og Breiðabóls í læk, sem
rennur úr miðri Lambaskál frá fjalli og þvert í á, sem rennur frá Skálavíkurheiði eptir öllum
Breiðabólsdal og ofan í áðurgreinda Langá.

Minnahrauni, 2. Maí 1888.

Ólafur Guðmundsson, eigandi

Bárður Magnússon Einar Jónsson eigendur Meirahrauns samþykkir.

Guðmundur Jónsson samþykkur umráðamaður Breiðabóls.

Jón Jónsson á Ytri-Búðum Magnús Jónsson Benedikt Bjarnason samþykkir

[á spássíu] Þinglýst á manntalsþingi að Hóli 16/5 1888. Skúli Thoroddsen.

Borgun:

Þingl. 0,75

Bókun: 0,25

1,00 – ein króna –

Borgað Sk. Th.



Staður í Aðalvík, án blaðsíðutals

N^o 72.

Útdráttur af máldaga Staðarkirkju í Aðalvík.

Kirkjan í Aðalvík á heimaland hálf með gögnum og gæðum, Kagaðarvík og Sand(vík) með grjótleysi, hálfar þessar eignir með bónda, tólf tung í hvalreka og viðreka með ágóða í Rekavík, sjöttung í hvalreka í hvalreka (sic!) í Höfn, er Einar bóndi gaf, selver í Miðkjós í Jökulfjörðum, er Guðmundur Jónsson lykti í portionem. Kirkjan á tolllaust skip í Sigmundarlæk, allan reka frá Þverdalsá til Selastillis til Sæbólsskerja og sölvafjöru alla; item mánaðarheit á sumar í Þverdal öllum fénaði, item er bóndaeign í jörðunni, iiii hndr. og xx.

Réttan útdrátt úr máldagabók Gísla biskups Jónssonar staðfestir:

Skrifstofu biskupsins yfir Íslandi, Reykjavík 9 Apr. 1879

P. Pjetursson.

[á spássíu] Þinglýst á manntalsþingi að Sléttu 7/6 1888 Skúli Thoroddsen.

Borgun:

Þingl. 0,75

Bók. 0,25

1,00 – ein króna –

Borgað Sk. Th.



Tunga í Valþjófsdal, án blaðsíðutals

N^o 73

Landamerkjaskrá fyrir Tungu.

Milli Tungu og Kirkjubóls í Valþjófsdal ræður á sú merkjum, er Dalsá heitir; rennur hún ofan með Kirkjubóls bænum, og fram í Langá; að vestanverðu er svo merkið eptir ánni fram undir Stórubrekku; tekur þar lækur við, sem rennur ofan Tungurðirnar ofan í ána, og á Tungu ekki lengra.

Milli Tungu og Grafargils ræður Langá fram í vatn það, er liggur fyrir neðan Miðdalsbrekkuna, og svo eptir vestari læknum, sem rennur ofan brekkuna.

Grafargili d. 25. júní 1888

Umráðamenn jarða þessara:

Tunga: Jón Ólafsson Kirkjuból: Finnur Eiríksson Grafargil: Jón Guðmundsson.

[á spássíu] Þinglýst á manntalsþingi að Þórustöðum 25. júní 1888

Borgun:

þingl: 0,75

bók: 0,25

1,00 – ein króna –

Borgað SkTh



Grafargil í Valþjófsdal í Mosvallahreppi, án blaðsíðutals

N^o 74

Landamerkjaskrá fyrir Grafargil í Valþjófsdal í Mosvallahreppi.

Milli Grafargils og Þorfinnsstaða er landamerkjasteinn, sem stendur í landamerkjabletti; uppi í hlíðinni liggur merkið beint á brún á fjallinu, og svo aptur beint ofan í ána.

Milli Grafargils og Tungu ræður Langá, sem rennur eptir endilöngum dalnum úr vatni, er liggur fyrir neðan Miðdalsbrekkuna, og svo eptir vestari læknum, sem rennur ofan brekkuna ofan í vatnið.

Grafargil 25. júní 1888.

Umráðamenn jarða þessara:

Grafargil: Jón Guðmundsson Tunga: Jón Ólafsson

Þorfinnsstaða: Guðm. A. Eiríksson.

[á spássíu] Þinglýst á manntalsþingi að Þórustöðum 25. júní 1888

Borgun:

Þingl: 0,75

bók: 0,25

1,00 – ein króna –

Borgað SkTh



Efstidalur í Ögurhreppi

N^o 75.

Landamerkjalysing fyrir Efstadal í Ögurhreppi

Milli Efstadals og Eiríksstaða skilur fremra vatn, úr því áin fram að Krók, sem er á ánni; úr því sjónhending í vörðu, sem er í miðjum Laugardalsbotni, þaðan til fjalls að vestanverðu, eins og vötnum hallar.

Milli Efstadals og Laugabóls úr vörðu, sem stendur á vatnsbakka, þaðan bein sjónhending í vörðu á fjallsbrún.

Garðstöðum 4. júní 1889

Sigríður Bjarnadóttir (Eigandi Eiríksstaða)

Einar Magnússon

Jón Einarsson

Eigendur Efstadals)

Baldvin Jónsson

Jakob Rósinkarsson.

[á spássíu] Þinglýst að Ögri 4. júní 1889

Borgun:

Þingl: 0,75

bók: 0,25

1,00 – ein króna –

Borgað SkTh.



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS

Laugaból í Ögurhreppi, án blaðsíðutals

N^o 76.

Landamerki fyrir Laugaból í Ögurhreppi.

Milli Laugabóls og Blámýra í svokallaðan landamerkjalæk, sem rennur í neðra vatn, beina stefnu til fjalls.

Milli Laugabóls og Efstadals í vörðu við fremra vatn, og beina sjónhending í vörðu á brúninni, og svo sem Laugardalsá rennur ofan í neðra vatn.

Laugabóli 4. júní 1889.

Einar Magnússon Baldvin Jónsson

Jón Einarsson Jakob Rósinkarsson

Eigendur Efstadals. Jóhann Pálsson

Andrés Jóhannesson á Blámýri.

[á spássíu] Þinglýst að Ögri 4. júní 1889

Borgun:

Þingl: 0,75

bók: 0,25

1,00 – ein króna –

Borgað SkTh.



Landamerkjalysing fyrir jörðinni Eyri í Ísafirði í Reykjarfjarðarhreppi.

Að utanverðu í Laugará frá sjó í svo kallað Parts-vatn, svo í læk, sem rennur í nefnt vatn, þaðan beina stefnu í Ennisborg, og af Ennisborg í þúfuvörðu, sem er austanvert við svo nefndar þrívörður, þaðan fram í ytri Langavatns enda og Álftaborgir; úr því sem vötnum hallar til fjalls. Að framanverðu í Hestakleifargil í Ísafjarðará.

Staddir í Reykjarfirði 5. júní 1889

Guðmundur Bárðarson.

Jón Einarsson

Stefán Stephensen,

Sigurður Halldórsson

[Á spássíu] Þinglýst að Reykjarfirði 5. júní 1889

Borgun:

Þingl: 0,75

bók: 0,25

1,00 – ein króna –

borgað SkTh.



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS

Vogar og Bjarnastaðir, án blaðsíðutals

N^o 78.

Landamerki milli Vatnsfjarðar kirkju jarðar Voga og Bjarnastaða.

Frá vörðu á Leitinu innanvert við innstu Leitislá upp hlíðina innanvert við Lambakeldu í vörðu hjá svo nefndri hundapúfu í höggunum.

Að utanverðu sjá landamerki Svansvíkur.

Vatnsfirði og Bjarnastöðum 12. ág. 1888.

Stefán Stephensen

Sigurður Halldórsson

[á spássíu] Þinglýst að Reykjarfirði 5. júní 1889.

Borgun:

Þingl: 0,75

bók: 0,25

1,00 – ein króna –

borgað SkTh.



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS

Bjarnastaðir í Reykjarfjarðarhreppi, án blaðsíðutals

N^o 79.

Landamerki Bjarnastaða, liggjandi í Reykjarfjarðarhreppi.

Að utanverðu er frá vörðu á leytinu innanvert við innstu leytislágina, upp hlíðina innanvert við Lambakeldu í vörðu hjá svo nefndri hundaþúfu á höggunum.

Að innanverðu er frá sjó Laugará upp í svo kallað Parts vatn, svo lækur, sem rennur í vatnið þaðan beina stefnu framan til í Ennisberg

p.t. Reykjarfirði 5. júní 1889.

S. Halldórsson

Guðm. Bárðarson

Jón Einarsson

Stephán Stephensen pr. í Vatnsfirði

[á spássíu] Þinglýst að Reykjarfirði 5. júní 1889

Borgun:

Þingl: 0,75

bók: 0,25

1,00 – ein króna –

borgað SkTh.



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS

Heydalur í Mjóafirði í Reykjarfjarðarhreppi, án blaðsíðutals

N^o 80.

Landamerki fyrir Heydal í Reykjarfjarðarhreppi.

Milli Heydals og Eyrar skilur varða á miðri Heymýri; þaðan í vörðu á lágsta hjalla, svo í vörðu á fjallsbrún, þaðan til fjalls, svo fram fjall. Milli Heydals og Galtarhryggs skilur Heydalsá frá sjó og fram eptir í Þverá; þaðan eins og hún vísar til fjalls.

Garðstöðum 4. júní 1889

Jón Einarsson

Runólfur Jónsson

Guðm. Bárðarson

(Eigendur Heydals)

Stephán Stephensen pr. í Vatnsfirði

Sæmundur Gíslason

[Á spássíu] Þinglýst að Reykjarfirði 5. júní 1889.

Borgun:

Þingl: 0,75

bók: 0,25

1,00 – ein króna –

borgað SkTh.



Lágidalur á Langadalsströnd, án blaðsíðutals

N^o 81.

Landamerki fyrir jörðinni Lágidalur á Langadalsströnd.

Niðri á dalnum eru 2 stórir steinar með vörðum á við Langadalsá, og byrja þar landamerkin að neðanverðu í þverkvísl, og bein sjónhending úr þverkvíslinni í Tröllholt upp í brúninni, og þaðan sjónhending í Vatnshlíð, og þaðan fram, eins og vötnum hallar, sem renna í Bæjardal og Miðdal, og vestan til við Miðdal út eptir hægtri kúlu og í vörðubrot á brúninni, og sjónhending í Heyhól, og sjónhending þaðan, og yfir á háháls, og út eptir hálsinum, eptir því sem hallar til beggja hlíða, og út það, þar til sjónhending er úr áðurnefndum tveim stóru steinum, og upp á hálsbrún.

p.t. Reykjarfirði 5. júní 1889.

Ólafur Jónsson (Eigandi)

Jakob Rósinkarsson (Eigandi að Bakka)

Einar Magnússon (Eigandi í Tungu)

Jón Halldórsson, umráðamaður að hálfum Neðri-Bakka

Hannibal Jóhannesson (Eigandi í Tungu)

Magnús Arnórsson (Eigandi í Tungu).

[Á spássíu] Þinglýst að Nauteyri 5. júní 1889.

Borgun:

þingl: 0,75

bók: 0,25

1,00 – ein króna –

borgað SkTh.



Arngerðareyri í Nauteyrahreppi, án blaðsíðutals

N^o 82

Landamerki fyrir jörðinni Arngerðareyri í Nauteyrahreppi

Á Tjarnanesi milli Laugabóls og Arngerðareyrar er lækur, sem nefndur er Landamerkjælækur, og hefir upptök sín framan til í Vatnadalsskarði; rennur hann fyrir innan svokallaða Öxlhamra, og svo fyrir innan réttarklett alla leið í sjó á Tjarnanesi. Lækur þessi er landamerki milli Laugabóls og Arngerðareyrar.

Úr Vatnadalsskarði út eptir sem vötnum hallar, eru merki milli Arngerðareyrar og Brekku í það græna skarð; úr græna skarði rennur lækur, sem kallaður er Landamerkjælækur, og rennur lækur þessi ofan á móti framan til við Stórhól, og þaðan, sem hann þrýtur, beint í Langadalsá, og er téður lækur landamerki milli téðra jarða.

Þar fyrir neðan er Langadalsá landamerki fyrir Arngerðareyrarlandi til sjóar.

Arngerðareyri, dag 3. júní 1889

Ásgeir Guðmundsson

Kr. Pálsson

Kirkjubóli 3. júní 1889

Helga Ámundadóttir

Guðmundur Jóhannesson

Jón Halldórsson

[á spássíu] Þinglýst að Nauteyri 5. júní 1889

Borgun:

Þingl: 0,75

bók: 0,25

1,00 – ein króna –

borgað SkTh.



Holt í Önundarfirði, án blaðsíðutals

N^o 83

Eptir visitstsiu biskups H. G. thordersen 12. júlí 1852 á Holtskirkja í Önundarfirði þessi reka ítök meðal annara:

1/12 í Reykjarfirði, bæði í hvalreka og viðreka með grasnautn allt til Hvanneyrar.

1/3 í hvalreka í Rekavík hjá Höfn

1/8 hvalreka í Hlöðuvík

1/12 „ í Fljóti.

1/12 „ í Sigluvík

Eptir einu exemplari af Wilchins máldaga, útskrifuðu af biblioteki assessut Árna Magnússonar, á Holtskirkja allan viðreka á Teigi í Bolungarvík milli Auðna og Áróss og 9^{da} hluta í hvalreka á þeim sama Teigi.

Holti 31. júlí 1887

Janus Jónsson

[á spássíu] Þinglýst að Stað í Grunnavík 7. júní 1889

Borgun:

Þingl: 0,75

bók: 0,25

1,00 – ein króna –

borgað SkTh.



Um landamerki á jörðinni innri Veðrará í Mosvallahreppi í Ísafjarðarsýslu.

Að utanverðu er merkið í svonefndan Skriðutanga, og liggur það beint upp frá honum til fjalls. En að innanverðu liggur merkið út Skeiðiskrók, og í svonefndan merkistein, og þar upp af er gamalt merki upp hækkað er vísar landamerkið beint til fjalls. Jafnadalur telst með innan þessara takmarka.

Þetta viðurkennum við undirskrifaðir nábúar.

Veðrará innri 22. jan. 1888

Bóas Guðlaugsson

Ábúandi: Jens Jónsson

Veðrará ytri: ábúandi Jón Halldórsson.

Bjarni Jónsson á Tannesi.

[Á spássíu] Þinglýst að Þórustöðum 18. júlí 1889.

Borgun:

Þingl: 0,75

bók: 0,25

1,00 – ein króna –

borgað SkTh.



Efstaból í Önundarfirði, án blaðsíðutals

N^o 85.

Landamerki fyrir jörðina Efstaból í Önundafirði eru þessi, eptir því sem eg veit frekast: Að utanverðu er merkislá fer [svo] Korpu, og neðan til fjalls; þetta eru merki milli Kropstaða og Efstabóls; svo að neðanverðu, heldur Korpa við, og það fram úr, milli Þorpsjarðanna og Efstabóls. Og svo er að framanverðu gamall áarfarvegur rétt fyrir framan Þverá, sem merkið er sagt í milli Korpudals og Efstabóls, og þar með frí beit á Korpudal frá Efstabóli, eptir því, sem elstu menn muna.

4. apríl 1889

Jónatan Jensson ábúandi

Bjarni Guðmundsson á Kropstöðum.

Guðmundur Ólafsson á Efrihúsum.

Jóhannes Kristjánsson á Hesti.

[á spássíu] Þinglýst að Þórustöðum 18. júlí 1889

Borgun:

Þingl: 0,75

bók: 0,25

1,00 – ein króna –

borgað SkTh.



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS

Vaðlar í Öfundarfirði í Mosvallahreppi, án blaðsíðutals

N^o 86.

Landamerkjaskrá kirkjujarðar Holtskirkju Vaðla í Mosvallahreppi.

Milli Traðar og Vaðla eru merki þessi: Úr holtinu í svo nefndum „merkisbletti“ uppi í hlíðinni beint ofan í stóran stein (Merkisstein), en þaðan ræður læna undir mýrar bökkunum út á móts við þverlænu ofan úr mýrinni, og þaðan beint í ána.

Milli Vaðla og Mosvalla ræður áin, en Mosvellir eiga svo nefnda „Sturlueyri“ Vaðla-
megin við ána

Milli Vaðla og Holts ræður Vaðalbotnsskriða, síðan Illa Kelda, unz hún kemur saman við Kelduna ofan til við Kálfafit; þá ræður sú Kelda inn í á.

Holti 18. júlí 1889.

Janus Jónsson

Þessu samþykkur:

Rósinkranz Kjartansson.

[á spássíu] Þinglýst á Þórustöðum 18. júlí 1889.

Borgun:

þingl: 0,75

bók: 0,25

1,00 – ein króna –

Borgað SkTh.



Tröð í Önundarfirði í Mosvallahreppi, án blaðsíðutals

N^o 87.

Landamerkjaskrá Traðar í Mosvallahreppi

Milli Traðar og Vaðla eru merki þessi: Úr holtinu í svonefndum Merkisbletti uppi í hlíðinni beint ofan í stóran stein (Merkistein), en þaðan ræður læna undir Mýrarbökkunum út á móts við Þverlænu ofan úr mýrinni, og þaðan beint í ána.

Milli Kirkjubóls og Traðar áin og skammt fyrir framan Kirkjuból partur af hinum forna árfarvegi.

Milli Traðar og Mosvalla ræður hinn forni árfarvegur.

Milli Traðar og Holtslands er merki eptir hrygg (leiti), er nefnt er Seljaleiti.

Tröð 18. júlí 1889.

Rósinkranz Kjartansson.

Samþykkur: Janus Jónsson.

[á spássíu] Þinglýst að Þórustöðum 18. júlí 1889

Borgun:

Þingl: 0,75

bók: 0,25

1,00 – ein króna –

Borgað SkTh.



Arnarnes við Dýrafjörð, án blaðsíðutals

N^o 88.

Vitnisburður áhrærandi jörðina Arnarnes.

Jeg undirritaður, sem er fæddur og uppalinn á Arnarnesi, gjöri hér með kunnugt um merki er voru milli háflendanna á nefndri jörð, er ég fór þaðan fyrir rúmum 45 árum.

Neðri jörðin átti í flatan stein, láréttan, er var fyrir innan fjós, er þá stóð neðan til við skemmur, er nú eru á hlaðinu. Frá steini þessum beina sjónhending í efri steininn á háhryggnum. Að utanverðu við bæinn var merkið eptir götu þeirri, er liggur frá bænum niður í svonefnt „brunnhús“. Síðan eptir læk, er rennur úr téðu brunnhúsi til sjávar. Neðri jörðin átti einnig part í túninu fyrir utan og ofan bæinn. Merki að þeim parti að innanverðu voru: úr virkishorni beina sjónhending utanvert upp eptir svo nefndum „Birgishól“ í stein, er stendur neðarlega í urðunum. En að utanverðu var merkið: Eptir gömlum lækjarfarveg, sem nú er að mestu horfinn, út og upp eftir túninu, neðanvert við svo nefndan „Heiðingja“, hól undir urðunum, en ofanvert við fjárhúskofa, er þá stóð fyrir neðan nefndan hól. Síðan lá merkið beina leið út með urðunum í svo kallað „vatnsauga“.

Ytri jörðin átti land að þessum merkjum, slíkt hið sama „traðirnar“. – Að auki skal þess getið, að neðri jörðin nýtti svo nefndan „Nasa“ allan fyrir utan áður nefndan brunn læk. En þar á móti fylgdi svo kallað „Hlaðstún“ ytri jörðinni. Neðri jörðin þótti víðáttuminni, en grasgefnari, en ytri jörðin ógrasgefnari, og var því látið mætast.

Að jörð þessari, Arnarnesi, hafi þannig verið skipt frá því er menn hafa sögur af, sögðu móðir mín, móðursystur, Bjarni Niculásson, sem höfðu búið á jörðinni um langan aldur. Sama sagði Just Egilsson, sem nú er dáinn fyrir nokkrum árum, rúmlega áttæður að aldri. Just þessi ólst upp á jörð þessari hjá sínum Agli, er bjó á annari háflendunni móti Magnúsi, föður Jóns Magnúsonar, sem einnig er ný dáinn rúml. sjötugur að aldri.

Beitihögum, fjörum, reka og öðrum ítökum þessarar jarðar hefir aldrei verið skipt, og hafa ábúendur notað þau í sameiningu.

Þessa upplýsingu gef eg eptir beztu vitund, og set til staðfestu nafn mitt.

Flateyri d. 8. marz 1889

Torfi Halldórsson

Til staðfestu ofanskriðu er nafn mitt

Jón Halldórsson á Veðrará

Vitundarvottar:

Matth. Ólafsson

Sveinn Rósinkranson.



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS

[á spássíu] Þinglýst að Mýrum 19. júlí 1889.

Borgun:

Þingl: 0,75

bók: 0,25

– ein króna –

borgað SkTh.



Kvíanesí Súgandafirði og Botn í Súgandafirði, án blaðsíðutals

N^o 89

Landamerki.

Umsamin landamerki milli Botns og Kvíarness eru: Úr Nautaskálahorninu beint í krókinn á Læknum, sem rennur ofan með Klúkutúninu, og í græna þúfu, sem skorin er upp, og steinn er settur í, en upp úr þessari þúfu verður upphlaðin varða við hentugleika, svo að merkin verði skilmerkilegri.

Súgandafirði 24. júní 1889

Eigendur að jörðinni Kvíanesi:

Jóhannes Hannesson

Friðrik Gíslason.

Eigendur Botns:

Thomas Eiríksson

Albert Brynjólfsson

Jón Brynjólfsson

Umráðamenn að hálfum Botni:

Jóhannes Hannesson

Guðm. Ásgrímsson

Ól. Lárentíusson

Guðm. Guðmundsson

[á spássíu] Þinglýst að Suðureyri 27. júlí 1889.

Borgun:

Þingl: 0,75

bók: 0,25

1,00 – ein króna –

borgað SkTh.



Hraun á Ingjaldssandi í Mýrahreppi, án blaðsíðutals

N^o 90

Landamerkjagrein fyrir Hrauni á Ingjaldssandi í Mýrahreppi

Milli Hrauns og Áfadals [svo] er merki í geil, þaðan á fjall upp, og niður eptir lækjarskurði í miðjan dýárdal, og þaðan beint í Langá; milli Hrauns og Brekku skiptir Langá landi allt þangað til Þverá fellur í hana, og þaðan eptir farveg, sem Langá rann fram með svonefndri Hólsveitu, og aftur í Langá, því að um 50 ára tíma hefir hún runnið gegnum þetta stykki, og rífið sér þar all stóran farveg; eptir það á Hraun land eptir Langá fram að Selá, og milli Hrauns og Sæbóls skiptir hún landi upp í Galgafoss, og þaðan í Hraunland eptir læk, er rennur framan vert við svo nefndan Krók allt á fjall upp.

Skrifað 24. júní 1886 af eiganda jarðarinnar:

Sigmundi Sveinssyni

Samþykkir:

G. H. Guðmundsson

Guðm. Sturluson

Jón Bjarnason

Jón Jónsson

Jón Niculásson (handsalað)

Þorvaldur Jónsson

[á spássíu] Innk. 20/7 1889

Borgun:

Þingl: 0,75

bók: 0,25

– ein króna –

borgað SkTh.



Tyrðilmýri á Snæfjallaströnd og Æðey á Snæfjallaströnd, án blaðsíðutals

N^o 91.

Landamerki milli jarðanna: Tyrðilmýrar og Æðeyjarlands að innanverðu eru:

Svo nefndur „landamerkjalækur“, sem rennur frá fjalli til fjöru fyrir innan „Skeljavíkurkleif“, og standa tvær vörður við læk þenna.

En að utanverðu milli Æðeyjarlands á „Eyjahlíð“ og Skarðslands eru landamerki: lækur, nefndur: „Rjóðralækur“, og stendur ein varða utanvert við téðan læk.

Æðey 21. sept. 1889.

Rósinkar Árnason, eigandi Æðeyjar og Tyrðilmýrar. (handsalað)

Páll Stephensen, umráðamaður Skarðs.

Guðmundur Rósinkarsson bóndi og meðeigandi í Æðey.

[á spássíu] Innk. 21. sept. 1889

Borgun:

Þingl: 0,75

bók: 0,25

1,00 – ein króna –

borgað SkTh.



Glúmsstaðir í Fljótavík í Sléttuhreppi, án blaðsíðutals

N^o 92

Landamerkjaskrá þjóðjarðarinnar „Glúmsstaðir“ í Sléttuhreppi.

Skúli Thoroddsen, sýslumaður í Ísafjarðarsýslu, og umboðsmaður þjóðjarða í Sléttuhreppi.

Gjóri kunnugt: Að landamerki þjóðjarðarinnar Glúmsstaða eru, og skulu ævinlega haldast, svo sem hér greinir: Milli Glumstaða og Atlastaða ræður Reiðará merkjum úr svo nefndu Fljótsskarði, unz hún rennur í eystra horn Fljótssstöðuvatnsins

Milli Glúmsstaða og Tungu ræður merkjum á, sem rennur frá fjalli ofan miðjan Hvyllfardal í Fljótssstöðuvatn; að öðru skapa vatnið og fjallabrúnir merki.

Til staðfestu er nafn mitt og embættisinnsgli

Skrifstofu Ísafjarðarsýslu 19. oct. 1889.

Skúli Thoroddsen umráðamaður Glúmsstaða Tungu og Atlastaða. (L.S.)

[á spássíu] Innk. 19. oct. '89

Borgun:

Þingl: 0,75

bók: 0,25

1,00 – ein króna –

borgað SkTh.



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS

Atlastaðir í Fljótavík í Sléttuhreppi, án blaðsíðutals

N^o 93.

Landamerkjaskrá þjóðjarðarinnar „Atlastaðir“ í Sléttuhreppi.

Skúli Thoroddsen sýslumaður í Ísafjarðarsýslu og umboðsmaður þjóðjarðarinnar Atlastaða
Gjörir vitanlegt: Að landamerki téðrar jarðar eru, og skulu af öllum haldast, svo sem nú segir:
Frá Kögurtá við sjó fram upp á fjallsbrún, og svo sem Fjallabrúin segir fram í Fljótsskarð. Frá
Fljótsskarði ræður Reiðará merkjum milli Atlastaða og Glúmsstaða, unz hún rennur í eystra
horn Fljótssstöðuvatnsins. Síðan ræður vatnið og ós úr því („Fljótssós“) landamerkjum til sjávar
milli Atlastaða og Tungu.

Til staðfestu er nafn mitt og embættisinnsigli.

Skrifstofu Ísafjarðarsýslu, 19. dag octóberm. 1889.

Skúli Thoroddsen umráðamaður Atlastaða, Tungu og Glúmsstaða. (L.S.)

[á spássíu] Innk. 19. oct. 1889.

Borgun:

Þingl: 0,75

bók: 0,25

1,00 – ein króna –

borgað SkTh.



Neðri-Miðvík í Aðalvík í Sléttuhreppi, án blaðsíðutals

N^o 94.

Landamerkjaskrá þjóðjarðarinnar Neðri-Miðvíkur í Sléttuhreppi.

Skúli Thoroddsen, sýslumaður í Ísafjarðarsýslu og umboðsmaður þjóðjarða í Sléttuhreppi
Gjörir kunnugt: Að landamerki Neðri-Miðvíkur eru sem nú segir: Milli Miðvíkur og Stakkadals
í Kleif og í Klömp fram úr Kleifinni, og þaðan sjónhending eptir Mannhrygg, og svo sem
fjallagarðsbrúnir segja. Milli Neðri- og Efri-Miðvíkur eru merkin á, sem breytist í ós, þegar
kemur ofan á flatlendið, og þá með sjó frá ósnum í svo nefnd Löngusker.

Til staðfestu er nafn mitt og embættisinnsgli.

Skrifstofu Ísafjarðarsýslu 19. oct. 1889.

Skúli Thoroddsen umráðamaður Efri- og Neðri-Miðvíkur og Stakkadals. (L.S.)

[á spássíu] Innk. 19. oct. 1889

Borgun:

Þingl. 0,75

bók: 0,25

1,00 – ein króna –

borgað SkTh.



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS

Tunga í Fljótavík í Sléttuhreppi, án blaðsíðutals

N^o 95.

Landamerkjaskrá þjóðjarðarinnar „Tunga“ í Sléttuhreppi.

Skúli Thoroddsen, sýslumaður í Ísafjarðarsýslu og umboðsmaður þjóðjarða í Sléttuhreppi.

Gjörir heyrum kunnugt: Að rétt landamerki téðrar jarðar eru sem hér segir: Milli Tungu og Glúmsstaða ræður merkjum á, sem rennur af fjalli ofan miðjan Hvyllftardal í Fljótsstöðuvatn. Milli Tungu og Atlastaða ræður Fljótsós merkjum, og rennur hann úr Fljótsstöðuvatni til sjávar. Að öðru ráða fjallabrúnir.

Til staðfestu er nafn mitt og embættisinnsgli

Skrifstofu Ísafj.s. 19. oct. 1889

Skúli Thoroddsem, umráðamaður Tungu, Glúmsstaða og Atlastaða. (L.S.)

[á spássíu] Innk. 19. oct. 1889

Borgun:

Þingl: 0,75

bók: 0,25

1,00 – ein króna –

borgað SkTh.



Landamerkjaskrá þjóðjarðarinnar Efri-Miðvíkur í Sléttuhreppi.

Skúli Thoroddsen, sýslumaður í Ísafjarðarsýslu og umboðsmaður þjóðjarða í Sléttuhreppi kunngjörir: Að landamerki Efri-Miðvíkur eru þessi: Til suðvesturs, suðurs og suðausturs ráða fjallabrúnir, en að norðanverðu eru merki milli Efri- og Neðri-Miðvíkur á, sem breytist í ós, þegar kemur ofan á flatlendið, og þá með sjó frá ósnum og í svokölluð Löngusker.

Til staðfestu er nafn mitt og embættisinnsgli

Skrifstofu Ísafjarðarsýslu 19. oct. 1889.

Skúli Thoroddsen umráðamaður Efri- og Neðri-Miðvíkur. (L.S.)

[á spássíu] Innk. 19. oct. 1889.

Borgun:

Þingl: 0,75

bók: 0,25

1,00 – ein króna –

borgað SkTh.



Landamerkjaskrá fyrir Hjarðardal ytri.

Landamerki milli Hjarðardals og Þorfinnsstaða er í Einhamar, og milli Hjarðardals ytri og Hjarðardals innri: Hjarðardalsá aðskilur landamæri milli Hjarðardalanna úr dalbotni og heim í hraunafót milli túnanna; þaðan liggur merki úr steini yfir ána, og í annan stein neðan til við ána; þaðan beint ofan í lind, sem Görn heitir; svo liggur merki út með henni út í skarð, sem er í Kambinum; úr skarðinu beint niður að ánni, svo eptir ánni til sjávar.

Hjarðardal 15. nóv. 1889.

Arngrímur Vídalín Jónsson

Guðrún Jónsdóttir á Þórustöðum.

Guðm. A. Eiríksson á Þorfinnsstöðum

Ebenezer Sturluson á Hjarðardal innri

Andrés Hákonarson á Hjarðardal innri.

[á spássíu] Innk. 16. jan. 1890

Borgun:

Þingl: 0,75

bók: 0,25

1,00 – ein króna –

borgað SkTh.



Arnarnúpur í Keldudal í Dýrafirði, án blaðsíðutals

N^o 98

Landamerkjaskrá fyrir Arnarnúp í Dýrafirði

Eptir því sem gamlir og réttorðir menn hafa frá sagt, því eru þessi landamerki fyrir jörðinni á Arnarnúpi: Allt neðan frá sjó ræður áin fram eptir dalnum og beina sjónhending í „Hálfánargjá“, að fráteknum hinum svo nefndu „Staðareyrum“, sem nú eru Arnarnúps megin við ána, og „hólmunum“ niðri við ár ósinn, sem getið er um í Hraunmerkja skrá. En á milli Arnarnúps og Sveinseyrar eru merkin í sker það, sem er fyrir innan svo nefnda „ófæru“, og nefnist „Ófærusker“, þaðan beina sjónhending á fjall upp.

Þessu til staðfestu eru okkar undirrituð nöfn.

Núpi 1. dec. 1889

Kristján Oddsson

Guðm. Eggertsson

Guðbjörg Bjarnadóttir

(Eigendur Arnarnúps)

Aðalsteinn Pálsson

Gísli Oddson

(Eigendur Hrauns)

Guðm. Eggertsson

Jón Hákonarson

(Eigendur Sveinseyrar)

[á spássíu] Innk. 16. jan. 1890

Borgun:

Þingl: 0,75

bók: 0,25

1,00 – ein króna –

borgað SkTh.



Núpur í Dýrafirði, án blaðsíðutals

N^o 99

Landamerkjaskrá fyrir jörðinni Núpi í Dýrafirði.

1, Að utanverðu í læk þann, er heitir Kaldilækur, eins og hann ræður frá sjó og að uppsprettu; síðan beina sjónhending á fjall upp.

2, Að innanverðu í Núpsá, og dal allan í á þá, er rennur úr Geldingadal og fellur í Núpsá.

Núpur á beit í Alviðrubökkum vor og haust, svo og skipstöðu og naustgjörð. En Alviðra á selstöðu á Núpsdal, frá vori og það á haust fram, er þurfa þykir, svo og frjálstan fjárrekstur um Núpsdal, þó skal honum varnað ágangi í slægjuland það, er Núpur á.

Núpur á 5 kúgildabeit á Nesdal; sömuleiðis sauðfjárbeit á Skagahlíðum.

Núpskirkja á fjórðahluta af öðrum reka, viða og hvala, og öðrum fjörunytjum, frá Haukalæk hjá Alviðru, og til þess er sér mann úr skáladyrum í fjöru í Nesdal, að hálföllnum sjó, frá teknum reitsólum á Fjallaskaga.

Það eru sagnir elztu manna, að Núpskirkja eigi tíunda hverja vætt af hval, sem rekur í Skálavík ytri, og hefir enginn ágreiningur út af því risið.

Framangreind landamerki og réttindi Núps samþykkjum við undirritaðir:

Núpi 2. dec. 1889.

Kristján Oddsson (eigandi Núps)

Gísli Oddsson

Guðrún Sakaríasdóttir (Eigendur Alviðru)

Kristján Andrés�son

Andrés Pétursson (Eigendur Skaga).

Frá alda öðli er mælt að Núpskirkja eigi frítt skipsuppsátur og búðargjörð á Fjallaskaga og hafa þau réttindi ávallt verið notuð. En eigendur Skaga eru því ekki samþykkir, nema frekari sannanir fáist.

Kristján Oddsson.

[á spássíu] Innk. 16. jan. 1890.

Borgun:

Þingl: 0,75

bók: 0,25

1,00 – ein króna –



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS

borgað SkTh.



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS

Kleifakot í Ísafirði, án blaðsíðutals

N^o 100.

Landamerki Kleifakots.

Landamerki fyrir Vatnsfjarðarkirkjujörð Kleifakot í Ísafirði eru: Að utanverðu Gervidalsá fram á Butralda brekku, þaðan fram eptir fjallinu, eins og vötnum hallar að Ísafjarðará

Kleifakoti 4 oct. 1889

St. Stephensen (pr. í Vatnsfirði)

Þorleifur Helgason (hdsl.) ábúandi.

[á spássíu] Innk. 22/4 1890

Borgun:

þingl: 0,75

bók: 0,25

ein Króna

borgað SkTh.



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS

Gervidalur, án blaðsíðutals

N^o. 101

Landamerki Gervidals.

Landamerki fyrir Vatnsfjarðarkirkjuförð Gervidal í Nauteyrarhreppi eru: Að utanverðu Álpta Króará neðan frá sjó og í Búrfell. Að innanverðu í Gervidalsá fram á Butraldabrekku. Að ofanverðu, eins og vötnum hallar.

Gervidal 4. oct. 1889.

St. Stephensen (pr. í Vatnsfirði)

Kr. Þorláksson (eigandi og ábúandi á Múla)

Moeses Jllugason.

[á spássíu] Innk. 22/4 1890

Þingl. 0,75

bók: 0,25

ein króna

borgað SkTh.



Meiri-Garður í Dýrafirði í Mýrarhreppi, án blaðsíðutals

N^o 102.

Landamerkjaskrá fyrir Meira-Garði í Mýrarhreppi.

1, Að innanverðu ræður Kýrá upp á svonefnda Vatnahverk, og eptir því sem árfarvegurinn vísar á fjall upp, og að neðanverðu eptir reiðgötunni út í Langalæk, síðan eptir því sem hann rennur.

2, Að utanverðu milli Litla Garðs og Meira-Garðs ræður upphlaðið merki ofan til við Langalæk, beina sjónhending í Milli-Garðslæk, síðan úr honum, eins og gilið segir, beina sjónhending á fjall upp.

Mýrum 10. marz 1890.

G. H. Guðmundsson Eigandi Minni-Garðs og Mýra.

Guðný Guðmundsdóttir Eigandi Stóra-Garðs og Mýra.

[á spássíu] Innkomið 22/4 1890.

Þingl: 0,75

bókun: 0,25

– ein króna –

borgað SkTh.



Gerðhamrar í Dýrafirði, án blaðsíðutals

N^o 103.

Landamerki Gerðhamra.

1, Að utanverðu milli Gerðhamra og Arnarness ræður áin fram eptir dalnum, síðan eptir læknum í miðjum tungunum, sem hann rennur, og svo sem lækurinn rennur fyrir ofan tungurnar, sem þeir fyrri menn hafa nefnt á, og eptir lægstu heiðunum allt út á hæðstu heiði, en þaðan svo sem brúnir ráða.

2, Milli Gerðhamra og Alviðru ræður Míganda-lækur, sem í seinni tíð nefnist Miðlendis-lækur, eins og hann rennur beint upp eptir þangað, sem hann rennur fram úr bergi; þaðan ræður sjónhending beint á fjall upp.

Mýrum 10. dec. 1889

Guðný Guðmundsdóttir

Guðbjörg Bjarnadóttir (Eigendur Gerðhamra)

Þessa merkjaskrá samþykkjum við eigendur Arnarness:

Gils Þórarinsson

Pétur Bjarnason

Bjarni H. Bjarnason. Jón Björnsson

Eigendur Alviðru:

G. Oddson G. Sakaríasdóttir.

[á spássíu] Innk. 22/4 1890

Þingl: 0,75

bók: 0,25

– ein króna –

borgað SkTh.



Minni-Garður í Dýrafirði, án blaðsíðutals

N^o 104

Landamerki Minna-Garðs.

1, Að innanverðu í upphlaðið merki ofan til við Langalæk, bein sjónhending í Milli-Garðslæk, síðan úr honum, eins og gilið segir, beina sjónhending á fjall upp.

2, Að neðanverðu sem Langilækur ræður í hinn efra Grástein, beina sjónhending í Löngulá, sem lækur rennur eptir.

Að framanverðu eru landamerkin í Hvassahrygg og beint niður í Skörðin.

Mýrum 10. marz 1890.

Guðný Guðmundsdóttir, eigandi Stóra-Garðs og fyrir hönd kirkjujarðarinnar Fell

G.H. Guðmundsson, eigandi Litla-Garðs og Klukkulands

Gísli Oddsson, eigandi Klukkulands.

[á spássíu] Innk. 22/4 1890

Þingl: 0,75

bók 0,25

– ein króna –

borgað SkTh.



Klukkuland í Dýrafirði, án blaðsíðutals

N^o 105

Landamerki Klukkulands

Öllum þeim mönnum, sem þetta bréf sjá eða heyra, kunngjörast hér með, að eptir því sem menn vita réttast eru landamerki Klukkulands þá eru merkin milli Litla-Garðs og Klukkulands þessi: Að Hvassihryggur ræður ofan eptir hlíðinni ofan í Kjóamýri neðst, en þaðan beint í Núpsá; þar eptir ræður Núpsá landamerkjum fram í Geldingadalsá og Geldingadal hálfan eptir því, sem áin ræður.

Undir þetta bréf skrifum við nöfn okkar sem eigendur að nefndri jörðu.

Mýrum í Dýrafirði 6. apr. 1886.

K. Oddsson. Eigandi Núps

Gísli Oddsson. (Eigandi Klukkulands)

G. H. Guðmundsson (Eigandi Minni-Garðs).

[á spássíu] Innk. 22/4 1890

Þingl: 0,75

bók: 0,25

– ein króna –

borgað SkTh.



Álfadalur á Ingjaldssandi, Sæból og Hraun, án blaðsíðutals

N° 106

Landamerki Álfadals

Milli Álfadals og Sæbóls í svonefnda merkislá, eptir henni ofan, sem hún ræður í sýki það, sem er Sæbóls megin við svonefndan þrætupart, og þaðan beint niður í á

Milli Álfadals og Hrauns ræður lækur sá, sem sprettur upp framan til við svokölluð Litlu-hraun, og ræður hann landmerkjum svo sem hann rennur allt ofan þar sem hann fellur í Sandsá.

Ennfremur á Álfadalur einn þriðja part í „herðum“ svonefndum, sem óátalið hefir verið notaður frá Álfadal

Þessu til staðfestu eru nöfn okkar allra þeirra, sem hlut eiga að máli, bæði eiganda Álfadals, og þeirra er eiga land að Álfadal.

Álfadal 9. dec. 1889.

Kristín Eiríksdóttir Jón Jónsson

Jón Pálsson María Jónsdóttir

G. H. Guðmundsson. Sigm. Sveinsson

Gísli Jónsson.

[á spássíu] Innk. 22/4 1890

Þingl: 0,75

bók 0,25

– ein króna –

borgað SkTh.



Landamerki Sæbóls- og Háls

Milli Sæbóls- og Álfadals eru merkin í svonefnda Merkislá, eptir henni ofan sem hún ræður í sýki það, sem er Sæbólsmegin við svonefndan þrætupart; þaðan á jörðin land allt vestur fyrir allan Barða, vestur í Nesdal, með reka öllum til móts við endimörk Mýrareka, í Þúfu. Sæból á Villingadalshlíð úr Kikanum neðanvert við svonefnda Sýkiseyri, og þaðan beint á brún; svo niður eptir til sjávar, og reka allan, og land allt í svonefnt Reiðarsker.

Kirkjan á ennfremur þriðjung í Nesdal og þriðjung í Heiðum og Seljalágar allar frá Mórillu í læk þann, er rennur fyrir utan Stóra bala.

Kirkjujörðin Háls á Mórilleyrar beint í fjall eptir því sem áin Mórilla segir. –Sæbólskirkja á áttung í Geirsbrekku í Súgandafirði og skóga, sem fylgja því landi. Sæbólskirkja á land allt undir Hálsi innan þeirra landamerkjja, er nú skal greina. Milli Háls og Brekku eru merkin í svonefnda Þverá, og skilur hún lönd milli þeirra landa fram í dalbotn. Milli Háls og Hrauns skilur Langá fram að Þverá sem rennur milli landamerkjja Hrauns og Sæbólslands, sem hefir upptök sín neðanvert við Nesdals-skarð.

Þessu til staðfestu eru okkar sameiginleg nöfn að Sæbóli og Hálsi.

Mýrum 15. maí 1886.

Jón Jónsson, eigandi Villingadals. Guðm. Jóhannesson, eigandi Mosdals.

Jón Bjarnason (hds) Kr. Eiríksdóttir (hds) sem eigendur Álfadals

Sigm. Sveinsson, eigandi Hrauns.

Eigendur Sæbóls: G. H. Guðmundsson Jón Jónsson Mosdal. G. Sturluson María Jónsdóttir.

[á spássíu] Innk. 22/4 1890

Þingl: 0,75

bók: 0,25

– ein króna –

borgað SkTh.



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS

Kvíanes í Súgandafirði og Laugar í Súgandafirði, án blaðsíðutals

N^o 108

Landamerki milli Kvíanes og Lauga í Súgandafirði eru í einstakan klett, sem er kallaður Markklettur, og hefir aldrei orðið ágreiningur um merki þessi.

24. júní 1889.

Eigendur Kvíaness:

Jóhannes Hannesson

Friðrik K. Gíslason

Eigandi að Laugum:

Hjalti Sveinsson, og fyrir hans hönd ábúandinn: Guðm. Guðmundsson

[á spássíu] Innk. 22/4 1890.

Þingl: 0,75

bók: 0,25

ein króna

borgað SkTh.



Arnarnes við Dýrafjörð, án blaðsíðutals

N^o 109

Landamerki Arnarness.

1, Að innanverðu milli Arnarness og Gerðhamra ræður áin fram eptir dalnum síðan eptir læknum í miðjum tungunum á dalnum, sem hann rennur, og svo sem áin ræður fyrir ofan tungurnar og eptir lægstu heiðinni allt út á hæðstu heiði; en þaðan sem brúnir ráða.

2, Að utanverðu milli Arnarness og Birnustaða er ytri Vogakambur og sjónhending beint á fjall upp

Þessi merki hafa gamlir menn heyrt og sagt nefndrar jarðar, og vita engan ágreining þar á milli verið hafa.

Arnarnesi 13. jan. 1890.

Gísli Þórarinsson. Pétur Bjarnason

Eigendur Arnarnúps

Þessa merkjaskrá samþykkja:

Guðný Guðmundsdóttir. Guðbjörg Bjarnadóttir. Jón Bjarnason

B. H. Bjarnason. Kr. J. Bjarnadóttir. R. G. Bjarnadóttir

[á spássíu] Innk. 22/4 1890

Þingl: 0,75

bók: 0,25

– ein króna –

borgað SkTh.



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS

Ketilseyri í Dýrafirði, án blaðsíðutals

Nº 110

Merki Ketilseyrar.

Ketilseyri á land að utanverðu í grjótvörðu, sem stendur á svonefndum Svartabakka og þaðan sjónhending í Ausuhornið innra. – Að innanverðu á ofanefnd jörð land í Digranestána, þaðan í stein, sem stendur í Launguláarholtinu, þaðan í Grænoteig, og þaðan beint upp á hæðstu fjallsbrún.

Ketilseyri 16. júlí 1889.

Pórður Kristjánsson Gísli Jónsson

Steinn Kristjánsson. Einar Magnússon. Kr. Jónsson

Kristján Jónsson.

Guðrún Jónsdóttir, eigandi Kjaransstaða.

[á spássíu] Innk. 22/4 1890

Þingl: 0,75

bók 0,25

borgað SkTh.



Neðri-Arnardalur og Fremri-Arnardalur við Skutulsfjörð, án blaðsíðutals

Nº 111

Landamerki milli Arnardals fremri og Arnardals neðri.

Arnardalur fremri á að neðanverðu úr ánni beina leið í neðri brún á Langahrygg upp í fjallsbrún, svo frameptir ánni í stein, svo kallaðan „Murtu“ við ána; frá Murtu sjónhending upp í Brúnagötur, eptir Brúnagötur í Þverá, frá Þverá eptir Langahjalla fram í dalbotn og upp á fjallsbrún og heim eptir fjallsbrúninni gengt Langahrygg.

Arnardal fremri 14/5 1890

Jón Sæmundsson

Katarínus Sæmundsson

Árni Jónsson fyrir hönd Asgeirsverzlunar á Ísafirði

Hildur Jakobsdóttir handsalað

Jón Sigurðsson Sveinb. Einarsson

Halldór Halldórsson

Bárður Hagalín Jóhannesson

[á spássíu] Þingl. 16/5 1890 að Hnífsdal Sk. Thoroddsen.

Borgun:

Þingl. 0,75

bókun 0,25

ein króna

borgað SkTh.



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS

Hallsstaðir á Langadalsströnd í Nauteyrarhreppi, án blaðsíðutals

N^o 112

Landamerki fyrir Hallstaði í Nauteyrarhreppi eru, að innan. Landamerkjalækur frá sjó og í Stóraskarð, og þaðan sjónhending úr Stóraskarði og í Landamerkjavörðu, úr Landamerkjavörðu í Langyrjuvatn, en Blæfadalsá að utan og ofan

Laugabóli 12. júlí 1889

Jón Halldórsson

Gísli Bjarnason

Pjetur Pjetursson Í umboði Sigfúsar

[Á spássíu] Þingl. að Nauteyri 21/5 1890 Sk. Thoroddsen.

Borgun 1 krón.

Borgað SkTh.



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS

Nauteyri á Langadalsströnd, án blaðsíðutals

N^o 113

Landamerki fyrir Nauteyri, að sunnanverðu ræður Þverá í milli Rauðamýrar frá sjó og til fjalls, en að utan á milli Hafnardals ræður Hafnardalsá frá fjalli til fjöru.

Staddur á Rauðamýri 6 Júní 1889

Jón Halldórsson

Pjetur Pjetursson í umboði Sigfúsar

[á spássíu] Þingl. að Nauteyri 21/5 1890 Sk. Thoroddsen.

Borgun

Þingl. 0,75

bókun 0,25

ein króna

borgað SkTh.



Fremri-Bakki í Nauteyrarhreppi, án blaðsíðutals

N^o 114

Landamerki fyrir Fremribakka í Nauteyrarhreppi, eru að neðanverðu í læk, sem rennur af brún framan til við Keipir og ofan fyrir Gorm og sjónhending í Langadalsá eptir það, en að framanverður í Bakkaselsgil upp á brún, eptir það í Sjónarholt, og úr Sjónarholti sjónhending í vörðu framan til í Háafellsskarði en á milli Lágadals og Fremribakka; upp á fjallinu er af svo nefndum Heyhól eptir því, sem merkjavörður vísa, beina sjónhending utan holt við Rauðukúlu að neðan, en að austan á vörðu þá, er hlaðin er á stein í brúninni af merki að sjá þvera sjónhending af heyhól.

Fremribakka 17 Júlí 1889

Jón Halldórsson

Ólafur Jónsson. Jakob Rósinkarsson.

[á spássíu] Þingl. að Nauteyri 21/5 1890 Sk. Thoroddsen

Borgun:

Þingl. 0,75

bókun 0,25

ein króna

Borgað SkTh.



Kirkjuból í Langadal, án blaðsíðutals

115

Landamerki fyrir Kirkjuból í Langadal

Að utanverðu ytra Vörðugil og sjónhending upp í Vatnsvörðu í brúninni, þaðan fram í Krossholt, frá Krosshotlum í Gilkinnaberg, þaðan í Fílsdalshæð, og þaðan sem vötnum hallar að Efrabólslæk og eptir þeirri brún, sem vötnum hallar milli Húsadals og Dagverðardals og svo eptir því sem vötnum hallar eptir Reipólsfjöllum og að Egilsfossi. Því næst eptir því sem Langadalsá rennur.

Kirkjubóli 15 Júlí 1884

Guðmundur Jóhannesson, Jón Halldórsson

[á spássíu] Þingl. að Nauteyri 21/5 1890 Sk. Thoroddsen

Borgun:

Þingl. 0,75

bókun 0,25

ein króna

borgað Sk Th.



Neðri-Bakki í Langadal, án blaðsíðutals

N^o 116

Jörðin Neðribakki í Langadal 8 hndr. að dýrleika, að fornu mati, á land að framanverðu frá Gormi, sem kallaður er, við Langadalsá og sjónhending upp í Kexir, sem er klettur á fjallsbrúninni, svo eins og vötnum hallar ofan í Langadal út í Landamerkjavörðu á [fjall] út og upp af Sjónarhól svo sjónhending í vörð út og niður af Sjónarhól, og vörðu á Melsenda við Langadalsá.

Øgri 7 Sept 1889

Jakob Rósinkarsson eigandi að ½ Neðribakka

Magnus Arnórsson eigandi að Tungu

Einar Magnusson

Jón Halldórsson.

[á spássíu] Þingl. að Nauteyri 21/5 1890 Sk. Thoroddsen

Borgun

Þingl. 0,75

bókun 0 25

ein króna

Borgað Sk. Th.



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS

Bakkasel í Langadal, án blaðsíðutals

N^o 117

Landamerki fyrir jörðina Bakkasel í Langadal eru: Langadalsá fram í Egilsfoss, en að utan ræður Bakkaselsgil upp á brún, eptir það í Sjonarholt og úr Sjonarholti sjónhending í vörðu framan til í Háafellsskarði

Staddur á Nauteyri 21 Maí 1890

Jón Halldórsson

[á spássíu] Þingl. að Nauteyri 21/5 1890 Sk. Thoroddsen

Borgun:

Þingl. 0,75

bókun 0,25

1,00

Borgað Sk. Th.



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS

Rauðamýri, án blaðsíðutals

N^o 118

Landamerki fyrir Rauðamýri.

Að sunnanverðu ræður Hvannadalsá niður í Langadalsá til sjáfar, en að utan og norðan Þverá frá sjó og til fjalls.

Staddur á Rauðamýri 6 júní 1889

Jón Halldórsson eigandi.

Ásgeir Guðmundsson.

[á spássíu] Þingl. að Nauteyri 21/5 1890 Sk. Thoroddsen.

Borgun:

Þingl: 0,75

bókun 0,25

ein króna.

borgað Sk Th.



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS

Brekka í Langadal, án blaðsíðutals

No 119

Landamerki fyrir jörðina brekku í Langadal eru að utan úr Grænaskarði í brúninni og í Stórhól fyrir ofan melana en að framan í vörðugil og ofan eptir því sem vötnum hallar á hálsinum.

Staddur á Nauteyri 21 maí 1890

Jón Halldórsson

Á Guðmundsson

[á spássíu] Þingl. að Nauteyri 21/5 1890 Sk Thoroddsen

Borgun:

Þingl. 0,75

bókun 0,25

ein króna

borgað: Sk Th.



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS

Laugaból, án blaðsíðutals

N^o 120.

Landamerki fyrir Laugaból:

Að innanverðu er Múla á frá sjó og það fram vestanvert við Lamatungur í Morillingsfoss og síðan sem vötnum hallar í Kollafjarðarheiði norður af og eptir Húsadalsbrún, svo sem vötnum hallar að Húsadal þá Húsadalsbrún sleppir frá Kjóaskarði út Vatnshlíðarbrún og út í Fílsdalshæð, síðan sem vötnum hallar að Gilkinn og þaðan út háls sem vötnum hallar að Laugabóli út í Vatnadalsskarð, og þaðan eptir landamerkjalæk ofan að sjó á Tjarnarnesi.

Laugabóli 14 Júní 1889

Jón Halldórsson

Ásgeir Guðmundsson

Kristján Þorláksson

Guðmundur Jóhannesson

[á spássíu] Þingl. að Nauteyri 21/5 1890 Sk. Thoroddsen

Borgun:

Þingl. 0,75

bokun 0,25

1,00

Borgað Sk Th.



Melgraseyri á Langadalsströnd, án blaðsíðutals

N^o 121.

Landamerki fyrir jörðina Melgraseyri eru milli Laugalands og Melgraseyrar eru úr Haganeskvísl eptir landamerkjagarði og beint upp hlíðina, sem merki sýna upp í klettinn hjá Hrafnaskarði í brún inni síðan fram hálsinn, sem vötnum hallar En að innanverðu milli Hamars og Melgraseyrar skilur lönd lækur sem rennur innantil við stóruvörðu ofan svo kallaða Landamerkjala hjá steini þeim sem Strýta heitir og stendur á bökkunum Úr Landamerkjala í Skjólbrekku og þaðan beina stefnu í svokallaðan Sjónarhól nedan til við Ölundarkrök og þaðan í Klettavörðu og úr henni í Hæðstu miðmundahæð, og frá hæðinni eptir því sem vötnum hallar fram eptir hálsinum í hæðstu Leiðarborg Enfremur tilheyrir Melgraseyri stykkið austan til í Hraundal frá Hringfellsá ofan að læk, sem rennur framan til við svo kallaðan Stórhól frá brún ofan í Hraundalsá

Ármúla 13 júlí 1889

Gísli Bjarnason

Jón Halldórsson

[á spássíu] Þingl. að Nauteyri 21/5 1890 Sk. Thoroddsen

Borgun

Þingl 0,75

bókun 0,25

1,00

Borgað Sk.Th.



Hraundalur á Langadalsströnd, án blaðsíðutals

N^o 122.

Landamerki fyrir jörðina Hraundal eru:

Milli Langadals [svo] og Hraundals vestan til við Hraundalsá er lækur framan til við Yðufossvörðu og beina sjónhending úr honum í götunni neðan Magnúsarrjóður upp í Miðkrossdý og þaðan sjónhending upp á háls sem vötnum hallar. En austan til við Hraundalsá er lækur framan til við Stórhól af brún og ofan í Hraundalsá og fram fjall sem vötnum hallar að Hraundal og að vestan sem vötnum hallar að Hraundal ofan að fyrgreindum merkjum milli Laugalands. En stykkið frá Hringfellsá og ofan að merkjum milli Laugalands og Hraundals á Melgraseyri.

Ármúla 13 júlí 1889

Jón Halldórsson

Gísli Bjarnason

[á spássíu] Þingl. að Nauteyri 21/5 1890 Sk. Thoroddsen

Borgun:

Þing. 0,75

bókun 0,25

1,00

Borgað Sk.Th.



Hamar á Langadalsströnd í Nauteyrarhreppi, án blaðsíðutals

N^o 123.

Landamerki á jörðinni Hamri í Nauteyrarhreppi

1, Milli Hamars og Melgraseyrar.

Lækur, er rennur ofan svokallaða Landamerkjalág í skjólbrekku, og ofan með Strýrusteyni og í sjó innan til við svokallaða Stóruvörðu frá Landamerkjalág beina sjónhending neðan upp í svo nefndan Sjónarhól, sem er á brúninni niður af svokölluðum Ønundarkrók, frá Sjónarhól beint í svonefnda Klettuvörðu, frá Klettuvörðu beint og hæðst í Miðmundahæð, sem er á hálsinum milli Hamars og Laugalands og þaðan eptir því sem vötnum hallar fram eptir hálsinum á hæðstu Leiðarborg, sem er ytri endi á Hamarsborg.

2, Milli Hamars og Hafnardals og Hallsstaða

Blæfadals á, er rennur úr svonefndu Máfavatni og til sjáfar milli Hamars og Hallsstaða er að neðanverðu landamerki milli Hamars og Hallsstaða, en þá Hallsstaða land þrýtur er hún landamerki milli Hamars og Hafnardals upp í svonefnt Máfavatn, þaðan eru landamerki milli nefndra jarða eptir beinni sjónhending þaðan er síðstu lækirnir renna í Máfavatn að ofan og þaðan beina sjónhending í Grástein

Ármúla 11 maí 1890

Guðmundur Kristjánsson

G. Bjarnason Pjetur Pjetursson í umboði Sigfúsar

Jón Halldórsson

[á spássíu] Þingl. að Nauteyri 21/5 1890 Sk. Thoroddsen

Borgun:

Þingl. 0,75

bókun 0,25

1,00

borgað SkTh.



Landamerki fyrir jörðinni Hafnardal í Nauteyrarhreppi.

Að innanverðu er Hafnardalsá landamerki milli Hafnardals og Nauteyrar, milli Hafnardals og Hallstaða eru lækur úr Stóraskarði til sjáfar innan til við Hokinseyri, úr skarðinu í Landamerkjavörðu, úr Landamerkjavörðu í Langyrjuvatn við Blæfadalsá, ræður svo Blæfadalsá landamerkjum milli Hamars og Hafnardals upp í Máfavatn og úr síðstu lækjum, er renna í Máfavatn beina sjónhending í Grástein.

Hafnardal 21 maí 1890

Pjetur Pjetursson í umboði Sigfúsar

Gísli Bjarnason meðeigandi í Hamri

Jón Halldórsson.

[á spássíu] Þingl. að Nauteyri 21/5 1890 Sk. Thorodds.

Borgun:

Þingl. 0,75

bókun 0,25

1,00

borgað SkTh.



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS

Unaðsdalur á Snæfjallaströnd í Snæfjallahreppi, án blaðsíðutals

N^o 125

Landamerkjalyásing á jörðinni Unaðsdal í Snæfjallahreppi.

Milli Bæja og Unaðsdals er Dalsá landamerki milli fjalls og fjöru, en milli Tirðilsmýrar og Unaðsdals er Mýrara landamerki milli fjalls og fjöru

Unaðsdal 22 maí 1890

Fyrir hönd Vatnsfjarðarprests Kolbeinn Jakobsson G. Þorleifsson

Eigendur að bæjum: Á Jónatansson Rósinkar Árnason Gísli Bjarnason

Ábúendur: Halldór Hermannsson Pálmi Árnason

[Á spássíu] Þingl. að Unaðsdal 22/5 1890 Sk. Thoroddsen

Borgun:

Þingl. 0,75

bókun 0,25

1,00

borgað Sk Th.



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS

Tyrðilmýri á Snæfjallaströnd í Snæfjallahreppi, án blaðsíðutals

N^o 126

Landamerkjalyásing á jörðinni Tyrðilmýri í Snæfjallahreppi

Milli Unaðsdals og Tyrðilmýrar er Mýrará merki frá fjalli til fjöru, milli Æðeyjar og Tyrðilmýrar er landamerki svonefndur landamerkjalækur innantil við Skeljavíkurkleif

Unaðsdal 22 maí 1890

Rósinkar Árnason eigandi Mýrar og meðeigandi í Æðey. G. Rósinkarsson.

Fyrir hönd Vatnsfjarðarprests Kolbeinn Jakobsson

G. Þorleifsson.

[á spássíu] Þingl. að Nauteyri 22/5 1890 Sk. Thoroddsen.

Borgun

Þingl. 0,75

bókun. 0,25

ein króna

Borgað Sk. Th.



Landamerkjalysing: Fyrir jörðinni Sandeyri í Snæfjallahreppi í Ísafjarðarsýslu. Þann 20. maí 1890. var gjörð landamerkjaganga milli Skarðs og Sandeyrar, og kom undirrituðum saman um að landamerki milli ofangreindra jarða væri þau sömu og verið hafi n.l. Bjartilækur er rennur frá fjalli til fjöru aðskilji lönd ofanefndra jarða í beinni línu frá fjalli til fjöru. Steinn stendur fyrir minni lækjarins er sjer á um flóð en fjarar kring um fjöru, er skiptir reka og fjörunytjum á svokölluðu Bjartalæksrifi. Snið og krókar er opt hafa valdið þrætu milli landa eru með beinni línu aftekin. Landamerki milli Sandeyrar og Snæfjalla er Berjadalsá og skilur hún lönd jarðanna frá fjöru til fjalls, sömuleiðis fjörunytjar og reka.

Sandeyri 20. maí 1890

Ásgrímur Jónatansson, Sigurður Jósepson (Eigendur og ábúendur)

Bjarni Guðmundsson (ábúandi) Ábúandi á Skarði Jón Egilsson

Ábúandi á Snæfjöllum Gísli Steindórsson Arnór Kristjánsson.

[á spássíu] Þingl. að Unaðsdal 22/5 1890 Sk. Thoroddsen

Borgun

Þingl. 0,75

bókun 0,25

ein króna

borgað SkTh.



Skrá yfir landamerki Kaldár og Hóls á Hvilftarströnd í Önundarfirði, samin samkvæmt
landamerkja lögum 17 marz 1882

1, Milli Kaldár og Selakirkjubóls skilur lönd á sú, er rennur frá fjalli til sjávar niður með túni á Kaldá.

2, Milli Kaldár og Hóls skilur lönd svonefndur Markhryggur, er liggur frá fjalli og að mestu leyti til fjöru niður.

3, Milli Hóls og Garða skilur svonefnd Hólsá lönd frá fjalli til fjöru.

Hóll og Kaldá eru eign Holtskirkju

Holtskirkja á 18 feðming torfs í Kaldárland og rjett að ríða til og láta hross hafa haga utan töður og engjar búa um torf sem vill og láta standa sem vill

Holti 18. maí 1890

Janus Jónsson

Landamerkjaskrá þessa samþykkja

Páll Guðlaugsson

Ragnheiður Finnsdóttir

T. Halldósson

[á spássíu] Þingl. að Þórustöðum 27/5 1890 Sk. Thoroddsen

Borgun:

Þingl. 0,75

bókun 0,25

ein króna

borgað Sk. Th.



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS

Selakirkjuból í Öndarfirði í Mosvallahreppi, án blaðsíðutals

N^o 129

Landamerkjaskrá fyrir jörðina Selakirkjuból í Mosvallahreppi

Milli Breiðadals og Selakirkjubóls eru landamerki í svo nefnda Stóruurð beina sjónhending milli fjalls og fjöru. Að utan eru landamerki í Kaldá milli fjalls og fjöru, sem áin ræður.

Gjört á Flateyri 24 maí 1890

Guðmundur Einarsson. T. Halldórsson

Kjartan Rósinkransson. Páll Guðlaugsson

Landamerkjaskrá þessa samþykkir: Janus Jónsson.

[á spássíu] Þinglýst að Þórustöðum 27/5 1890 Sk. Thoroddsen

Borgun:

Þingl. 0,75

bókun 0,25

ein króna

borgað Sk. Th.



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS

Innri-Hjarðardalur í Önundarfirði, án blaðsíðutals

N^o 130

Skrá yfir landamerki Innra Hjarðardals í Önundarfirði

Milli Innra Hjarðardals og Þórustaða eru mekin eptir hálsröndinni ofan í Orminn, síðan eptir Djúpapytt til sjóar, Hjarðardalur á svonefnda Faxaála í Þórustaðalandi.

Milli Innra Hjarðardals og Ytra Hjarðardals eru merkin úr Torfahorni og ofan eptir í Hraunafót úr Hraunafæti beint í Görn sem öll heyrir til Innri Hjarðardal, og úr Garnarenda beint í sjó.

Þórustöðum 27 maí 1890

Guðrún Jónsdóttir

Arngr. Jónsson.

Landamerkjaskrá þessa samþykkir

Janus Jónsson.

[á spássíu] Þingl. að Þórustöðum 27/5 1890

Sk. Thoroddsen.

Borgun:

Þingl. 0,75

bókun 0,25

ein króna

borgað SkTh.



Kirkjuból í Korpudal, án blaðsíðutals

N^o 131.

Landamerki á jörðinni Kirkjubóli í Korpudal innan Ísafjarðarsýslu.

Að utanverðu er merkið á læk, er rennur niður utan til við svonefndan Urðarhrygg og ofan í Korpu. Svo aptur fyrir vestan Korpu er merkið út að sjó eins og land nær að Korglænu að austan. Fyrir vestan Korglænu tekur svonefndur Flagspartur við, og merkið að honum að utan liggur á lænu mjög litla bæði að utan og vestan þar til svonefndur Fremstipartur tekur við, og þá liggur merkið á honum vestur í Hestá. Þar til svo nefndur Krossakrókur tekur við, sem er partur frá Vífilsmýrum Þá liggur merkið á honum alla leið inneptir og enda á Hestárbakka.

Að innan er merkið eins og Fremstipartr til segir. – frá Hestá þvert yfir upp til Korpu. Aptur liggur merkið neðan milli Kroppstaða og Kirkjubóls upp af nefndu merki á Fremstapartinum að innan í 3 steina á Alabrekkum og þaðan eptir Stórholtið í lækjarfarveg, sem er innan til við svonefndan Bæjarhrygg. Kirkjubóli tilheyrir dalurinn Kirkjubólsmegin til eignar og umráða frá Þverá fram úr til fjalls.

Gjört á Efstabóli 18 ágúst 1889

Bóas Guðlaugsson Veðrará

Þetta viðurkennum við undirskrifaðir nábúar

Guðmundur Bjarnason Kirkjubóli

Salomon Jónsson Kirkjubóli

Sveinn Jónsson bóndi Vífilsmýrum

Sem svaramaður hlutaðeigandi erfingja

Halldórs Magnússonar í Þjóðólfstungu og hans sjálfs viðurkennast ofanrituð landamerki

Sigurður Halldórsson. Sveinn Ólafsson (handsalað)

Rósinkranz Kjartansson

[á spássíu] Þingl. að Þórustöðum 27/5 1890 Sk. Thoroddsen

Borgun

Þingl. 0,75

bókun 0,25

ein króna

borgað Sk Th.



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS

Vífilmýri í Mosvallahreppi, án blaðsíðutals

N^o 132.

Landamerki Vífilmýra í Mosvallahreppi

a. Milli Hóls og Vífilmýra

Einhamar er stendur á Kolturlág að bera í fjallsbrún og frá honum sjónhending eptir steinaröð niður í Hestá. Síðan er Hestá merki milli aðliggjandi jarða.

b. Milli kotsins Betaníu og Vífilmýra er þverá eða lækur er rennur í Hestá innanvert við Betaníu.

Vífilmýrar eiga slægjur miklar austanvert við Hestá, á svokölluðum Eyrum yfir að Korglænu og innfyrrir Hrossakrók.

Flateyri 23 maí 1890

T. Halldórsson

Sigurðr Jónsson. Arngr. Jónsson

Janus Jónsson

[á spássíu] Þingl. að Þórustöðum 27/5 1890 Sk. Thoroddsen

Borgun

Þingl. 0,75

bókun 0,25

ein króna

borgað Sk. Th



Eyri í Mosvallahreppi, án blaðsíðutals

N^o 133.

Landamerki Eyrar í Mosvallahreppi

a. Milli Hvylftar og Eyrar:

Merkilækur, er rennur úr gömlum mógröfum til sjávar. Frá mógröfunum uppí grænt dý í hlíðinni er merkilækur áður hefir runnið úr og sjest farvegur hans enn. Frá dýinu beina sjónhending á brún

b. Milli Flateyrartanga og Eyrar:

eru þar þar sem Flateyrartangi sker sig út frá Eyrarlandi sbr. afsalsbjef bókað d. 23 maí 1860 eða frá svonefndum Fjósbökkum beina sjónhending eptir svonefndum Bökkum strandlengis með Hvylftarströnd

c. Milli Staðar í Súgandafirði og Eyrar:

Úr Rauf eða Klauf í fjallsbrún fremst á Sauðanesi beina leið til sjávar þar sem Sauðanes skerst lengst út.

Þess skal getið að Hvylft helgar sjer samkv. undirrettardómi beit allt árið fyrir sínar eigin skepnur fyrir utan Klofningshrygg og tvó fimmtu hluta úr vertollum á Kálfeyri

Holtskirkja telur sjer Hvalreka að 1/6 hluta á svæðinu frá Rauf að Dalsá.

Flateyri 23 maí 1890

T. Halldórsson

Sigríður Þórarinsdóttir

Ragnheiður Finnsdóttir

Janus Jónsson.

[á spássíu] Þingl. að Þórustoðum 27/5 1890 Sk. Thoroddsen

Borgun

Þingl 0,75

bókun 0,25

ein króna

borgað Sk Th.



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS

Flateyrtangi í Mosvallahreppi, án blaðsíðutals

N^o 134

Landamerki Flateyrtanga í Mosvallahreppi

Landamerki milli Flateyrtanga og Eyrar er þar sem Flateyrtangi sker sig út frá Eyrarlandi sbr. afsalsbrjef 23 Nov. 1860, eða frá svo nefndum Fjósbökkum beina sjónhending eptir svo nefndum bökkum strandlengis með Hvyllfarströnd.

Flateyri d. 23 maí 1890

T. Halldórsson

[á spássíu] Þingl. að Þórustoðum 27/maí 1890 Sk. Thoroddsen

borgun

Þingl. 0,75

bókun 0.25

ein króna

borgað Sk. Th.



Samningur:

Við undirritaðir höfum komið okkur saman um landamerki milli neðri og fremri Breiðadals á þann hátt er hjer segir:

Á sem rennur úr svokölluðum Þverdal og heitir Þverá skal vera landamerki milli ofannefndra jarða að neðanverðu, og á hver jörð fyrir sig land að ánni. Neðri Breiðidalur fær þann landskika, sem er hans megin við Þverána. Að framanverðu höfum við sett landamerki þannig: að fremri Breiðidalur á land að seltóttum sem eru á Langadal en Neðri Breiðidalur á landið allt fyrir framan þær.

Samningur þessi stendur óbreyttur þar til ef nánari upplýsingar fást um landamerki ofannefndra jarða.

Flateyri d. 22. agust 1885

T. Halldórsson (eigandi ofannefndra 8 hndr. í Neðra Breiðadal)

Hjalti Sveinsson (eigandi að 12 hndr. Fremri Breiðadal)

Jens Guðmundsson eigandi [...] hndr. Neðri Breiðdal.

[á spássíu] Þingl. að Þórustöðum 27/5 1890 Sk. Thoroddsen

Borgun:

Þingl. 0,75

bokun 0,25

ein króna

borgað Sk Th.



Landamerki Neðri Breiðadals í Mosvallahreppi

a. Milli Neðri og Fremri Breiðadals eru samkv. meðf. samningi

Á sem rennur úr svokölluðum Þverdal og heitir Þverá er landamerki milli ofannefndra jarða að neðanverðu og á hver jörð fyrir sig land að ánni sín megin Neðri Breiðidalur á land allt á Langadal fyrir framan svokallaðar seltóttir.

b. Milli Neðri Breiðadals og Veðrará er Breiðadalsá

c. Milli Neðri Breiðadals og Selabóls er skriða kölluð Stóraurð er liggur úr svonefndri Grjótskál í fjallsbrún og til sjávar

Flateyri d. 23. maí 1890

T. Halldórsson

Guðmundur Einarsson

Páll Guðlaugsson

Kjartan Rósinkarsson.

[á spássíu] Þingl. að Þórustöðum 27/5 1890 Sk. Thoroddsen

Borgun:

Þingl. 0,75

bókun 0,25

ein króna

borgað Sk.Th.



Hóll í Firði í Mosvallahreppi, án blaðsíðutals

N^o 137

Landamerki Hóls í Firði í Mosvallahreppi.

a, Milli Tungu og Hóls.

er Tunguá er rennur af fjallsbrún Tungudal niður í Hestá síðan er Hestá landamerki milli Hóls og aðliggjandi jarða uns:

b, landamerki Hóls og Vífilsmýra taka við

Þau eru Einhamar, sem stendur í Kolturlág að bera í fjallsbrún, og frá honum sjónhending eptir steinaröð niður í Hestá

Talið er að Tunga eigi eyri Hólsmegin við Tunguá.

Einnig er talið að Hóll eigi þriggja dag [svo] sláttu eyri austanvert við Hestá. Eyri sú er kölluð Breiðseyri.

Flateyri d. 23. maí 1890

T. Halldórsson

Þorkatla Bjarnadóttir

Arngr. Jónsson

Margrjet Bjarnadóttir

Bjarni H. Kristjánsson.

[á spássíu] Þingl. að Þórustöðum 27/5 1890 Sk. Thoroddsen

Borgun

Þingl. 0,75

bókun 0,25

ein króna

Borgað Sk.Th.



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS

Garðar í Önundarfirði í Mosvallahreppi, án blaðsíðutals

Nº 138

Landamerki fyrir jörðina Garðar í Mosvallahreppi

Milli Garða og Hóls ræður Hólsá milli fjalls og fjöru.

Milli Garða og Hvylftar ræður Garðalækur að neðan, og þá úr honum í stóran stein á engjunum
þaðan á Barðhorn og úr Barðhorninu til norðurs á fjallsbrún

Hvylft 27 maí 1890

Samþykkur Sigríður Þórarinsdóttir

Janus Jónsson Ragnheiður Finnsdóttir

[á spássíu] Þingl. að Þórustöðum 27/5 1890 Sk. Thoroddsen

Borgun:

Þingl. 0,75

bókun 0,25

ein króna

borgað Sk. Th



Hvilt í Önundarfirði í Mosvallahreppi, án blaðsíðutals

Nº 139

Landamerki Hvylftar í Mosvallahreppi

Landamerki milli Eyrar og Hvylftar í Mosvallahreppi í Ísafjarðarsýslu, ræður landamerkja lækur að neðanverðu, sem rennur úr gömlum mógröfum og þaðan í grænt dý, og svo sjónhending á fjallsbrún. Ennfremur á jörðin eptir undirrjettardómi 2/5 hluta af Kálfeyrar vertollum, og svo til beitar á Sauðanesi utan Klofningshrygg sumar og vetur fyrir sinn pening. Milli Garða og Hvylftar ræður Garða lækur að neðan, og þá úr honum í stóran stein á engjunum, þaðan í barðhorn og úr barðhorninu til norðurs í fjallsbrún.

Hvilt 27 maí 1890

Ragnheiður Finnsdóttir

Sigríður Þórarinsdóttir

T. Halldórsson.

[á spássíu] Þingl. að Þórustöðum 27/5 1890 Sk. Thoroddsen

borgun

Þingl. 0,75

bókun 0,25

ein króna

borgað Sk.Th



Ytri-Lambadalur í Dýrafirði, án blaðsíðutals

Nº 140

Landamerkjaskrá.

Það kunngjörist hér með, að þessi eru landamerki jarðarinnr Ytri Lambadals í Dýrafirði í Mýrabínghá: að utanverðu milli Næfraness er Grafalækur, eins og hann rennur frá fjalli til fjöru, en að innanverðu milli Innri-Lambadals eru merkin eptir Lambadalsá, neðan frá sjó og fram eftir dalnum, allt þangað til Selá rennur í hana; þar eptir ræður Selá, og allt upp í Tyrfingsskál. En heimilt skal bændum í Innri-Lambadal að hafa til slægna, eins og að undanfögnu, landið milli Selár og Þverár, í svokölluðum Hólum, móti því að Ytri-Lambadalsmenn megi hafa tveggja mánaða beit fyrir 60 sauðfjár á Lambadalshlíð Fjánhús skal þeim og heimilt að byggja þar yfir fé sitt, og fá þar til torf og grjót, þar sem eigi er spillt slægjulandi.

Þessi landamerki eru undirskrifuð og samþykkt af okkur, eigendum beggja jarðanna, og upprituð á Höfða í Dýrafirði þann 3. dag septembermánaðar árið 1889.

Friðrik Bjarnason

Guðrún Jónsdóttir Eigendur Ytri-Lambad.

Jón Sæmundsson

Gísli Oddsson Eigendur Innri-Lambad.

Sem tilkvaddir meðskoðendur að merkjum jarðanna:

Sighvatur Grímsson á Höfða

Guðm. Þórarinsson (handsalað)

[á spássíu] Þinglýst að Mýrum 28 maí 1890

Borgun:

Þingl: 0,75

bók: 0,25

ein Kr.

borgað SkTh.



Lokinhamrar í Auðkúluhreppi, Svalvogur í Þingeyrarhreppi, Hrafnabjörg, Stapadalur, án
blaðsíðutals

N^o 141.

Landamerkjaskrá

Kunnugt gjörist, að landamerki milli Lokinhamra í Auðkúluhreppi og Svalvoga í Þingeyrarhreppi eru eptir gömlum máldögum úr hlíðarstandi strengbergskletti niður úr fjallinu beina sjónhending í klett niður í fjöru, sem kallast „litla barð“, en að sunnan og innanverðu milli Lokinhamra og Hrafnabjarga eru landamerki áin, sem fellur eptir dalnum heilt að upptökum hennar, og þaðan beina sjónhending í fell, sem stendur fyrir miðjum dalbotninum, og kallast Sæólfsfell; milli Hrafnabjarga að innanverðu og Stapadals að utan eru landamerki í stóran standklett í fjörunni milli bæjanna, er kallaður er „Stapi“, og bein sjónhending upp fjallið.

Eignarmaður: Lokinhamra og Hrafnabjarga: Gísli Oddsson

Eignarmaður í Lokinhömrum: Kr. Oddsson

Fyrir hönd Guðmundu Samúelsdóttur sem eiganda að Svalvogum: FR. Wendel

Þorsteinn Benediktsson (prestr) sem umráðamaður Stapadals.

[á spássíu] Þinglýst að Auðkúlu 30. maí 1890

Borgun:

Þingl. 0,75

bókun: 0,25

– ein króna –

borgað SkTh.



Hestfjarðarkot í Hestfirði, án blaðsíðutals

Nº 142

Kristfjárnörðin Hestfjárnkot á land út og vestanvert með Hestfirði í miðjan Seleyrarodda (Jónseyri); þar beint úr oddanum sjónhending og upp á fjallsbrún; innan og sunnanvert frá sjó fram á fauskabrekku að Fjarðará, sem í sjó fellur.

Eyrardal 2. júní 1890

Í umboði hreppsnefndarinnar í Súðavík[u]rhreppi: G. Arason

Í umboði hreppsnefndar Ög[u]rhr: Sigurður Stefánsson G. Bárðarson

[á spássíu] Þinglýst að Súðavík 18. júlí 1890

Borgun:

Þingl: 0,75

bók: 0,25

– ein króna –

borgað SkTh.



Geirastaðir í Bolungarvík í Hólshreppi, án blaðsíðutals

N° 143

Landamerkjalyásing á jörðinni Geirastöðum liggjandi í Hólshreppi innan Ísafjarðarsýslu; milli Miðdals og Geirastaða í svokallað Geirastaðagil í fjallinu, og í læk, sem rennur ofan í vatn.

Milli Hóls- og Geirastaða úr gili í fjallinu ofan í stein á Geirastaðaleiti, merktan G. og H, og þaðan beina línu í fremsta Vatnsneshorn.

Geirastöðum 19. júlí 1890.

Eigendur Hóls:

St. G. Stefánsson

Jón Matthíasson

H. Örnólfsson

Á. M. Árnason

Fyrir hönd Sigríðar Bjarnadóttur: Ólafur Gissursson

Sigurður Þórarinsson

Gísli Árnason

[á spássíu] Þinglýst að Hóli 19. júlí 1890

Borgun:

Þingl: 0,75

bók: 0,25

– ein króna –

borgað SkTh.



Tröð í Bolungarvík, án blaðsíðutals

Nº 144

Landamerki fyrir jörðina Tröð eru að framanverðu úr Stekkjargili að ofan og í stóran stein niðri í engjunum, og þaðan sjónhending ofan í á, og að utanverðu úr stórum steini, er kallast Landísarsteinn, og að neðanverðu í stóran stein í hregnesa og beina leið í Hólsá.

Bolungarvík 13/5 1890.

Sigríður Helgadóttir Kr. Halldórsson

Árni Jónsson (Ísafirði)

Á. M. Árnason.

[á spássíu] Þinglýst að Hóli 19. júlí 1890

Borgun:

þingl: 0,75

bók: 0,25

ein kr.

borgað SkTh.



Minni-Hlíð í Bolungarvík, án blaðsíðutals

Nº 145

Landamerkjalýsing fyrir jörðinni Minni Hlíð

Landamerki á milli Meirihlíðar og Minni hlíðar að heimanverðu: úr stórum steini í bakka á Þjóðólfstunguá, og í svonefnt Veituholt, og þaðan í þúfu í Kaldál og þaðan í tvo steina, sem hvor ber í annan, og sjónhending í Kaldárgil, og eptir því á fjallsbrún. Að framanverðu milli Meiri- og Minni-hlíðar úr rauðum steini við Tunguá, og sjónhending í Mjóateygsgil heimantil við Meiri hlíðar stekk og þaðan á fjallsbrún.

Bolungarvík 12. maí 1890

Eigandi og umráðamaður að Minni hlíð: Jón Sæmundsson. Jón Þórðarson

Á. M. Árnason

Fyrir hönd Ásgeirs verzlunar á Ísafirði

Árni Jónsson

[á spássíu] Þinglýst að Hóli 19. júlí 1890

Borgun:

Þingl: 0,75

bók: 0,25

– ein kr. –

borgað SkTh.



Meiri-Hlíð í Bolungarvík, án blaðsíðutals

Nº 146

Landamerkjalyásing fyrir jörðina Meirihlíð.

Landamerki á milli Meirihlíðar og Minnihlíðar að heimanverðu: (samhljóða merkjaskrá Minnihlíðar). Að framanverðu (sjá Minnihlíð) á milli Meirihlíðar og Traðar eptir sem Stekkjargil segir frá fjallsbrún og í stóran stein efst í engjunum, og þaðan sjónhending eptir merkjum niður að Hólsá. Reka og tolla að Hólsá. – Landamerki milli Meiri hlíðar og Þjóðólfstungu frá Minnihlíðarmerkjum allan dalinn, eptir því sem Tunguá segir fram á hærri Kross og heim í Þverá.

Bolungarvík 12. maí 1890.

Eigandi og umráðamaður Minnihlíðar: Jón Sæmundsson

Eigandi að 2/3 úr Þjóðólfstungu: Jens Ólafsson.

Sem fjárhaldsmaður Sigríðar dóttur minnar að 1/3: Kr. Halldórsson.

Eigendur að Tröð: Kr. Halldórsson. Sigr. Helgadóttir.

Eigendur að Meiri hlíð: Á.M. Árnason. Jón Þórðarson
fyrir hönd Ásgeirsverzlunar á Ísafirði: Árni Jónsson.

[á spássíu] Þinglýst að Hóli 19. júlí 1890

Borgun:

Þingl: 0,75

bók: 0,25

– ein króna –

borgað SkTh.



Ytri-Búðir í Hólshreppi, án blaðsíðutals

N^o 147

Landamerki á Ytri-búðum innan Hólshrepps eru að innan verðu til landamerkja Traðar, nfl. í stóran stein með grasi á utan til við Traðartún og stefna ofan að Hólsá hér um bil í Hólsbæ. Að ofanverðu til fjalls, eins og fjallsbrúnir segja. Að utanverðu að svonefndum Dúnasteini í Grjótleiti á Stigahlíð. Að neðan eptir því sem gras segir inn að Drimlulæk og þaðan eptir miðri lænunni í Hólsá innan og ofan holt við Árbæ. – Reki og tollar fylgja Meiri hlíð.

Bolungarvík 12. maí 1890

Eigendur Traðar: Kr. Halldórsson Sigríður Helgadóttir

Fyrir hönd Ásgeirs verzlunar á Ísafirði: Árni Jónsson. – Jón Þórðarson. –

[á spássíu] Þinglýst að Hóli 19. júlí 1890

Þingl: 0,75

bók: 0,25

– ein Kr.

borgað SkTh.



Þjóðólfstunga í Bolungarvík, án blaðsíðutals

N^o 148

Landamerkjalyásing á jörðinni Þjóðólfstungu.

Milli Þjóðólfstungu og Meirihlíðar og Minnihlíðar er hin svonefnda Þverá landamerki, sem hefir upptök sín í Mánafellsskál, og rennur í Tunguá, og eptir það ræður Tunguá landamerkjum þangað til hún rennur í Hólsá.

En milli Hóls og Þjóðólfstungu er Hólsá landamerki, sem hefir upptök sín úr vatni, sem liggur norðan til við heiðina Gráróu, og heldur áin merkjum ofan í Girðisbrekku; eptir það úr norðari fossi beint í svo nefndan vörðustein, er stendur hæðst á Bungum, og beint úr honum í Bungna-sporðinn, þar sem þær koma saman Hólsá og Litlaá; eptir það ræður Hólsá merkjum þangað sem þær koma saman Hólsá og Tunguá.

Þjóðólfstungu 12. maí 1890.

Eigendur Hóls: fyrir Sigr. Bjarnadóttur: Ólafur Gissursson.

Á. M. Árnason. St. G. Stefánsson

Jón Matthíasson.

Hálfván Örnólfsson.

Eigendur Þjóðólfstungu:

Jens Ólafsson og umráðamaður: Kr. Magnússon.

Sem eigandi Meiri-hlíðar: fyrir hönd Ásgeirsverzlunar á Ísafirði:

Árni Jónsson. Sigr. Helgadóttir.

Eigandi Minni-hlíðar: Jón Sæmundsson.

[á spássíu] Þinglýst að Hóli 19. júlí 1890

Borgun:

Þingl: 0,75

bók: 0,25

– ein kr –

borgað SkTh.



Göltur við Súgandafjörð, án blaðsíðutals

Nº 149

Landamerkjalysing fyrir jörðinni Gelti:

Landamerki milli Galtar og Norðureyrar er svokallað Norðureyrargil; milli Galtar og Keflavíkur er Skínandisgil, norðan til við Burstarurð.

Gelti 2. apríl 1890.

Eigandi Norðureyrar: Sigurborg Bergsdóttir.

Eigandi Galtar: Ólafur Lárentíusson.

Eigendur Keflavíkur: Fyrir hönd Sigr. Bjarnadóttur: Ólafur Gissursson.

Á. M. Árnason.

H. Örnólfsson St. G. Stefánsson.

Jón Matthíasson.

[á spássíu] Þinglýst að Suðureyri 26. júlí 1890

Þingl: 0,75

bók: 0,25

– ein króna –

borgað SkTh.



Villingadalur á Ingjaldssandi í Mýrahreppi, án blaðsíðutals

N^o 150.

Landamerkjaskrá fyrir jörðinni Villingadal í Mýrahreppi.

Milli Sæbóls og Villingadals er merki neðanvert við svonefnda Sýkiseyri úr Langá beint á fjall upp.

Milli Álfadals og Villingadals skiptir Langá landi, allt þangað til Brekkuland tekur við.

Milli Brekku og Villingadals eru landamerki í miðjum Merkishrygg, þaðan beint á fjall upp og beint niður í Langá.

Skrifað á Villingadal 28. júní 1886.

Jón Bjarnason.

G. H. Guðmundsson.

Jón Jónsson.

Guðm. Sturluson.

Ebenezer Þ. Sturluson.

Níels Níelsson

Þorv. Jónsson, fyrir hönd Eyrarkirkju. Sigríður Gissursdóttir. Ragnheiður Halldórsdóttir.

[á spássíu] Innk. 2. ág. 1890

Þingl: 0,75

bók: 0,25

– ein króna –

borgað SkTh.



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS

Staður á Snæfjallaströnd í Snæfjallahreppi og Nes í Grunnavík í Grunnavíkurbhreppi, án
blaðsíðutals

N^o 151

Landamerkjaskrá. Landamerki milli Nes í Grunnavíkurbhreppi og Snæfjalla í Snæfjallahreppi
er lækurinn Mígandi, sem rennur milli Álku og Stofu.

Dynjandi 15. ág. 1890.

Ben. Kr. Benediktsson

séra Páll Stephensen.

[á spássíu] Þinglýst að Stað í Grunnavík 15. ág. 1890

Þingl: 0,75

bók: 0,25

– ein króna –

borgað SkTh.



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS

Bjarnanes á Ströndum og Smiðjuvík á Ströndum í Grunnavíkurhreppi, án blaðsíðutals

N° 152

Landamerkjaskrá

Landamerki milli Bjarnanes og Smiðjuvíkur í Grunnavíkurhreppi er Drífandisfoss að neðan, og neðar eptir Drífandadalsá.

Ögri 1. júní 1889.

Jakob Rósinkarsson.

Kollsá 21. júní 1889.

Jón Arnórsson p.t. oddviti hreppsnefndar Grunnavíkurhrepps.

[á spássíu] Þinglýst að Stað í Grvík 15. ág. 1890.

Þingl: 0,75

bók: 0,25

ein króna

borgað SkTh.



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS

Látravík á Ströndum og Bjarnanes á Ströndum, án blaðsíðutals

Nº 153

Landamerki milli Látravíkur og Bjarnanes er Öxin undir Axarfjalli, og þaðan bein sjónhending upp í hæðstu hyrnuna á Axarfjalli.

Kollsá 21. júní 1889

Jóhann Halldórsson.

J. Arnórsson p.t. oddviti hreppsnefndar Grunnavíkurhrepps

[á spássíu] Þinglýst að Stað í Grvík 15. ág. 1890.

Þingl: 0,75

bók: 0,25

ein króna

borgað SkTh.



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS

Smiðjuvík á Ströndum, Barðsvík á Ströndum og Bolungarvík á Ströndum, án blaðsíðutals

Nº 154

Landamerki milli Barðsvíkur og Smiðjuvíkur er í Barðsvog og bein sjónhending upp í hæðstu hyrnuna á Barðanum; milli Barðsvíkur og Bolungarvíkur er Straumnestá, og bein sjónhending upp í hæðstu nýpu á Straumneshlíð

Stað í Grunnavík 24. júní 1889.

Þorl. Einarsson Jakob Rósinkarsson

Jón Sigurðsson, umboðsmaður Rafnseyrarkirkju

[Á spássíu] Þinglýst að Stað í Grvík 15. ág. 1890

Þingl: 0,75

bók: 0,25

ein króna

borgað SkTh.



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS

Kvía í Lónafirði og Steig í Veiðileysufirði, án blaðsíðutals

N^o 155.

Landamerki milli Kvía og Steigar er svonefndur „maður“ og bein sjónhending til fjalls.

Stað í Grunnavík 24. júní 1889

Pétur M. Þorsteinsson

Þorleifur Einarsson

[á spássíu] Þinglýst að Stað í Grvík 15. ág. 1890

Þingl: 0,75

bók: 0,25

ein króna

borgað SkTh.



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS

Álfstaðir í Hrafnfirði og Kvíar í Lónafirði ásamt eyðijörðum í Lónafirði, án blaðsíðutals

Nº 156

Landamerki milli Álfstaða og Kvía ásamt eyðijörðum í Lónafirði er Meleyri, og þaðan bein sjónhending neðan til fjalls.

Stað í Grunnavík 24. júní 1889.

Pétur M. Þorsteinsson

[Á spássíu] Þinglýst að Stað í Grvík 15. ág. 1890

Þingl: 0,75

bók: 0,25

– ein króna –

borgað SkTh.



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS

Hrafnfjarðareyri við Hrafnfjörð og Álfstaðir í Hrafnfirði, án blaðsíðutals

Nº 157

Landamerki milli Hrafnfjarðareyrar og Álfstaða er Skorará.

Stað í Grunnavík 24. júní 1889

Pétur M. Þorsteinsson.

[Á spássíu] Þinglýst að Stað í Grvík 15. ág. 1890

Þingl: 0,75

bók: 0,25

ein króna

borgað SkTh.



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS

Kjós í Jökulfjörðum og Hrafnfjarðareyri við Hrafnfjörð, án blaðsíðutals

N^o 158

Landamerki milli Kjósar og Hrafnfjarðareyrar eru Landsdeildarhólar, eða öðru nafni Kjósarhólar, og þaðan sjónhending í miðjan Björnshrygg og beint til fjalls.

Stað í Grunnavík 24. júní 1889

Pétur M. Þorsteinsson

[Á spássíu] Þinglýst að Stað í Grvík 15 ág. 1890

Þingl: 0,75

bók: 0,25

– ein króna –

borgað SkTh.



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS

Leira í Leirufirði og Kjós í Jökulfjörðum, án blaðsíðutals

Nº 159

Landamerki milli Leiru og Kjósar eru Vegalækur, og þaðan bein sjónhending í Gassaklett og bein sjónhending þaðan og til fjalls.

Stað í Grunnavík 24. júní 1889

Pétur M. Þorsteinsson

[Á spássíu] Þinglýst að Stað í Grvík 15. ág. 1890

Þingl: 0,75

bók: 0,25

ein króna

borgað SkTh.



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS

Dynjandi í Leirufirði, Leira í Leirufirði og Öldugil í Leirufirði í Grunnavíkurbhreppi, án
blaðsíðutals

Nº 160

Landamerkjaskrá fyrir landamerkjum á milli Leirujarðar ásamt Öldugilslandi og Dynjanda,
öllum í Grunnavíkurbhreppi.

Landamerki milli Leiru ásamt Öldugilslandi tilheyrandi Staðarkirkju í Grunnavík og Dynjanda,
eign Elíasar bónda Ebenezerssonar á Leiru og Jóns Sigurðssonar bónda í Arnardal eru:
Skógarlækur ytri þó svo, að hinn innri, sem úr fjallgilinu rennur, er álitinn að vera hinn einu
réttu landamerki.

Til staðfestu eru nöfn vor undirskrifuð.

28. dag júnímán. 1889.

Pétur M. Þorsteinsson (prestur á Stað í Grunnavík)

Elías Ebenezersson (Eigandi hálfis Dynjanda)

Jón Sigurðsson (Eigandi hálfis Dynjanda)

[Á spássíu] Þinglýst að Stað í Grvík 15. ág. 1890

Þingl: 0,75

bók: 0,25

ein kr.

borgað SkTh.



Höfði í Jökulfjörðum og Dynjandi í Leirufirði, án blaðsíðutals

N^o 161

Landamerki milli Höfða tilheyrandi Staðarkirkju í Grunnavík og Dynjanda eign Elíasar bónda á Leiru og Jóns Sigurðssonar bónda í Arnardal eru: Flæðarhóll og bein sjónhending þaðan í efsta fossinn í Fossadalsá, þannig milli fjalls og fjöru.

Til staðfestu eru nöfn vor undirskrifuð.

28. dag júnímán. 1889.

P.M. Þorsteinsson prestur

Elías Ebenezersson (Eigandi hálfis Dynjanda)

Jón Sigurðsson (Eigandi hálfis Dynjanda)

[á spássíu] Þinglýst að Stað í Grvík 15. ág. 1890

Þingl: 0,75

bók: 0,25

ein króna

borgað SkTh.



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS

Kollsá í Jökulfjörðum og Höfðaströnd í Jökulfjörðum, án blaðsíðutals

N° 162

Landamerki milli jarðarinnar Kollsár í Gr[unna]víkurhreppi tilheyrandi Staðarkirkju í Grvík og Höfðastrandar tilheyrandi Magnúsi kaupmanni á Ísafirði og fl. eru: Bein lína úr innri Tanga við Gunnsteinsbót, og þaðan bein sjónhending upp í Hrafnarbjargarhorn.

Stað í Grunnavík 24. júní 1889.

P.M. Þorsteinsson G. Finnbjarnarson

M. Jochumsson

[á spássíu] Þinglýst að Stað í Grvík 15. ág. 1890

Þingl: 0,75

bók: 0,25

ein króna

borgað SkTh.



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS

Höfðaströnd í Jökulfjörðum og Höfði í Jökulfjörðum, án blaðsíðutals

N^o 163.

Landamerki milli jarðarinnar Höfða í Grunnavíkurbreppi tilheyrandi Staðarkirkju í Grunnavík og Höfðastrandar í sama hreppi tilheyrandi Magnúsi kaupmanni Jochumssyni á Ísafirði og fl. eru Deildará.

Stað í Grunnavík 24. júní 1889.

P.M. Þorsteinsson Guðm. Finnbjörnsson

M. Jochumsson samþykkir.

[á spássíu] Þinglýst að Stað í Grvík 15. ág. 1890

Þingl: 0,75

bók: 0,25

ein króna

borgað SkTh.



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS

Faxastaðir í Grunnavík, Sútarabúðir í Grunnavík, Oddsflöt í Grunnavík og Staður í
Grunnavík, án blaðsíðutals

N^o 164

Landamerki milli Staðar og Faxastaða ásamt Oddsflöt og Sútarabúðum er Staðará. –
Landamerki milli Staðar og Kollsár er Kálfhamar á Staðarhlíð og þaðan bein sjónhending þvert
neðan og yfir Staðarhlíð í Hildarhaug.

Stað í Grunnavík 24. júní 1889.

P.M. Þorsteinsson.

[á spássíu] Þingl. að Stað í Grvík 15. ág. 1890

Þingl: 0,75

bók: 0,25

ein kr.

borgað SkTh.



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS

Faxastaðir í Grunnavík og Oddsflöt í Grunnavík, án blaðsíðutals

N° 165

Landamerki milli Faxastaða og Oddsflatar er varða, sem stendur á holti hjá Staðará, og sjónhending úr vörðunni og upp hádegishorn; ábúandi hefir frían mósukurð í Hraukhólsmýri, meðan endist.

Stað í Grunnavík 24. júní 1889

Pétur M. Þorsteinsson.

[á spássíu] Þinglýst að Stað í Grvík 15. ág. 1890

Þingl: 0,75

bók: 0,25

– ein króna –

borgað SkTh.



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS

Sútarabúðir í Grunnavík og Oddsflöt í Grunnavík, án blaðsíðutals

Nº 166

Landamerki milli Oddsflatar og Sútarabúða er lækurinn „Gegnir“ að neðanverðu og sjónhending í Bulluholt, og þaðan sjónhending utan til við svonefnda „Skál“. Ábúendur Oddsflatar og Sútarabúða hafa fría selstöðu og fjárbeit í Faxastaðalandi í Staðardal. Hraukhólsmýrar hafa ábúendur áður nefndra jarða sinn helminginn hvor.

Stað í Grvík 24. júní 1889

Pétur M. Þorsteinsson.

[á spássíu] Þinglýst að Stað í Grvík 15. ág. 1890

Þingl: 0,75

bók: 0,25

ein króna

borgað SkTh.

[Bætt við síðar í landamerkjabók] Breytt 5. okt 1913 Litr. H.nr. 76.



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS

Nes í Grunnavík og Sútarabúðir í Grunnavík, án blaðsíðutals

Nº 167

Landamerki milli Sútarabúða og Nes í Grvík [Grunnavík] er Kumlá.

Dynjanda 6. júní 1889

Stað í Grvík 24. júní 1889

Ben Kr. Benediktsson

P.M. Þorsteinsson.

[á spássíu] Þingl. að Stað í Grvík 15. ág. 1890

Þingl: 0,75

bók: 0,25

Kr. 1,00

borg. SkTh.



Staður í Grunnavík, án blaðsíðutals

N^o 168

Rekaskrá Staðarkirkju í Grunnavík í Ísafjarðarsýslu.

Staðarkirkja í Grunnavík á allan hvalreka og viðarreka í þessum eptirgreindu eignarjörðum sínum: Sútarabúðum, Oddsflöt, Stað, Kollsá, Höfða, Leiru, Kjós, Hrafnfjarðareyri, Álfstöðum, Kvíum.

Einnig á hún sjöttung í öllum gæðum og viðarreka og hvalreka í Smiðjuvík, og tvo hluti bergtolls í Bolungarvík, og tólf tung í hvalreka milli Árósa og Barðsvíkur; í eignarjörð sinni Hlöðuvík á hún allan viðarreka. Hálfan hvalreka í sömu jörð og sextánda hverja vætt að auk, og einnig fjórðung í hvalreka að auk, er Einar Eiríksson gaf kirkjunni 1575, en frágengur af hvalreka til Vatnsfjarðarkirkju tuttugasta hver vætt. – Í Kjaransvík á kirkjan tólf tung í viðarreka og hvalreka og öllum gæðum; og í Rekavík bak Látur á hún tólf tung í hvalreka og XVI. hlut að auk og tólf tung í viðarreka og öllum gæðum.

Þetta er samkvæmt Wilchins máldaga 1397 og Gísla máldaga 1575.

Stað í Grunnavík 24. júní 1889.

Pétur M. Þorsteinsson.

[á spássíu] Þinglýst að Stað í Grvík 15. ág. 1890

Þingl: 0,75

bók: 0,25

– ein króna –

borgað SkTh.



Garður í Aðalvík, án blaðsíðutals

N^o 169

Landamerkjaskrá fyrir Görðum í Aðalvík

Að utanverðu (í áttina út til Skáladalsbjargs) eru landaskil milli Garða og Sæbóls, sem einnig á land fyrir utan: neðst gamalt garðbrot, er liggur út og upp að merkjarúfu; frá þessari merkjarúfu eru merkin í beina línu beint út að merkjalæk; síðan ræður þessi merkjalækur löndum, eptir því sem hann liggur upp til fjalls að upptökum sínum. Þegar læknum sleppir eru landamerkin í beina stefnu uppá hábrún fyrir utan Garðadal og svonefnda „Leið“; eptir fjallinu ræður hábrúnin merkjum.

Milli jarðanna Garða og Sæbóls að neðanverðu (sem til sjávar veit) liggja landamerkin frá neðri enda garðbrotsins, sem nefnt var, á snið fram og ofan í Traðará, eptir því sem tún jarðanna liggja að á báða vegu. Svo ræður Traðará löndum, eins og hún rennur til sjávar; með sjó fram hefir jörðinni Görðum verið talið land allt ofan að sjó frá ómunatíð og yfir í Sigmundarlæk; svo upp eptir Sigmundarlæk og í Hrútslæk, er löndum beggja jarðanna skiptir að framan verðu (fram í Aðalvíkina). Svo þegar Hrútslækur endar þá eptir beinni línu, sem hugsast dregin beint upp á fjallsbrún.

Görðum 9. jan. 1890.

F. Finnbjörnsson.	Dós. Hermannsson
M. Finnbjörnsson	Jósep Gíslason
G. Sigurðsson	B. Jónsson
	Borgar Jónsson

[á spássíu] Þinglýst að Sléttu 16. ág. 1890

Þingl: 0,75

bók: 0,25

– ein króna –

borgað SkTh.



Eyrardalur í Álftafirði, án blaðsíðutals

N^o 170

Jörðin Eyrardalur á land frá Þórðarsteinum, er standa á bökkunum milli Hlíðar og Langeyrar; frá þeim upp að Randarsteini, og frá honum beint upp á fjallsbrún út að Eyrardalsá, er rennur ofan fyrir utan Eyrardalstún fram með ánni að innanverðu fram í ártungur, og þaðan vestan til upp með Þverá upp í Skákarskarð (sic!) á Sauradal.

Eyrardal 18. ág. 1890.

Guðmundur Arason

Gunnlaugur Gunnlaugsson (handsalað)

Hjalti Sveinsson.

[á spássíu] Innk. 25. ág. 1890

Þingl: 0,75

bók: 0,25

– ein króna –

borgað SkTh.



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS

Saurar í Álftafirði, án blaðsíðutals

N^o 171

Jörðin Saurar á land frá miðju Djúpagili á Sauradal og ofan utan til með Eyrardalsá í sjó út í mitt Traðargil, er vísar frá fjallsbrún til fjöru.

Eyrardal 18. ág. 1890.

Guðmundur Arason

Hjalti Sveinsson

[á spássíu] Innk. 25. ág. 1890

Þingl: 0,75

bók: 0,25

– ein króna

borgað SkTh.



Tröð í Álftafirði, án blaðsíðutals

Nº 172

Jörðin Tröð á land frá stálþráðgirðingunni, er skilur túnin Tröð og Súðavík, sjónhendingu frá girðingunni eptir vörðum, er standa í beinni línu neðan engjarnar, og frá þeim sjónhendingu eptir skriðu skurði uppí fjallsbrún, og fram í mitt Traðargil; enn fremur stykkið á Sauradal frá miðju Djúpagili fram að Þverá, sjónhendingu eptir ánni upp í Skákarskarð á Sauradal.

Eyrardal 25. ág. 1890

Guðmundur Arason

Hjalti Sveinsson

Á. Sveinsson.

[á spássíu] Innk. 25. ág. 1890

Þingl: 0,75

bók: 0,25

– ein króna –

borgað SkTh.



Dvergasteinn í Álftafirði, án blaðsíðutals

N^o 173

Jörðin Dvergasteinn á land utan til uppmeð Dvergasteinsá upp í ártungu, og þaðan liggja merkin neðan með vestari ánni upp á Dalabrekkur, og þaðan eptir vörðum, er standa í beinni línu upp á fjallsbrún; frá þessum merkjum út í miðjan „merkishrygg“ á milli Dvergasteins og Hlíðar, er vísar frá fjallsbrún ofan í miðja Pottvík.

Eyrardal 18. ág. 1890.

Guðm. Arason

Ásgeir Ásgeirsson

Gunnlaugur Gunnlaugsson (nafnið handsalað)

Hjalti Sveinsson.

[á spássíu] Innk. 25. ág. 1890

Þingl: 0,75

bók: 0,25

ein króna

borgað SkTh.



Hlíð í Álftafirði, án blaðsíðutals

N° 174

Jörðin Hlíð á land frá miðjum merkishrygg, milli Dvergasteins og Hlíðar, er vísar frá fjallsbrún ofan í miðja Pottvík, og þaðan beint í sjó út að Þórðarsteinum, er standa á bökkunum milli Hlíðar og Langeyrar; frá þeim upp að „Randarsteini“, er stendur uppi á hjöllumunum, og frá honum beint upp á fjallsbrún.

Eyrardal 18. ág. 1890.

Guðm. Arason

Gunnlaugur Gunnlaugsson (handsalað)

Hjalti Sveinsson.

[á spássíu] Innk. 25. ág. 1890

Þingl: 0,75

bók: 0,25

– ein króna

borgað SkTh.



Súðavík í Álftafirði, án blaðsíðutals

Nº 175

Jörðin Súðavík á land frá stálþráðgirðingunni, sem að skilur túnin Tröð og Súðavík, sjónhending eptir vörðunum, sem standa í beinni línu upp eptir engjunum, og frá þeim sjónhendingu eptir skriðuskurðinum næsta fyrir innan lækinn í Traðarupsunum beint uppá fjallsbrún.

Að utanverðu á Súðavík land útað svo kölluðum Brúðarhamri, sem er klömp næst fyrir innan svokallaða „Götu“ á Súðavíkurhlíð beina sjónhendingu upp á fjallsbrún.

Súðavík 26. ág. 1890.

Hjalti Sveinsson. Á. Sveinsson

Guðm. Arason. Jón Sigurðsson.

Fyrir hönd Ásgeirsverzlunar á Ísafirði: Á. Jónsson

Hildur Jakobsdóttir. Sveinbjörn Einarsson.

[á spássíu] Innk. 26. ág. 1890

Þingl: 0,75

bók: 0,25

ein kr.

borgað SkTh.



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS

Vigur í Ögurhreppi, án blaðsíðutals

N^o 176.

Vigur:

Jörðin Vigur í Ögurhreppi í Ísafjarðarsýslu 39.6 hndr. að dýrleika, nýtt mat, er ey og ræður sær landamerkjum hennar á alla vegu. Geldfjár upprekstur og skógartak á hún í almenningum Ögurhrepps í Skötufirði og Hestfirði

Gjört í Ögri 19 maí 1890

Sigurður Stefánsson eigandi 8 hndr. fm

fyrir hönd Ásgerðar Einarsdóttir á Borg: Jón Einarsson

Sigmundur Erlingsson

Jakob Rósinkarsson (hreppsnefndaroddviti)

[á spássíu] Innk. 25 sept 1890

Borgun

Þingl. 0,75

bókun 0,25

ein króna

Borgað Sk. Th



Svarfhóll í Álftafirði í Súðavíkurbreppi, án blaðsíðutals

Nº 177

Svarfhóll í Súðavíkurbreppi í Ísafjarðarsýslu, sem er ljensjörð prestsins í Øgurþingum og 20,6 hndr. nýtt mat, á land frá fjöru til fjalls frá Merkigili milli Svarthamars og Svarfhóls inn að Seljalandsá, er rennur ofan með Seljalandstúni að utanverðu. Einnig land allt vestanmegin fjarðarár frá Vatnagiljum ^{p.e. Valagiljum} og sem vötnum hallar frá jökli. Óskipt upprekstrarland á móts við Minni Hattardal austanmegin Fjarðarár eður Klifhlíð alla frá Fellshálsskarði út í Fjarðarhorn. Slægjubletti þá, sem eru á sameignarlandi þessu notar Hattardalur annað árið en Svarfhóll hitt.

Reka, landshlut og fjörunytjar á landi þessu eiga jarðirnar til helminga.

Vigur 18 Júlí 1890

Sigurður Stefánsson (prestur til Øgurþinga)

Samþykkur: Skúli Thoroddsen umboðsmaður Hattardals.

[á spássíu] Innk. 25 sept 1890

Borgun

þingl: 0,75

bókun: 0,25

1,00

Borgað Sk. Th



Tunga í Önundarfirði, án blaðsíðutals

N^o 178.

Landamerkjabréf fyrir jörðina Tungu í Önundarfirði 1890.

Landamerki milli Tungu og Hóls ræður svokölluð Tunguá, er rennur frá fjalli í svonefnda Hestá (athgr:) Fyrir mörgum árum hefir Tunguá breytt farveg sínum og rennur nú nokkuð nær Tungu eptir eyrunum og má glöggst sjá farveg hvar áin hafði áður runnið og hefir Tunga haft þessar eyrar milli árinna og farvegsins til slægna árlega.

Flateyri 11/3 – 90

Margrjet Bjarnadóttir Torfi Halldórsson

Þorkatla Bjarnadóttir

B.H. Kristjánsson.

Landamerki milli Tungu og Hestþorps ræður svokölluð Hestá til fjalls. (athugagr.): áður hafði Hestá runnið austan við svonefnda Hvolpalænuhólma en nú fellur áin Tungumegin en hólminn er eign Tungu og árlega sleginn þaðan.

Tungu 11/3 – 90.

Margrjet Bjarnadóttir Jóhannes Kristjánsson

Þorkatla Bjarnadóttir Þorvaldur Ingimundarson

B. H. Kristjánsson Sigríður Jónasdóttir

Matth. Ólafsson

[á spássíu] Innk. 28. marts 91

Borgun:

Þingl. 0,75

bókun 0,25

1,00

Borgað Sk Th.



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS

Hrafseyri við Arnarfjörð, án blaðsíðutals

N^o 179.

Landamerki Rafnseyrar:

Þorbjarnará að innan og milli Rafnseyrar og Auðkúlu, þjóðvegurinn yfir Rafnseyrarheiði ofan að Geldingadalsá, og síðan ræður Rafnseyrar merkjum til sjóar.

Merki þessi, eptir sátt og samningi milli eiganda Auðkúlu, Ólafs Ólafssonar og prestsins að Rafnseyri Odds Sveinssonar 12 marz 1857.

Rafnseyri 1 marz 1890

Þorsteinn Benediktsson

[Á spássíu] Innk. 28. apríl 1891

Borgun

Þingl. 0,75

bókun 0,25

1,00

borgað SkTh.



Hrafnseyri við Arnarfjörð, án blaðsíðutals

N^o 180.

Samkvæmt eptirriti af Wilchins máldaga (bls 29) á kirkjan á Rafnseyri Hornströnd alla með öllum gæðum, tolli og viðum hvorutveggja og Látravík. Ennfremur.

Þetta lagði Tómas Snartarson til kirkjunnar á Eyri: sjöttung hvalreka í Fljóti, sjöttung í hvalreka í Hlöðuvík, þriðjung í hvalreka og hinn sextánda hlut á Grjótleiti í Kagaðarvík og Sandvík, tólf tung hvalreka á Hornströnd. Ennfremur á kirkjan hvalreka á Sljettanesi milli Kollugötu og Tóargils. 60 hesta hrísrif í Kirkjuhólsskógi á hausti hverju.

Rafnseyri 1 mai 1887

Þorsteinn Benediktsson (prestur að Rafnseyri)

Itök þessi eptirrituð eptir visitatiu Anno 1733

Þorsteinn Benediktsson

~~Itök~~

[Á spássíu] Innk 28 apríl 1891

Borgun

Þingl. 0,75

bókun 0,25

1,00

Borgað Sk. Th.



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS

Engidalur í Skutulsfirði í Eyrarhreppi, án blaðsíðutals

N^o 181.

Skrá yfir landamerki Engidals í Eyrarhreppi, sem er eign Holtskirkju í Önundarfirði.

Merkin eru þessi: Svo nefndur Kuldaklettur í neðri fjallsbrúninni, þaðan beint ofan í stein sem stendur á bala niðri á engjunum og þaðan þráðbeint ofan í ána, er ræður landamerkjum í dalnum.

Holti 27 maí 1890

Janus Jónsson.

[á spássíu] Innk. 28. apríl 1891

Borgun

Þingl. 0,75

bókun. 0,25

1,00

borgað Sk. Th.



Mýrar í Dýrafirði, Fell í Dýrafirði og Lækjarós í Dýrafirði, án blaðsíðutals

N^o 182

Lýsing á landamerkjum, jarðanna Mýra, Fells og Lækjaróss ásamt ítökum Mýrakirkju í Dýrafirði.

Að innanverðu eiga Mýrar allt inn að Gemlufellsá og veiði í ánni og svo fram eptir Mýrardal sem áin heldur svo langt sem vötnum hallar til Dýrafjarðar að Folaldalgili, og svo hinu megin á dalnum Gemlufallsmegin þvert yfir en heim eptir sem þessi örnefni takmarka: Hrútahjalla, Fjalldal og Háfadal með Söðlum og það heim í Litladalsá með hálfum Litladal að framanverðu.

Á þá ytri síðu sem Kýrá heldur innri hluta Vatnadals á móts við Folaldagil, að neðanverðu, sem reiðgata heldur í Langalæk og svo eptir honum allt í Keldusef, er stenst á við Mýrafellsseta og skilur landamerki Fells og Mýra.

Fells landamerki eru eptir Langalæk og í hinn efra Grástein og úr honum beint í Löngulág og frá Löngulágarenda þar sem vegir skiptast út eptir Móabörðum beint í miðklettinn í Fellstaglinu, svo þaðan sem tvær fuglstapaþúfur greina sjónhending í hvítt berg sem sjá má neðarlega í Mýrafelli. Að utan verðu eiga Mýrar allt Mýrafell í þann Ytri hagagarð, fráteknu því beitar ítaki, sem Ástríðarlækur á hagagarða á milli, svo framt Lækjar ábúendur upphaldi þeim innri hagagarði til jafnaðar við Mýramenn.

Að innanverðu eru landamerki á engjum milli Mýra og Lækjaróss úr Grjóthlaði og niður í stein á bökkunum ofantil við Vaðalinn, innantil við Keldusef og á Mýrarland að neðanverðu þangað sem Vaðallinn rennur í sjóinn. En sameiginleg beit er á dalnum fyrir báðar jarðirnar eptir þörfum.

Þessi eru ítök kyrkjunnar á Mýrum:

Skógur frá Hvallátradalsá til Hestagötu gils, skógarhögg fyrir sunnan á vestan fram í Dýrafjarðarbotni, niður frá Kleifum en ekki þann teig, sem næstur er Kleifunum. Þriðjungur ískyldu í Mýrdal, fyr-fyrir [svo], ofan garðlag, sem gjört er fyrir geld fje, og eru þar stóðhross og svín heimil til ískipunar með öðrum búsmala.

Torfskurð svo mikinn sem vill í Garðalandi. Allar fjörunytjar að helmingi með hálfum reka frá Haukslæk og allt til þess að sjer mann fyrir skáladyrum í Nesdal að hálföllnum sjó. Skálagjörð á Fjallaskaga fyrir átrætt skip með búðargjörð og taki sjálfir toll af skipverjum ef aðrir róa, en heimamenn eiga reit yst á möl og þoki aðrir fyrir þeim svo þá ekki skorti pláss. Heimil selveiði frá Mýrum að öllum hluta sem geta veitt, en að fjórðung ef enginn veiðir þeirra sem á.

Fimmtán kúgylda beit í Nesdal krossmessna á milli. Kyrkjan á Paralátursfjörð í Grunnavíkursókn og Rekavík bak Höfn, auk þess á kyrkjan frí tollver í Skálavík, í minna Bakkalandi fyrir átrætt skip með öllum vergögnum ristu stungu, búðargjörð og því öðru, er nauðsynlega með þarf.

Mýrum 12. des. 1889



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS

Guðrún Jónsdóttir

Guðný Guðmundsdóttir eigendur Mýra og meiri Garðs og Fells.

G. H. Guðmundsson eigandi Minna Garðs og Klukkulands.

Sem eigandi Gemlufalls að þremur fjórðu pörtum: Jens Guðmundsson

Kristjana Þorsteinsdóttir eigandi að einum fjórða parti í Gemlufalli

Janus Jónsson fyrir Holt og Læk

[á spássíu] Innk. 28 apríl 1891

Borgun

þingl. 0,75

bókun. 0,25

1,00

Borgað Sk. Th.



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS

Múli í Nauteyrarhreppi, án blaðsíðutals

N^o 183

Landamerki fyrir Múla í Nauteyrarhreppi eru að innan Alptakróará frá sjó og Búrfell og svo þaðan fram sem vötnum hallar fram á fjallgarð, að utan Múla frá sjó og í Moryldisfoss.

Múla 13 Júlí 1889

Kristján Þorláksson

St. Stephensen (pr. í Vatnsfirði)

Jón Halldórsson

Móises Illugasson

Páll Pálsson

[á spássíu] Innk 28 apríl 1891

Borgun

þingl. 0,75

bókun 0,25

1,00

Borgað Sk. Th.



Skýrsla um landamerki á jörðinni Steinólfstöðum í Grunnavíkurbreppi

Merkin eru þessi: Norðan fram með Veiðileysufirði sem liggur að Marðareyrar landareign, er út í Merkiseyrarlæk til fjallsbrúnar á hæðstu rögg fjallsins í kringum alla Steinólfsstaðadali, í Hlöðuvíkurskarð, og þaðan austur yfir fjallabrunir í Hafnarskarð; þaðan ofan eptir fjarðaránni sem rennur í sjó í fjarðarbotninum og skilur Steigarland frá ofanefndri jörð Steinólfsstöðum. Fjara og reki með öllu landi er óskertur.

Allir hlut-að-eigendur votta rjett skrá sett með undirrituðum nöfnum.

Eigendur að Steinólfsstöðum að fornu mati:

Sigurður Gíslason 3 hndr.

Hjálmar Jónsson 2 hndr. 56 áln.

Kristján Jónsson „ – 64 –

Eigendur Steigar

Þorleifur Einarsson

Jón Vagnsson

Jens Jóhannesson.

[á spássíu] Innk. 28. apríl 1891.

Borgun

þingl 0,75

bókun: 0,25

1,00

borgað SkTh.



Stakkadalur í Aðalvík í Sléttuhreppi, án blaðsíðutals

N° 185

Landamerkjaskrá þjóðjarðarinnar Stakkadals í Sléttuhreppi

Skúli Thoroddsen sýslumaður í Ísafjarðarsýslu og umboðsmaður þjóðjarða í Sléttuhreppi.

Gjörir kunnugt: að landamerki milli Stakkadals og neðri Miðvíkur eru í Kleif og í Klömp fram úr Kleifinni, og þaðan sjónhending eptir Mannhrygg, og svo sem fjallgarðsbrúnir segja.

Milli Stakkadals og Látra eru merkin úr Fimmþúfnaklakk og beina sjónhending í þúfu neðan til við vatnið, og eru þar merki sett; svo eru merkin að ofan frá Múla fyrgreindum, og eru þar merki sett stór steinn, sem upphaflegu var merkjasteinn, á hann er hlaðið fimm steinum; síðan eru gjörð merki þaðan frá ofan í dálitinn bug ofan í krók á ánni, þaðan í sef við á áarmynnið, og þar sett merki; síðan eru merkin yfir og í fyrgreinda þúfu fyrir neðan vatnið.

Til staðfestu er nafn mitt og embættisinnsgli

Skrifstofu Ísafjarðarsýslu 29 apríl 1891

Skúli Thoroddsen

Merkjaskrá þessa samþykkir

Sigurður Gíslason eigandi Stakkadals.

[á spássíu]

Borgun

þingl. 0,75

bókun 0,25

1,00

borguð Sk Th.



Látrar í Aðalvík í Sléttuhreppi, án blaðsíðutals

N° 186

Merkjaskrá Látra í Sléttuhreppi

Milli Látra og Þjóðjarðarinnar Stakkadals eru merkin: úr Fimmþúfnaklakk og beina sjónhending í þúfu neðan til við vatnið, og eru þar merki sett, svo eru merkin að ofan frá múla fýrgreindum, og eru þar merki sett, stór steinn sem upphaflega var merkjasteinn, á hann er hlaðið fimm steinum, síðan eru gjörð merki þaðan frá ofan í dálítinn bug ofan í krók á ánni þaðan í sef við áarmynnið, og þar sett merkji, síðan eru merkin yfir og í fýrgreinda þúfu fyrir neðan vatnið

Milli Látra og Rekavíkur eru merkin úr Hákjöl á Hvestu beint niður í stóru Hagaurð og framanhalt úr urð þeirri og beint yfir vatnið í Grasdalsá; Látramegin við vatnið, og skilur nefnd á fram nefndan dal í miðjan dalbotn inn, í efstu fjallsbrún og af dalbotni þeim beint vestur eptir Látrafjalli í Ytri Kvíarhyrnu og beint niður í sjó í standklett þann er ~~nefndur~~ nefndur er Stapi við framfjöru

Látrum 10 apríl 1891

Sigurður Gíslason fyrir hönd eiganda Látra

Merkjaskrá þessa samþykkir

Skúli Thoroddsen umboðsmaður Stakkadals og Rekavíkur

[á spássíu] Innk. 29 apríl 1891

Borgun

Þingl. 0,75

bókun 0,25

1,00

borgað Sk. Th.



Rekavík bak Látur í Sléttuhreppi, án blaðsíðutals

N° 187

Landamerki þjóðjarðarinnar Rekavíkur í Sléttuhreppi eru sem hjer segir: Milli Rekavíkur og Látra eru merkin úr Hákjöl á Hvestu, beint niður í stóran ~~stein~~ ^(Stóru Hagaurð) Hagurð og framanhalt úr urð þeirri og beint yfir vatnið í Grasadalsá, Látramegin við vatnið, og skilur nefnd á framnefndan dal í miðjum dalbotninum í efstu fjallsbrún, og af dalbotni þeim beint vestur eptir Látrafjalli í Ytri Kvíarhyrnu og beint niður í sjó í standklett þann er ~~æ~~ nefndur er Stapi við framfjöru

Skrifstofu Ísafjarðarsýslu 29 apríl 1891

Skúli Thoroddsen

Samþykkir

Sigurður Gíslason fyrir hönd eigenda Látra.

[á spássíu] Innk. 29/4 '91

borgun

Þingl. 0,75

bókun 0,25

1,00

borgað SkTh.



Minni-Hattardalur í Álftafirði í Súðavíkurbæ, án blaðsíðutals

Nº 188

Skúli Thoroddsen sýslumaður í Ísafjarðarsýslu og umboðsmaður þjóðjarða í Álftafirði í Súðavíkurbæ Gjörir kunnugt: Landamerki Hattardals minni eru sem hér segir:

Milli Hattardals meiri og Hattardals minni ræður Langá merkjum, unz hún rennur í Hattardalsá, sem þá skilur lönd til sjóar. Milli Hattardals og kirkjujarðarinnar Svarfhóls ræður Fjarðará merkjum frá Valagiljum og sem vötnum hallar framan frá jökli. Óskipt upprekstrarland á Hattardalur minni á móts við Svarfhól austan megin Fjarðará, eður Klifhlíð alla frá Fellshálsskarði út í Fjarðarhorn. Slægjubletti þá sem eru á sameignarlandi þessu, notar Hattardalur annað árið en Svarfhóll hitt. Reka, landshluti og fjörunytjar á landi þessu eiga jarðirnar til helminga.

Til staðfestu er nafn mitt og embættisinnsgli

Skrifstofu Ísafjarðarsýslu 29 apríl 1891

Skúli Thoroddsen

Samþykkur

Sig. Stefánsson (prestur Øgurþinga)

[á spássíu] Innk. 29/4 '91.

borgun

þingl. 0,75

bókun 0,25

1,00

borgað Sk. Th.



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS

Hagakot í Ögurhreppi, án blaðsíðutals

N^o 189

Landamerkjalysing fyrir jörðinni Hagakoti í Ögurhreppi.

Að vestanverðu ræður Laugadalsá; að sunnanverðu úr vörðu á bæjareyrinni beina sjónhending í hádegisvörðu á brúninni. Að austanverðu eins og vötnum hallar til sjávar í Grænavog.

Hagakoti 10. maí 1891

Kristín Hansína Jónsdóttir.

St. P. Stephensen. Þórðr Jónsson

Jón Einarsson

[á spássíu] Þinglýst að Ögri 19. maí 1891

Borgun:

þingl: 0,75

bók: 0,25

– ein króna –

borgað SkTh.



Hrafnabjörg í Ögurhreppi, án blaðsíðutals

N^o 190

Landamerkjalyásing fyrir jörðinni Hrafnabjörgum í Ögurhreppi.

Að sunnanverðu í vörðu á vatnsbakka og í vörðu á Götu hjalla enda; Hrafnabjörg eiga frítt mótak við merkin í Birnustaða landi. Að austanverðu ræður brún; á norðanverðu úr vörðu á bæjareyrinni beina sjónhending í hádegisvörðu á brúninni.

Hagakoti 10. maí 1891.

Kristín H. Jónsdóttir, eigandi Hagakots og Hrafnabjarga. Jón Magnússon

Jónas Bjarnason.

Guðm. Bárðarson.

[á spássíu] Þinglýst að Ögri 19. maí 1891

Borgun:

þingl: 0,75

bók: 0,25

– ein króna –

borgað SkTh.



Eiríksstaðir í Ögurhreppi, án blaðsíðutals

N^o 191

Landamerki fyrir jörðina Eiríksstaði í Ögurhreppi.

Milli Efstadals og Eiríksstaða skilur varða við Laugardalsá og úr henni bein sjónhending úr vörðu í miðjum dalbotninum; en milli Birnustaða og Eiríksstaða eru merki Klettavík við vatnið og bein sjónhending upp í hundapúfu á brúninni, en Eiríksstaðir eiga fría beit og skógarítak ofan í Sellág í Birnustaða landareign. – Ögurkirkja á fría nautagöngu á Þverhlíð í Eiríksstaða landareign.

Ögri 16. maí 1891

Jón Einarsson.

Einar Magnússon (Eigendur að Efstadals) Jónas Bjarnason (eigandi að Birnustöðum)

Guðm. Pálsson (Fyrir hönd Sigr. Bjarnadóttur eiganda að Eiríksstöðum)

Jónas Bjarnason (fyrir hönd G. Bárðarsonar, eiganda að Birnustöðum.[])

[á spássíu] Þinglýst að Ögri 19. maí 189[1]

Borgun:

þingl: 0,75

bók: 0,25

– ein króna –

borgað SkTh.



Birnustaðir í Ögurhreppi, án blaðsíðutals

N^o 192

Landamerki fyrir jörðina Birnustaði í Ögurhreppi.

Milli Eiríksstaða og Birnustaða eru merkin: Klettsvík við vatnið og hundapúfa á brúninni, en Eiríksstaðir eiga beit og skógarítak ofan í svo kallaða Sellág í Birnustaða landareign; milli Laugabóls og Birnustaða ræður Laugardalsá; milli Hrafnabjarga og Birnustaða eru merki: varða við vatnið og sjónhending í vörðu á Götuhjalla enda; fjalsbrún ræður merkjum að ofan.

Ögri 16. maí 1891

Kristín Jónsdóttir

Guðm. Pálsson (Fyrir hönd Sigr. Bjarnadóttur)

Jónas Bjarnason fyrir hönd sína og G. Bárðarsonar.

[á spássíu] Þinglýst að Ögri 19. maí 1891

Borgun:

þingl: 0,75

bók: 0,25

– ein króna –

borgað SkTh



Holt í Önundarfirði, Kirkjuból í Bjarnadal, Betanía, Mosvellir og Þórustaðir, án blaðsíðutals

Nº 193

Skrá yfir landamerki Holts og aðliggjandi kirkjujarða: Betaníu, Mosvalla, Kirkjubóls og Þórustaða.

Milli Betaníu (Kota) og Vífilsmýra ræður Hafradalsá.

Milli Betaníu og Mosvalla eru merki Tvísteinar, og úr þeim beint í Þverlænu; síðan ræður Þverlæna til sjóar.

Milli Mosvalla og Kirkjubóls eru merkin úr dýi uppi í hlíðinni ofan í stakkgarð og úr honum í Auga. Mosvellir eiga svo nefnda Sturlueyri.

Milli Kirkjubóls- og Holtslands ræður Hádegisá, en Kirkjuból hefir rétt til beitar í Mjóadal öllum norðan Bjarnadsalsár.

Milli Kirkjubóls og Traðar ræður Bjarnadalsá; á einum stað skammt fyrir framan Kirkjuból ræður forn farvegur árinna.

Milli Holtslands og Traðar eru merki á svonefndu Seljaleiti.

Milli Holtslands á Gemlufjallsheiði og Mýralands greinast lönd þar sem vötnum hallar til Dýrafjarðar.

Milli Holts og Vaðla ræður merkjum Vaðalbotnsskriða og Illakelda; Holt á Holtsfit og Sjóarhólma.

Milli Holts og Þórustaða ræður merkjum Tvísteinn á hlíðinni, þaðan ofan í Hlíðarlæk, þá ræður Hlíðarlækur á móts við Borustaði; þá eru merkin yfir Borustaði og utan til í Holtsteig.

Milli Þórustaða og Hjarðardals innri eru merkin þessi: Eptir Hálsröndinni ofan í Orminn og svo eptir Djúpapytt til sjóar. Hjarðardalur innri á svonefnda Faxála.

Holti 27. maí 1890

Janus Jónsson

Landamerkjaskrá þessa samþykkja:

T. Halldórsson

Guðrún Jónsdóttir

Rósinkranz Kjartansson

Guðný Guðmundsdóttir

Guðrún Jónsdóttir.

[á spássíu] Þinglýst að Þórustöðum 2. júní 1891

þingl: 0,75



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS

bók: 0,25

– ein króna –

borgað SkTh.



Lækur í Mýrahreppi, án blaðsíðutals

N^o 194

Skrá yfir landamerki Lækjar í Mýrahreppi, sem er eign Holtskirkju í Ønundarfirði:

Milli Lækjar og Klukkulands ræður lína dregin úr efra skarðinu í stein í Kjóamýrarholti.

Milli Litla-Garðs og Lækjar eru merki frá Löngulágarenda, þar sem vegirnir skiptast sjónhending í fremra skarðið.

Milli Lækjar og Fells frá Löngulágarenda, þar sem vegirnir skiptast út eptir móabörðum beint í miðklettinn í Fellstaglinu.

Milli Lækjar og Mýra ræður hinn ytri hagagarður, að fráteknu því beitarítaki, sem Lækur á hagagarða á milli, svo framt Lækjarábúendur uppi halda þeim innri hagagarði til móts við Mýramenn.

Að utanverðu ræður Núpsá í sjó.

Holti 28 maí 1890

Janus Jónsson

Landamerkin samþykkir:

Guðný Guðmundsdóttir

G. H. Guðmundsson

Kr. Oddsson eigandi Núps.

[á spássíu] Þingl. að Mýrum 3. júní 1891

þingl: 0,75

bókun: 0,25

ein króna

borgað Sk. Th.



Landamerkjalyásing milli Vatnadals og Bæjar.

Á rennur frá Vatnadalsbotni til sjáfar, austanvert árinna standa bæirnir, fyrir neðan tún í Neðri-Vatnadal, er hóll einn, sem Helguhóll er nefndur, í hann eru landamerki og svo þaðan beint til fjalls, fyrst í hól, sem nefndur er Þrautahóll, þaðan í klettabeltisenda, sem kallað er Hamraendi, þaðan í fjallsbrún neðan til við svonefnda húsahvylft.

Vestantil nefndrar ár í beinni stefnu í vestur (frá fyr nefndum merkjahólum austanvert.) eru landamerki í hraunbarð eitt, sem liggur frá ánni, sem kallaður er Urðarkollur (Rauðkollur), sem stendur í miðju hrauninu, auðkennilegur frá öðrum hraunhólum þar, þaðan liggur merkið beint í fjall upp, sem nefnt er Sunddalshorn.

Athugasemd:

Erfikenningin, sögusögnin, sem borist hefir mann frá manni frá ómuna tíð, til nútíðar manna, hefir greint sem hjer segir:

1. Að ábúendur Vatnadals og ábúendur Bæjar hafi sín á milli samið um, að Bæjarmenn fengju beit hjer um bil að hálfu frá fráfarum til höfuðdags, vestantil á Vatnadal fyrir allan nytbæran ásauð, sem reka átti að kvöldi en smala heim að morgni.
2. Að ábúendur Vatnadals fengju uppsátur fyrir skip, sem þeir ættu, hjá Bæjarmönnum og leyfi til að hafa búð á stöðinni til íveru sem Bæjarmenn lofuðu að leggja til jarðefni en ekki viði til endurgjalds fyrgreindum beitarafnotum

Samningur þessi er í mörgu óljós, þar ekki er neitt skriflegt skilríki, hvort þessi samningur hefir verið milli einstakra manna (ábúenda) eða eigenda jarðanna, og átti að ~~kjása~~ gjöra hlutfall í rjettindum jarðanna, en það er víst að ekki var tekið neitt tillit til þessa við virðing á dánarbúi Magnúsar sál. Guðmundssonar, og Bergljótar sál. Øssursdóttir konu hans sem að mestu voru eigendur beggja jarðanna, og síðan hafa Bæjar menn þokað sjer fet fram af feti upp á rjettindi Vatnadælanna, með að beita fjé og kúm frameptir. Vatnadalsmenn hafa að vísu átt kost á uppsátrinu hjá Bæjarbúum, en hafa orðið nú á síðustu árum að hætta við það.

1, Vegna þess að verplazið er ekki nema fyrir 2 skip, sem þó verða ekki sett undan sjó svo óhætt sje, vegna kletta, er liggja þvert fyrir uppsátrinu, klettar þessir eru sífellt að springa fram, og brjóta þá bæði skip og vergögn sem þar eru, þá er mönnum ekki heldur óhætt, því opt hefir legið við slyzum af grjóttflugi frá klettum þessum, þar að auki af þessu þröngrými að skotrað er til hliðar með uppsátrið, sem þeir hafa beðið tjón af. Af þessu hefir risið ágreiningur, svo ekki er neitt samkomulag milli hlutaðeiganda nú sem stendur.

Vatnadals eigendur vilja gjöra og fá svo látandi samning:

- 1, Að Vatnadals rjettindi sjeu að meiga byggja fjárhús við árosinn og fá efni í það (nema að viðum) hjá Bæjarmönnum góðmótlega og til að endurbæta þegar þarf.



2, Að Vatnadal rjettindi sjeu að hver hundraðshafi í Vatnadal 2 sauðkindur (þ.e. 32) á fjörubeit við sjóinn í Bæ, frá veturnóttum til sumarmála þó ekki fyr en hýsa þarf og gefa í Vatnadal, og ekki lengur en þar til jörð er komin til beitar aptur.

Hjer fær Bær aptur á móti rjettindi til beitar vestantil í Vatnadal og má reka á kvöldin allan nytbæran fjenað og smala að morgni eins og hjer er um talað frá fráferum til höfuðsdags.

Þó að kýrbeit hafi ekki verið í Vatnadal eptir því sem borizt hafa upplýsingar þar að lútandi, fær Bær rjettindi til að reka þær fram í svo kallaða Stórugröf á kvöldin en að reka heim að morgni frá fráferum til höfuðsdags þó með því skilyrði að Sigurborg Bergsdóttir gefi okkur sannað vottorð að svo hafi verið á því tímabili, sem hún bjó í Vatnadal, og beit sú hafi tilskilin verið fyrir áðurnefnd uppsátur en ekki brúkað fyrir ábúðarrjett af Magnúsi Guðmundssyni sál. Þar aptur á móti fái Vatnadalur þann rjett að byggja heyhlöðu við áðurnefnt fjárhús, øg í árosnum og Bær leggi til efni í vegg og þak

Ef Vatnadalur hefir ekki rjett til að byggja við áðurnefnt fjárhús hlöðu, á hann rjett að hafa hey og brúka rjett sinn til fyllstu afnota á þess að fara yfir þau takmörk sem um er talað.

Þorbjörn Gissursson eigandi að 5 hundruðum í ^{Vatnadal}

Jón Ólafsson eigandi að 6 hundruðum í Vatnadal

ábúandi Þórður Jónsson fyrir hönd: Borgars Jónssonar eiganda að 3 hundr. í Vatnadal

12 december 1890

Samþykkt af eigendum Bæjar

Jóhannes Hannesson umráðamaður að 67 áln. í Bæ.

Handsalað: Pálmi Lárentíusson

Steinþór Sigurðsson

Handsalar: Magnús Jónsson

Guðmundur Ásgrímsson

Sigurborg Bergsdóttir

[á spássíu] Þinglýst að Suðureyri 9 júní 1891

Þingl. 0,75

bókun 0,25

ein króna

borgað Sk.Th.



Þingeyri í Þingeyrarhreppi, án blaðsíðutals

N^o 196

Landamerkjaskrá fyrir Þingeyri í Þingeyrarhreppi

Að utan eru landamerki milli Þingeyrar og Sanda í gamalt garðbrot, er nefnist Garðsendi, og liggur milli fjalls og fjöru, og í sker fram í fjörunni, er nefnist Garðsendasker. – Að innan eru landamerki milli Hvamms og Þingeyrar af Sandafellsbrún niður eptir garðbroti gömlu, er Ásgarður heitir, og fram til sjávar beina sjónhending í nes það, er Ásgarðsnes nefnist.

Þingeyri í maí 1891

F. R. Wendel

Kristján F. Einarsson for N. Chr. Grams Handel

handsalað Kristján Jónsson

Kristinn Daníelsson. Gísli Björnsson

Steinn Kristjánsson (handsalað) Jón Ólafsson (handsalað)

Andrés Pétursson (handsalað)

[á spássíu] Innk. 10/11 1891

Borgun:

Þingl: 0,75

bók: 0,25

– ein króna

borgað SkTh.



Botn í Dýrafirði í Mýrahreppi, án blaðsíðutals

N° 197

Landamerkjaskrá fyrir jörðina Botn í Mýrahreppi í Ísafjarðarsýslu.

Millum Botns og Dranga deilir Botnsá löndum milli fjalls og fjöru.

Millum Botns og Lambadals innra eru landamerki úr kletti, efst í fjallinu, er Strengberg nefnist, og þaðan beina sjónhending í sjó fram í sömu stefnu, sem kletturinn liggur.

Þingeyri 26. nóv. 1891

Eigendur jarðarinnar Botns:

F. R. Wendel Fyrir N. Chr. Grams verzlun F. R. Wendel

Steinþór Egilsson.

Samþykkt: Gísli Oddsson, meiðeignarmaður Innri-Lambadals.

Guðný Guðmundsdóttir, eigandi Dranga.

[á spássíu] Innk. 16/12 '91.

Borgun:

Þingl: 0,75

bók: 0,25

– ein króna –

borgað SkTh.



Saurar í Keldudal í Þingeyrarhreppi, án blaðsíðutals

Nº 198

Landamerkjaskrá fyrir jörðina Saura í Keldudal í Þingeyrarhreppi.

Merkin eru þannig: Milli Saura og Skálarár í stein í hinu svonefnda Svarðarholti og beint í á, og aptur úr þeim sama steini beint í annan merkistein í Skálaráar Hvyllfatbrekkum, og þaðan beina sjónhendingu í fjallsbrún upp. – En merkin að framan í þverá, er rennur úr Álftaskál. En dalurinn þar fyrir framan er eign Hrauns eptir því sem áin ræður beint í Hálfvánargjá.

Aðalsteinn Pálsson, eigandi í Saurum.

Gísli Oddsson, Jón Jónsson

G. Þórðarson.

[á spássíu] Innk. 16/12 1891

Borgun:

Þingl: 0,75

bókun: 0,25

– ein króna –

borgað SkTh.



Slétta í Jökulsfjörðum í Sléttuhreppi, án blaðsíðutals

N° 199

Landamerkjaskrá

Landamerki fátækrajarðarinnar Sléttu í Sléttuhreppi í Ísafjarðarsýslu eru þessi:

Að austanverðu (sem að Hesteyri veit) skilur lönd rauður klettur við sjó fram; þaðan er bein sjónhending upp eptir Deildarfjalli; þaðan er rétt stefna utanvert við Nónfjallsbungu upp eptir Tóarbrekku og í Klaufa; þaðan sem fjallsbrúin heldur út að Fannardal, þar sem vötnum hallar út á Hnúka, eptir hæztu rönd þeirra vestur á Teistubrún. Þaðan ræður löndum Teistarönd að sunnanverðu ofan á Teistatítu. Frá henni er bein sjónhending niður á Sleppu við sjó fram innan vert við Hafnir.

Sléttu 12. ág. 1889.

Páll Sívertsen. Br. Þorsteinsson

Guðni Hjálmarsson.

Jens Guðmundsson.

Guðm. Þosteinnsson.

Þorsteinn Jónsson.

[á spássíu] Innk. 24/12 1891

Borgun:

Þingl: 0,75

bókun: 0,25

– ein króna –

borgað SkTh.



Kunnugt gjörist: Að landamerki á millum Svalvoga í Þingeyrarhreppi í Ísafjarðarsýslu eru að innanverðu, milli þeirra og Loðkinnhamra, í Hlíðarstand í fjallinu, bein sjónhending í klett í fjöru, sem kallast „Litla barð“, en að norðanverðu, milli Svalvoga og Hafnar, úr Kögurþúfu bein sjónhending í Hafnarskarð í fjallinu.

Loðkinnhömrum 1. dec. 1891

Gísli Oddsson, eigandi Loðkinnhamra og ½ Svalvoga.

Jón Ólafsson, eigandi Hafnar.

F. R. Wendel, sem umboðsmaður fyrir G. Samúelsdóttur.

[á spássíu] Innk. 24/12 1891

Borgun:

Þingl: 0,75

bók: 0,25

– ein króna –

borgað SkTh.



Skálará í Keldudal í Þingeyrarhreppi, án blaðsíðutals

Nº 201

Landamerkjaskrá fyrir jörðina Skálará í Þingeyrarhreppi í Ísafjarðarsýslu.

Landamerki téðrar jarðar eru að utan (norðan), milli Skálarár og Hrauns, í „Sporstein“ og „Oddnýjartóft, og þaðan sjónhending í Hundhornsgjótu.

Að framan (sunnan), milli Skálarár og Saura, í stein á Svarðarholti og annan í Skálarár Hvyllftar-brekkum, og eptir þessum steinum í beina línu frá á og á fjallsbrún.

Skálará 5. dec. 1891

Margrét Bjarnadóttir (Eigandi Skálarár)

Aðalsteinn Pálsson, eigandi í Hrauni og Saurum.

Jón Jónsson eigandi í Hrauni.

Guðm. Þórðarson, eigandi í Hrauni

Gísli Oddsson, eigandi í Hrauni.

[á spássíu] Innk. 24/12 1891

Borgun:

Þingl: 0,75

bókun: 0,25

– ein króna –

borgað SkTh.



Sveinseyri við Dýrafjörð, án blaðsíðutals

Nº 202

Landamerkjaskrá Sveinseyrar

Milli Haukadals og Sveinseyrar eru merkin eptir svokölluðum Merkishrygg, upp í fjallsrönd og ofan í sjó úr tóuhúsi svokölluðu, en á milli Sveinseyrar og Arnarnúps í svokallað Ófærusker fyrir innan Ófæru og beina sjónhendingu upp til fjalls, sem um er getið í Arnarnúps landamerkjaskrá.

Þessu til staðfestu skrifum við nöfn okkar undir.

10/12 1891

Andrés Pétursson Ólafur Jónsson Magnús Jónsson Guðni Bjarnason Sturla Jónsson Ástríður Jónsdóttir Eigendur Sveinseyrar.

Kr. Oddson Guðm. Eggertsson Eigendur Arnarnúps.

Ólafur Jónsson Jón Ólafsson Guðm. Eggertsson Eigendur Haukadals.

[á spássíu] Innk. 24/12 1891

Borgun:

Þingl: 0,75

bókun: 0,25

– ein króna –

borgað SkTh.



Höfn í Hafnardal í Þingeyrarhreppi, án blaðsíðutals

N^o 203.

Landamerkjaskrá fyrir jörðina Höfn í Þingeyrarhreppi í Ísafjarðarsýslu.

Landmerki téðrar jarðar eru að utan (vestan), milli Hafnar og Svalvoga, í Kögurþúfu við sjóinn og þaðan sjónhendingu í Hafnarskarð á fjalli uppi. – Að innan (suðaustan), milli Hafnar og Hrauns, í berg uppsprettu læk innan til við Ófærunef, og þaðan sjónhendingu í fjall upp

Haukadal 1. dec. 1891

Jón Ólafsson Eigandi Hafnar

Meðeigandi ½ Svalvoga samþykkur: Gísli Oddsson

Aðalst. Pálsson. Jón Jónsson. G. Þórðarson G. Bjarnadóttir og Jón Sigurðsson, eigendur að Hrauni, samþykkja.

F. R.wendel, umboðsmaður fyrir Guðmundu Samúelsdóttur, sem eiganda ½ Svalvoga.

[á spássíu] Innk. 24/12 1891.

Borgun:

Þingl: 0,75

bók: 0,25

– ein króna –

borgað SkTh.



Skagi við Dýrafjörð, án blaðsíðutals

Nº 204

Landamerkjaskrá fyrir jörðinni Skaga, norðan fram við Dýrafjörð í Vestur-Ísafjarðarsýslu. Að innanverðu milli Skaga og Birnustaða er svokallað „Seljagil“, og bein sjónhending í fjallsbrún upp.

Að utanverðu eru takmörk jarðarinnar í svokallaða „Þúfu“, þaðan á fjall upp, og svo eptir því sem fjallsendin segir.

Þessu til staðfestu eru nöfn okkar eigenda Skaga, Sæbóls og Birnustaða:

Mýrum þ. 2. dec. 1891

Kr. Andrésson Andrés Pétursson Eigendur Skaga.

G. H. Guðmundsson, eigandi Sæbóls.

Guðný Guðmundsdóttir, eigandi Birnustaða.

[á spássíu] Innk. 9. jan 1892

Borgun:

Þingl: 0,75

bók: 0,25

– ein króna –

borgað SkTh.



Alviðra í Dýrafirði og Leiti í Dýrafirði, án blaðsíðutals

Nº 205

Landamerkjaskrá fyrir jörðunum Alviðru og Leiti í Dýrafirði.

Jarðirnar eiga land allt að Miðlyndislæk (í eldri skjölum kölluðum Mígandalæk) í svart berg, sem lækurinn kemur fram úr, og beint á fjall upp; að utanverðu að landamerkjum Gerðhamra. En að innanverðu eiga þær land allt í Kaldalæk, svo sem hann rennur og beint í fjall upp frá upptökum hans.

Athugasemd: Lénsgarðar-parturinn „Leiti“ er innan þessara landamerkja en er í smá pörtum hér og hvar innan um þessar eignir, og verða því ekki gefin sérskyld landamerki fyrir þeim jarðarparti.

Alviðru 19. dec. 1891

Gísli Oddsson. G. Sakaríasdóttir Steinn Jónsson og Þorv. Magnússon, eigendur Alviðru.

Kr. Oddson, eigandi Núps.

Guðný Guðmundsdóttir (Eigandi Gerðhamra)

Þórður Ólafsson, fyrir lénsjörðina „Leiti“.

[á spássíu] Innk. 9/1 1892

Borgun:

Þingl: 0,75

bókun: 0,25

– ein króna –

borgað SkTh.



Innri-Lambadalur í Dýrafirði, án blaðsíðutals

Nº 206

Landamerkjaskrá fyrir Innri-Lambadal í Dýrafirði.

Merki jarðarinnar eru, sem hér segir: Að utanverðu eptir Lambadalsá neðan frá sjó og fram eptir dalnum allt þangað til Selá fellur í hana, en þar eptir ræður Selá allt upp í Tyrfingskál. En heimilt skal bændum Innri-Lambadals, að hafa til slæгна, eins og að undan förnu, landið milli Selár og Þverár í svokölluðum „Hólum“, móti því, að Ytri-Lambadalsmenn megi hafa tveggja mánaða beit fyrir 60 sauðfjár á vetrum á innri Lambadalshlíð. Fjárhús skal þeim og heimilt að byggja þar yfir fé sitt, og fá þar til torf og grjót, þar sem ekki er spillt slægjulandi.

Að innanverðu eru merkin í Strengberg uppi í fjallsbrúninni, og þaðan beina sjónhendingu til fjöru, eins og klettur þessi vísar.

Þessi landamerki eru undirskrifuð og samþykkt af eigendum beggja jarðanna.

Mýrum 3. sept. 1891

Gísli Oddsson Jón Sæmundsson (handsalað) Eigendur Innri-Lambadals.

Guðrún Jónsdóttir Fr. Bjarnason Eigendur Ytri-Lambadals.

F. R. Wendel Eigandi í Botni.

[á spássíu] Innk. 9/1 1892

Borgun:

Þingl: 0,75

bók: 0,25

– ein króna –

borgað SkTh.



Neðri-Hnífsdalur í Eyrarhreppi, án blaðsíðutals

Nº 207

Skýrsla um landamerki jarðarinnar Neðri-Hnífsdals í Eyrarhreppi, 16 hndr. að dýrleika f.m.
samkvæmt lögum 17. marz 1882.

Landareign Neðri-Hnífsdals er frá ánni út að Nöðrulækjum á Óshlíð að neðan og í svokallaðan Ara að ofan og fram í Hraungil, að frátöldu Búðartúni og slægjum frá því út að Skarfaskeri og Stöðlaparti svo kölluðum upp af Hnífsdalstúni, (og einnig á Hnífsdalur á Eyrarhlíð frá gömlum garði, sem liggur úr Bakkarönd niður til sjóar að utanverðu til fjalls og fjöru og í hæðsta fjallstind að ofan upp af miðleitisgili beint niður til sjóar; 1/5 af ofangreindu haglendi og fjöru tilheyrir Búð. Slægjuland Neðri-Hnífsdals er svo kallað „land“ fram með ánni að norðanverðu upp að vörslugarði fram í ár krók móts við Bakkabæ og upp í „ausubakka“. Ennfremur frá merkjagarði Hrauns fram með ofangreindri á fram að merkjaskurði milli fremri Hnífsdals og neðri-Hnífsdals og upp að gömlum heybandsvegi.

Hnífsdal 26. maí 1886.

Kr. Kristjánsdóttir. Halldór Jónsson Eigendur Hnífsdals.

Samþykkir: Kr. Kjartansson. Þorv. Sigurðsson Guðm. Pálsson

Eigendur Óss: Fyrir hönd Guðnýjar Guðmundsdóttur: Ólafur Gissursson.

Fyrir Kaupstaðinn T. Markússon.

[á spássíu] Innk. 28/1 1892

Borgun:

Þingl: 0,75

bók: 0,25

– ein króna –

borgað SkTh.



Dalshús í Valbjófsdal í Mosvallahreppi, án blaðsíðutals

Nº 208

Landamerkjaskrá fyrir Dalshús í Mosvallahreppi í Ísafjarðarsýslu.

Landamerki milli Dalhúsa og Kirkjubóls eru að framanverðu í Torfabrekkubrún, að heimanverðu á því stykki eru merki í vörðu á Svartabakka, og þar skilur Dalsá milli Tungu og Dalhúsa. Einnig eiga Dalshús frá garðinum, sem liggur fyrir framan Kirkjubóls og Dalhúsa tún, beint frá Dalsá upp í fjallið, og að vörðunum fyrir utan Skáladal, er þær bera hver í aðra. Ennfremur liggja slægnastykki, sem tilheyra Dalhúsum, innan um Kirkjubólsengjar. Stykkinn heita: 1. Stóripartur, innan til í engjunum, að stærð □ faðm. 13440. – 2. Sund, sem nær upp að holtunum, heim að Hreggsnara, og þaðan ofan í garðhornið í Geldingaholtinu, stykkið er að stærð □ f. 19890 þess utan eiga Dalshús skipsuppsátur og fjörubeit að jöfnu hlutfalli við Kirkjuból.

Dalhúsum 31. dec. 1891.

Eigandi og umráðamaður Dalhúsa: Steindór Jónsson

Umráðamaður Tungu: Vigfús Eiríksson.

Umráðamenn Kirkjubóls: Eyjólfur Jónsson, Finnur Eiríksson.

[á spássíu] Innk. 3/2 1892

Borgun:

Þingl: 0,75

bók: 0,25

– ein króna –

borgað SkTh.



Landamerkjalyásing fyrir jörðinni Selárdal í Suðureyrarhreppi innan Ísafjarðarsýslu.

Landamerki milli Selárdals og Gilsbrekku er djúpt gil, sem kallast Ytra-Áreiðargil, og nemur frá fjallsbrún til fjöru; þar fram undan er stór steinn, sem kallaður er Áreiðarsteinn það fjarar ekki að honum og flæðir ekki yfir hann, nema í stórstraumsflæðar; og milli Selárdals og Norðureyrar er gil, sem kallað er Mígandi eða Mígandisgil. Selárdalur er kirkjujörð Eyrarbrauðs í Skutilsfirði.

Gjört í Selárdal 24. nóv. 1891.

Eigendur Gilsbrekku:

Fyrir hönd Sigríðar Bjarnadóttur: Ólafur Gissursson. St.G. Stefánsson Jón Mattíasson Á.M. Árnason.

Eigendur Norðureyrar:

Sigurborg Bergsdóttir Ól. Lárentíusson Steindór Sigurðsson G. Ásgrímsson fyrir hönd Kr. Sigurðssonar Jóhannes Hannesson fyrir hönd Sigurfljóðar Sigurðardóttir.

[á spássíu] Innk. 6/2 1892

Borgun:

Þingl: 0,75

bók: 0,25

– ein króna –

borgað SkTh.



Brekka á Ingjaldssandi, án blaðsíðutals

Nº 210

Landamerkjaskrá.

Landamerki jarðarinnar Brekku á Ingjaldssandi í Ísafjarðarsýslu eru þau, er nú skal greina:

Að neðanverðu milli Villingadals og Brekku ræður svo kallað Merkisgil (þ.e. Merkisgilshryggur) frá fjallsbrún og niður í Urðarfætur, þaðan bein sjónhending þvert yfir í Langá. Svo ræður Langá landamerkjum upp eptir, milli Brekku annars vegar, en Hrauns og Háls hins vegar, þar til Þverá rennur í hana, þá greinir Þverá land Brekku og Háls, og ræður landamerkjum úr því til fjalls og á hæðstu heiði.

Jörðinni fylgir frítt skipa uppsátur við Sæbólssjóinn.

Þessu til staðfestingar eru nöfn vor.

Brekku 15. jan. 1891

G. H. Guðmundsson Guðrún Sakaríasdóttir Gísli Jónsson Eigendur Sæbóls.

Eigendur Villingadals. Ragnheiður Halldórsdóttir Kr. Bjarnason Eb. Sturluson Þ. Jónsson prestur

[á spássíu] Innk. 6/2 1892

Borgun:

Þingl: 0,75

bók: 0,25

– ein króna –

borgað SkTh.



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS

Staður í Ségandafirði, án blaðsíðutals

N^o 211

Skrá yfir landamerki Staðar í Ségandafirði

Milli Bæjar og Staðar ræður Staðará frá fjör[u] til Þverár, og síðan Þverá fram til fjalla.

Milli Staðar og Eyrar eru merkin í Rauf á Sauðanesi, og þaðan eins og nesið gengur lengst til sjávar.

Holti 6. júní 1891

Janus Jónsson

Torfi Halldórsson

Sigurborg Bergsdóttir

Guðmundur Ásgrímsson

Pálmi Lárentíusson

[á spássíu] Innk. 13/2 1892

Borgun:

Þingl: 0,75

bók: 0,25

– ein króna –

borgað SkTh.



Bæir á Snæfjallaströnd í Snæfjallahreppi, án blaðsíðutals

Nº 212

Bæir á Snæfjallaströnd í Snæfjallahreppi eiga land í Unaðsdalsá frá fjöru til fjalls, þar til vötnum hallar norður af fjallgarði þeim, er liggur fyrir Bæjadal.

Með sjó eiga Bæir land frá Unaðsdalsá í landamerkjalæk á Bæjahlíð, er rennur frá neðri fjallsbrún í sjó skammt fyrir utan Hafnarkleif; frá Brún ræður sami lækur neðan svokallaðar Landamerkjalausir upp á fjallgarð, og eptir honum sem vötnum hallar í Drangjökul.

Bæjum 20. júní 1891

Eigandi Lónseyrar: B. Gíslason (handsalað)

Ábúendur Bæja: Pálmi Árnason María Kristjánsdóttir

Eigendur Bæja: G. Bjarnason (handsalað) Ragnildur Jakobsdóttir (handsalað) Ásgr. Jónatansson

Ábúendur Unaðsdals: Kolb. Jakobsson G. Þorleifsson.

[Á spássíu] Innk. 13/2 1892

Borgun:

Þingl: 0,75

bók 0,25

1 kr

borgað SkTh.



Bær í Súgandafirði, án blaðsíðutals

Nº 213

Landamerki Bæjar í Súgandafirði.

Landamerki milli Bæjar og Suðureyrar eru í klett mitt á milli Kýrness og Vallarness; en milli Bæjar og Vatnadals er Helguhóll merki, og þar þvert yfir dalinn. Samningur milli Bæjarmanna og Vatnadalseiganda, að Vatnadalseigendur fái að byggja hús við sjóinn og hlöðu og ristur, sem tekur um 30 kindur og hafa þar fjörubeit yfir veturinn, aptur fá Bæjar ábúendurnir sumararbeit fyrir ærpening annað málið á fremri dal á Vatnadal eptir fráfarur (kvöldmál) til höfuðdags, og reka kýr fram í stóru gröf annað málið á heimri dal á Vatnadal eptir fráfarur (kvöldmál) til höfuðdags. Landamerki milli Staðar og Bæjar er Staðará, frá fjöru fram að Þverá, og Þverá fram til fjalls.

6. júní 1891.

Eigendur Suðureyrar: Kr. Albertsson Þorbjörn Gissursson.

Eigendur Bæjar: Sigurborg Bergsdóttir Magnús Jónsson Guðm. Ásgrímsson Pálmi Lárentíusson.

Eigendur Vatnadals: Þorbjörn Gissursson Jón Ólafsson Þórður Jónsson

Umboðsmaður Staðar: Janus Jónsson

[á spássíu] Innk. 13/2 1892

Borgun:

Þingl: 0,75

bók: 0,25

– ein króna –

borgað SkTh.



Lónseyri við Kaldalón, án blaðsíðutals

Nº 214

Landamerki Lónseyrar.

Milli Bæja og Lónseyrar er landamerki lækur, nefndur landamerkjälækur, sem rennur til sjávar milli Búðarness og Hafnar kleifar, skilur lönd milli Bæja og Lónseyrar, frá sjó og uppá Miðbrún; þaðan er landamerki hæðsti fjallgarður, eptir sem vötnum hallar fram í Drangajökul. Milli Ármúla og Lónseyrar er áin Mórilla landamerki, frá Drangajökli til sjávar, en þar sem hún kvíslar sig, er ávallt nyrðsta kvíslin landamerki.

Ármúla 12. júní 1891.

Eigandi Lónseyrar:

B. Gíslason

Fyrir eigendur Bæja

J. Rósinkarsson

G. Bjarnason

[Á spássíu] Innk. 13/2 1892

Borgun:

Þingl: 0,75

bók: 0,25

– ein króna –

borgað SkTh.



Skógar í Mosdal í Auðkúluhreppi, án blaðsíðutals

Nº 215

Landamerkjaskrá fyrir jörðina Skóga í Mosdal í Auðkúluhreppi innan Ísafjarðarsýslu. Að innanverðu frá sjó úr Ósárósi og upp eptir henni í merkjalæk, og þaðan sjónhending í Örnólfsgil í fjallsbrún.

Að utanverðu í Hornárós og eptir henni í ytri Krók í miðjum flóa, og þaðan sjónhending í þverlæk í fjallsbrún.

Skógum þann 17. febr. 1892

Jón Jónasson

Guðm. Jónasson

[á spássíu] Innk. til þinglesturs 1/3 1892

Borgun:

Þingl. 0,75

bók: 0,25

ein króna

borgað SkTh.



Sandar í Dýrafirði, án blaðsíðutals

N^o 216

Landamerkjaskrá Sanda í Dýrafirði.

Landamerki jarðarinnar Sanda, sem er prestsetur (beneficium) eru þessi:

Að neðanverðu milli Þingeyrar og Sanda er nefnt Garðsendi; það er gamall garður, er enn vottar fyrir beint frá fjalli til fjöru, en nes lítið framundan, er nefna má Garðsendanes. Þá er sjór út að Sandaá, en þá ræður Sandaá út^{fram} Brekkudal allt að svo nefndum Grænagarði, en hann ræður frá ánni upp á fellsenda hinn innri, og þá fellsbrún út á móts við áðurnefnt Garðsendanes.

Sandar eiga Galtardal allan, Brekku megin niður að svonefndum Grásteini, og sjónhending frá honum í Grandahorn, en Bakka megin niður að svo nefndu Litla-hvylftargili.

Sandar eiga skógarhögg í Botni í Dýrafirði og frítt skipsuppsátur á Fjallaskaga.

Söndum 1. maí 1890

Kristinn Daníelsson (p.t. beneficiarius)

Framanskriðuðum landamerkjum eru undirskrifaðir eigendur og umráðendur nærliggjandi jarða samþykkir:

Fyrir Brekku: Jens Guðmundsson Fyrir Þingeyri: F. R. Wendel

Fyrir Bakka: Jón Jónsson.

[á spássíu] Innk. 5. marz 1892

Borgun:

Þingl: 0,75

bók: 0,25

ein króna

borgað SkTh.



Grandi í Dýrafirði, án blaðsíðutals

Nº 217

Landamerki jarðarinnar Granda, sem er kirkjujörð eru þessi:

Að framan Merkipúfa, er stendur við Sandaá; úr henni er miðað sniðhallt neðan við brekkuna hjá bænum og út í Reiðlág. Þaðan eru merkin sjónhending í Grænagarð, svo sem merkivörður sýna. Að neðanverðu ræður Grænigarður niður í Sandaá, og þá Sandaá fram að áðurnefndri Merkipúfu.

Grandi á upprekstur í Stúfudal.

Söndum 1. maí 1890

Kr. Daníelsson.

Framanskriðuðum landamerkjum eru undirritaðir eigendur og umráðendur nærliggjandi jarða samþykkir:

Fyrir Brekku: Jens Guðmundsson

Fyrir Bakka: Jón Jónsson.

[á spássíu] Innk. 5. marz 1892.

Borgun:

Þingl: 0,75

bók: 0,25

– ein króna –

borgað SkTh.



Múli, án blaðsíðutals

N^o 218

Landamerki jarðarinnar Múla, sem er kirkjujörð, eru þessi:

Að framan eru merki miðuð frá svonefndu Grenshjallagili, sem er Kirkjubólsmegin í Kirkjubólsdal. Úr gili þessu er miðuð í Keldu Hofsmegin og á hæztu fjallsbrúnina fyrir framan Múla. Þessi lína ræður niður að Kirkjubólsdalsá; þá ræður sú á, þar til er hún rennur í Sandaá, en þá ræður Sandaá fram Brekkudal, fram fyrir svonefndan Djúpárdal. Þar er miðuð í stein, er nefnist Einbúi og beint á Bakka horn.

Söndum 1. maí 1890

Kristinn Daníelsson (p.t. beneficiarius)

Framanskriðuðum landamerkjum eru undirskrifaðir eigendur og umráðendur nærliggjandi jarða samþykkir:

Fyrir Kirkjuból: Guðm. Eggertsson.

Fyrir Hóla: Guðm. Jónsson

Fyrir Hof: Guðný Guðmundsdóttir

Fyrir Bakka: Jón Jónsson

[á spássíu] Innk. 5. marz 1892

Borgun:

Þingl: 0,75

bók: 0,25

ein króna

borgað SkTh.



Ármúli við Kaldalón í Nauteyrahreppi, án blaðsíðutals

N^o 219.

Landamerkjalyásing fyrir jörðinni „Ármúli“ í Nauteyrahreppi í Ísafjarðarsýslu.

Milli Lónseyrar og Ármúla er áin Mórilla landamerki frá Drangajökli til sjávar, en þar sem áin hvíslar sig er nyrzta hvísl hennar ávallt landamerki. Milli Melgraseyrar og Ármúla er Selá landamerki til sjóar. Milli Ármúla og Laugalands er Selá landamerki, en Ármúli á svonefnt Haganes vestanvert við ána, en austanvert við svonefnda Haganeshvísl, hvar Selá rann til forna, og enn sézt merki til. – Milli Ármúla og Skjaldfannar er landamerki landamerkjalækur, sem rennur í Selá framan til við svokallaðan Gillirshöfða úr svokölluðum landamerkjalausum; þaðan beint upp eptir fjallinu í vörðu, sem á að hlaða á innsta enda á hjallanum, er liggur í beina sjónhendingu af læknum og þaðan beint inn í yzta og hæzta horn á Sjónarhól. Frá læknum og að hjallanum, þar sem krókur er, á að hlaða fimm vörður.

p.t. Nauteyri í maí 1892.

Gísli Bjarnason, eigandi Ármúla.

Jón Halldórsson, eigandi Melgraseyrar.

Gísli Steindórsson Ásgeir H. Ólafsson

María Kristjánsdóttir.

[Á spássíu] Innk. 4. maí 1892

Borgun:

Þingl: 0,75

bók: 0,25

– ein króna –

borgað SkTh.



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS

Hjallar í Ögurhreppi, án blaðsíðutals

N^o 220.

Landamerkjalyking fyrir jörðinni Hjöllum í Ögurhreppi í Ísafjarðarsýslu.

Jörðin Hjallar í Ögurhreppi í Ísafjarðarsýslu á land frá fjöru til fjalls milli Merkjälækjar, sem fellur úr Skarðsfjalli, milli Hjalla og Skarðs, og Hjallagils við innanverða Gilseyri. Jörðin á enn fremur tilkall til almenninga Ögurhrepps í Hestfirði og Skötufirði.

Gjört að Ögri 16. maí 1892

Jakob Rósinkarsson (eigandi Hjalla og Skarðs)

Magnús Bárðarson.

[á spássíu] Þinglýst að Ögri 16. maí 1892

Borgun:

Þingl: 0,75

bók: 0,25

– ein króna –

borgað SkTh.



Tunga í Dalamynni í Nauteyrahreppi, án blaðsíðutals

N^o 221.

Landamerki fyrir Tungu í Nauteyrahreppi.

Kvannadalsá greinir landamerki á milli Rauðamýrar og Tungu, fremst úr Kvannadal og niður að Langadalsá, og á milli Tungu og Arngerðareyrar ræður Langadalsá; en á milli Neðri-Bakka og Tungu eru landamerkin: vörður, sem hlaðnar eru, af fremra melshorni og sjónhending upp á brún utanhallt við svokallaðan Sjónarhól; þaðan í Stakksteina niður að Lágadalsá; frá Lágadalsá, austanvert, úr Þverkvísl og beint í Tröllholt, upp á brúninni; þaðan fram sem vötnum hallar (þar með talin til Tungu: Lágadals vatnadalur) og í Bæjardalsá fram.

Arngerðareyri 2/2 1892

Hannibal Jóhannesson (handsalað) Magnús Arnórsson Einar Magnússon Eigendur að Tungu.

Jón Halldósson, eigandi að Rauðamýri.

Ólafur Jónsson, eigandi að Lágadal

Jakob Rósinkarsson, eigandi að Neðri-Bakka

Jón Halldórsson, fullmektugur fyrir Neðri-Bakka

[á spássíu] Þinglýst að Nauteyri. 17. maí 1892

Borgun:

Þingl. 0,75

bók: 0,25

– ein króna –

borgað SkTh.



Staður á Snæfjallaströnd í Snæfjallahreppi, án blaðsíðutals

Nº 222

Landamerki fyrir jörðinni Snæfjöll í Snæfjallahreppi í Ísafjarðarsýslu.

Landamerki milli Snæfjalla og Sandeyrar er Berjadalsá, og skilur hún lönd jarðanna frá fjöru til fjalls, sömuleiðis fjörunytjar og reka. – En landamerki milli jarðarinnar Nes í Grunnavíkurbreppi og Snæfjalla í Snæfjallahreppi er lækurinn Mígandi, sem rennur milli „Álku“ og „Stofu“.

p.t. Unaðsdal 20. maí 1892.

Páll Stephensen, umráðamaður Snæfjalla.

Benedikt Benediktsson, eigandi að Nesi. (handsalað)

Ásgr. Jónatansson Sig. Jósepsson Eigendur Sandeyrar.

[á spássíu] Þinglýst að Unaðsdal. 20. maí 1892.

Borgun:

Þingl: 0,75

bók: 0,25

– ein króna –

borgað SkTh.



Skarð á Snæfjallaströnd í Snæfjallahreppi, án blaðsíðutals

N^o 223

Landamerki fyrir jörðinni Skarði í Snæfjallahreppi í Ísafjarðarsýslu.

Svonefndur „Bjartilækur“, sem rennur frá fjalli til fjöru, skilur lönd Skarðs og Sandeyrar. Fyrir mynni lækjarins er steinn, sem sér á um flóð, en fjarar kringum um fjöru; skiptir steinn þessi reka og fjörunytjum á svonefndu Bjartalæksrifi.

Landamerki milli Skarðs og Æðeyjar er lækur, nefndur „Rjóðralækur“, og stendur ein varða utanvert við téðan læk.

p.t. Unaðsdal 20. maí 1892.

Páll Stephensen umráðamaður Skarðs.

Ásgr. Jónatansson Sig. Jósepsson Eigendur Sandeyrar.

G. Rósinkarsson Ragnhildur Jakobsdóttir Eigendur Æðeyjar.

[á spássíu] Þinglýst að Unaðsdal 20. maí 1892.

Borgun:

Þingl: 0,75

bók: 0,25

– ein króna –

borgað SkTh.



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS

Botn í Súgandafirði og Gilsbrekka í Súgandafirði, án blaðsíðutals

Nº 224

Landamerki milli jarðanna Botns og Gilsbrekku í Súgandafirði innan Ísafjarðarsýslu eru í Seltjörn og þaðan beina stefnu upp eptir stóru gili upp á fjallsbrún.

Botni 22. júní 1889.

Tómas Eiríksson Jón Brynjólfsson Alb. Brynjólfsson Eigendur að hálfum Botni.

Jóhannes Hannesson G. Ásgrímsson G. Guðmundsson Ól. Lárentíusson Umráðamenn að hálfum Botni.

Umráðamaður fyrir jörðina Gilsbrekku: Guðmundur Pálsson.

[á spássíu] : Þinglesið að Suðureyri. 13. ág. 1892

Borgun:

Þingl: 0,75

bók: 0,25

– ein króna –

borgað SkTh.



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS

Barðsvík á Ströndum og Bolungarvík á Ströndum, án blaðsíðutals

N^o 225

Landamerkjaskrá

Landamerki milli Bolungarvíkur og Barðsvíkur er í Straumnestá og bein sjónhending upp í hæðstu nýpur á Straumneshlíð. – Landamerki milli Bolungarvíkur og Furufjarðar eru í Ófæru, sem er á milli greindra jarða og beina sjónhending til fjalls.

Bolungarvík 4. dec. 1891.

Guðleifur Þorleifsson Þorleifur Einarsson Hallbera Guðmundsdóttir Bæring Bæringsson
Eigendur Bolungarvíkur.

Umboðsmaður Rafnseyrarkirkju

Jón Sigurðsson á Stað í Grunnavík.

[Á spássíu] Þinglesið að Stað í Grunnavík 19. ág. '92

Þingl: 0,75

bók: 0,25

– ein króna –

borgað SkTh.



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS

Reykjarfjörður á Ströndum, án blaðsíðutals

N^o 226

Landamerki fyrir Reykjarfjörð á Ströndum.

Milli Reykjarfjarðar og Þaralátursfjarðar skilur varða, sem stendur í miðri Kerlingarvík, og svo sjónhending uppí svo kallaðar Kerlingardyr á fjallsbrúninni. Að austanverðu skilur Reykjarfjörður og Sæbólsland á, sem rennur frá fjalli til fjöru

Reykjarfirði, 8./1. 92

Ragnhildur Jakobsdóttir eigandi Reykjarfjarðar

Jeg undirskrifaður Jens Sigfússon á Þaralátursfirði

[á spássíu] Innkomið til þinglesturs 6./9.-92

Borgun:

Þingl. 0,75

Bókun 0,25

ein króna.

Borgað L.B.



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS

Sæból á Ströndum, án blaðsíðutals

N^o 227.

Landamerki fyrir Sæból á Ströndum.

Milli Reykjarfjarðar og Sæbóls skilur á, sem rennur frá fjalli til fjöru. Að austanverðu skilur Sæbóls og Skjaldbjarnarvíkurland klettur, sem er nefndur Biskup, og stendur undir Geirólfsgrúpu.

Sæbóli 8/1 92.

Ragnhildur Jakobsdóttir (eigandi Sæbóls)

[á spássíu] Innkomið til þinglesturs 6./9. – 92

Borgun:

Þingl. ⁰/75

Bókun ⁰/25

1,00 ein króna

Borgað L.B.



Hóll í Bolungarvík og Grundarhóll í Bolungarvík í Hólshreppi, án blaðsíðutals

N^o 228.

Landamerki milli Hóls og Grundarhóls

Í Hólshreppi hafa eigendur beggja jarðanna komið sér saman um að væri þannig: úr hvalhaus þeim, sem næstur er Grundunum að innanverðu niður við sjóarkambinn og þaðan beina línu fram í svonefndan Markhrygg framan til við múrhúsin Syðradals megin við Ernirins og úr þeim hrygg bein sjónhending til fjallsbrúnar; á hinn veginn úr djúpum skurðenda við Hólsána fyrir ofan Grundarhól og þaðan beina línu í stein Hólsmegin við uppsprettulind, sem kemur útúr svo nefndum Hrossahjalla neðan undir Ernisfjallinu, og úr þeim steini bein sjónhending í Steinmann, sem er nýpa uppá Ernisröndinni. Enn fremur tilheyrir Grundarhóli engjarimi fram í svokölluðum Hólsengjum, og liggur rimi þessi frá Hólsá og það sem slegið verður uppeptir, með merkjum á báða vegi. Að öðru leyti heldur Hóll öllum gömlum réttindum sínum.

Hóli 7. Júlí 1904.

G. Oddsson. Magnús P. Tyrfingsson

Á. M. Árnason Stefán Stefánsson

Fyrir hönd verzlunar herra kaupm. Á Ásgeirssonar á Ísafirði og erfingja Sigríðar Bjarnadóttur.

Árni Arnason

[á spássíu] Innkomið til þinglýsingar. 12. Júlí 1904.

Gjald: 1 – ein – króna

Greitt. Gr. J. cst.



Hafrafell í Skutulsfirði, án blaðsíðutals

Nr 229

Landamerki Hafrafells

Að innanverðu milli Kirkjubóls og Hafrafells eru þessi landamerki:

Varða fyrir ofan eldiviðar eða urðagötu svonefnda, sem farin er út og inn með hlíðinni og þaðan bein stefna ofan í læk þann, sem rennur í sjóinn skamt frá fjarðarhorninu. Frá svonefndri Vörðu að ofan bein sjónhending upp í fjallsbrún.

Að utanverðu milli Tungu og Hafrafells skiptir Úlfsá landamerkjum frá fjalli til fjöru.

Ísafirði 18. júlí 1908

Þessu til staðfestu nöfn undirritaðra

Þorvaldur Jónsson Sóknarprestur

Jón Halldórsson P.H. Jónsson (eigendur Kirkjubóls

Ólöf Sveinsdóttir Eigandi í nokkrum parti í Tungu

Rósmundur Jónsson eigandi í nokkrum parti í Tungu

Vilhjálmur Pálsson Tungu

Eigandi í nokkrum parti í Tungu

Jón Jónsson Naustum.

[á spássíu] Innk. til þingl. 23. júlím. 1908

Gj: 1 – ein – kr.

Gr. M.T.

Þinglesið 4-6-09 að Hauganesi



Meiri-Bakki í Skálavík í Hólshreppi, án blaðsíðutals

Nr. 230

Landamerkjalysing á jörðinni Meiribakka liggjandi í Hólshreppi.

Á rennur eftir miðri Skálavík, sem er kölluð Langá og rennur frá fjalli til sjáfar, í henni eru 2 hólmar, þá á Meiribakki, þessi á er landamerki milli Meiribakka, Minnibakka og Breiðabóls.

Í þessa Langá rennur á af fjalli, sem nefnd er Kroppstaðaá, hún er landamerki milli Meiribakka og Kroppstaða.

Enn að vestan verðu er landamerki einn stakur klettur við sjó, norðan til við svonefndar háu Skriður, en vestantil við Mölvík sem kölluð er, beint upp af Klettinum er ytra Skálarhorn, sem kallað er, og á því vörðu broti, í það og Klettinn eru landamerki milli Keflavíkur og Meiribakka.

Eigandi Meiribakka. Einar Jónsson.

Eigandi Meiribakka. Sigurður Pétursson

Eigandi Meiri-bakka Benedikt Bjarnason

[á spássíu] Innk. til þinglesturs. 28. júlí 1909.

Gjald: 1 – ein – kr.

greitt. MT



Tunga við Skutulsfjörð, án blaðsíðutals

Nr. 231

Landamerkjaskrá

Landamerki jarðarinnar Tungu við Skutulsfjörð eru: Að innanverðu milli Tungu og Hafrafells ræður Úlfsá landamerkjum frá fjöru til Fjalls. Að utanverðu milli Tungu og Seljalands eru þessi landamerki:

Um 60 faðma frá Seljalandstungarði rennur lítill lækur niður í Langa (það eru þvermerki) við upptok hans er varða, klappað á L.M. upp af henni er stór steinn í Mulanum klappað á LM. Frá þessum steini skal ríðandi maður fara eftir brúninni fram að Bunná og skal hann altaf sjá elsta Tungubæ (samanber Langa í Króknum) eftir það skiptir Búná löndum til fjalls.

Landamerki hins svonefnda Kirkjuskógs innan Tungulands sem eru eign Eyrar og Hólsprestakalls eru að utanverðu Bunná að innanverðu Selskriða.

fyrir hönd Eyrar og Hólsprestakalls

Þorvaldur Jonsson sóknarprestur

Ég undirritaður sem hefi lengi átt heimili í Tungu við Skutulsfjörð og átt morgn ár nokkurn hluta af henni votta hérmeð, að eg hefi frá fyrsta alltaf heyrt langamerki hins svonefnda Kirkjuskógs, sem er eign Eyrar og Hólsprestakalls og liggur innan landamerkja nefndrar jarðar Tungu væru talin þessi: Að utanverðu Bunná að innanverðu svonefnd Selskriða allt svæðið frá fjallsbrún niður á láglandi.

Þessu til staðfestu nafn mitt Naustum 26. Julí 1909

Vottar.

Jón Halldórsson fyrirv. hreppstjóri handsalað.

Jón Halldórsson yngri

Jón Jónsson

Eg undirskrifaður sem lengi hefi verið bondi á Tungu votta hérmeð að framangreind landamerki Kirkjuskogsins hafa jafnan verið talin þessi sem að ofan eru greind.

Naustum 26 Julí 1909

Jón Jonsson

Hérmeð votta eg undirskrifaður sem er fæddur og uppallinn í Skutulsfirði, að eg hefi alltaf heyrt að landamerki hins svonefnda Kirkjuskógs innan Tungulands í Skutulsfirði væru að utanverðu Bunná að innanverðu svonefnd Selskriða.

Ísafirði 14. agust 1909

Jon Halldorsson



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS

Eg undirritaður Guðm. Sveinsson kaupm. Hnífsdal, sem er uppalinn í Tungu og Hafrafelli votta hérmeð, að ég hefi ekki heyrt annars getið en að landamerki svonefnds Kirkjuskógs væru, að utanverðu Bunná að innanverðu Selskriða.

Hnífsdal 26 apríl 1909

Guðm. Sveinsson

Eg undirritaður sem er uppalinn á Hafrafelli hefi ekki heyrt annars getið en þau landamerki sem að ofan er getið seu rétt

Bolungavík 23/9 1909

Pétur Oddson

Rétt Eptirrit staðfestir

Magnús Torfason

[á spássíu] Innk. til þingl. 4/6 10

Gjald: Kr. 1. – ein króna Greitt

Þingl 4-6 09 að Haugan.



Við undirritaðir eigendur að jörðinni Tungu í Skutulsfirði lýsum því hérmeð yfir, að við mótmælum algjörlega að Eyrarkirkja í Eyrarsókn í Norður-Ísafjarðarsýslu eigi skóg þann, sem þinglýst er kirkjunni til eignar á manntalsþingi að Hauganesi 4. júní þ. árs., sem sagt er að sé frá Bunná og fram að Selskriðu.

Við höfum heyrt að kirkjan ætti rima í skóginum, sem nær frá Bunná að svonefndu Volabergi, og viljum við aðeins viðurkenna rima þenna, sem eign kirkjunnar, geti hún sýnt skilríki fyrir eignarrétti sínum.

Vitundarvottar:

Gjört á Ísafirði 7. júní 1910

Ólafur Jónsson

Ólöf Sveinsdóttir Vilhjálmur Pálsson

F. Thordarson

Rósmundur Jónsson



Búð í Hnífsdal í Eyrarhreppi, án blaðsíðutals

Nr. 233

Skýrsla

um landamerki jarðarinnar Búð í Eyrarhreppi 4 hndr. f.m. að dýrleika samkvæmt lögum 17. marz 1882. Jörðinni Búð heyrir til frá túni og að Skarfaskeri sem slægjur eiga að heita. Stöðlapartur heirir og til Búð en er þó ofan til við Heimabæ. Skarnpartur heirir og til jörðinni Búð, en er þó ofanundan Hrauni upp að holtum og ofan að á líka heirir til ofangreindri jörð en er þó í Bakkalandi. Lambhagastikki að nafni Slægjur heyra nú ekki jörðinni meiri til en beit og öll önnur hlunnindi á hún að tiltölu jafnt Heimabæ

Búð 26 Maí 1886

Kristján Kjartansson

Sigríður Øssursdóttir eigendur

Kristja[na] Kjartansdóttir Halldór Jónsson

Þorvarður Sigurðsson

Fyrir hönd Guðnýjar Guðmundsdóttir

Ólafur Gissursson

[á spássíu] Innf. 26./7. 1920. Gjald 2. kr.



Kroppstaðir í Korpudal, án blaðsíðutals

N^o 234.

Landamerki á jörðinni Kroppstöðum í Korpudal í Vestur Ísafjarðarsýslu

Merki milli Kroppstaða og Kirkjubóls eru 3 steinar á Álabrekkunum, og úr þeim yfir Stórholtið í lækjarfarveg sem er innan til við svo nefndan Bæjarhrygg, og eftir honum til fjalls. Aftur liggur merkið frá fyrnefndum steinum í Álabrekkunum, beint yfir að Hestá í auðkendann jarnstólpa, sem rekinn er niður á eystri árbakkanum. Eftir það ræður Hestá merkjum inn að Breiðeyri, að undan skildum litlum eyrartanga sem er frá Vífilsmýrum, og er hann fráskilinn Kroppstaðalandi, með girðingu.

Merki milli Kroppstaða og Efstabóls, eru í svokallaða Merkislá er liggur frá Korpu beina línu til fjalls, Kroppstaðamegin í svokallaða tvísteina.

Landamerki fyrir neðan Korpu eru eftir gömlum farveg, sem Korpa hefur áður runnið í, og skiftir hann því merkjum milli Kroppstaða, og Hests, og er hann óslitinn yfir í Hestá.

Neðst er fyrnefndur áarfarvegur einnig merki á milli Kroppstaðaengjanna annars vegar og áðurnefndrar Breiðeyrar frá Hóli hins vegar og endar sem fyr er sagt við Hestá.

Gjört á Kroppstöðum 21. jan. 1921.

Jens Eiríksson Kroppstöðum

Vjer undirritaðir vottum ofangreind merki rétt að vera

Páll Rósinkransson Kirkjubóli

Kristján B. Guðleifsson Kirkjubóli

Guðmundur Bjarnason Hafurhesti

Jónatan Magnússon Hóli

Elías Eiríksson Kroppstöðum

Guðm. Einarsson Vífilsmýrum

Þorvaldur Þorvaldsson Efstabóli

[á spássíu] Innf. 28/4 1921. Gjald 2. Kr.



Landamerkjabréf fyrir Fremri-Breiðadal í Mosvallahreppi í Vestur-Ísafjarðarsýslu.

Milli Neðri- og Fremri-Breiðadals er áin Þverá landamerki að neðanveðu, þar sem hún rennur nú utan til við tunjaðar Fremri-Breiðadals, og á hver jöð [svo] í ána miðja Þverá ræður því merkjum frá því sem hún kemur í Breiðadalsá og svo sjónhending í fjallsbrún.

Landamerki að framanverðu eru: Lækur, sem rennur í Breiðadalsá, neðan til við neðri seltóttina, er landamerki í melholtsröndina að framanverðu, frá holtsröndinni eru 3 merkjavörður hlaðnar, og eftir þeim sjónhending í fjallsbrún.

Milli Fremri-Breiðadals og Veðrarar ytri er Breiðadalsá landamerki og á hver jörð í ána miðja.

Breiðadal 11. júlí 1921

Friðrik Guðmundsson (eigandi Fremri-Breiðadals)

Eigendur Neðri-Breiðadals:

Kr. Ásgeirsson.

f.h. Kristjáns Torfasonar Ásgeir Torfason

Þórður Sigurðsson

Fyrir hönd Margrétar Jónsdóttur Jón G. Guðmundsson

Jón Guðmundsson fyrir Ytri-Veðrará

Jón G. Guðmundsson fyrir Ytri-Veðrará

[á spássíu] Lesið á manntalsþingi að Flateyri 12. júlí 1921 Gjöld 2 - tvær krónur.



Selakirkjuból í Önundarfirði, án blaðsíðutals

Nr. 236

Landamerkjabréf fyrir Selakirkjuból í Önundarfirði Vestur-Ísafjarðarsýslu.

Landamerki milli Selakirkjubóls og Breiðadals neðri er úr steini í fjörunni sem auðkendur er á þann hátt, að í hann er rekinn járnbolti, þaðan bein lína upp svokallaða Stóruurð upp Grjótskálargil alla leið upp á fjall.

Landamerki milli Selakirkjubóls og Kaldár er í miðja á er heitir Kaldá frá sjó og þar sem áin nær, þaðan bein lína upp miðjan dal og upp á fjall.

Selakirkjubóli 9. júlí 1921

Kjartan Rósinkransson eigandi.

Fyrir hönd Málfríðar dóttur minnar sem eiganda Páll Rósinkransson.

Fyrir hönd Margrjetar Jónsdóttur ömmu minnar sem eiganda að Breiðadal Jón G. Guðmundsson

Þórður Sigurðsson, Breiðadal

Fyrir Guðm. Guðmundson Ásgeirs Torfason (handsal)

fh. Kristjáns Torfasonar Ásgeir Torfason

Albert Guðmundsson

Finnur P. Guðmundsson eigandi að Kaldárlandi

[á spássíu] Lesið á manntalsþingi að Flateyri 12. júlí 1921 Gjald 2 - tvær krónur



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS

Tannanes í Önundarfirði í Mosvallahreppi, án blaðsíðutals

N^o 237.

Landamerki á jörðinni Tannanesi í Mosvallahreppi í Vestur-Ísafjarðarsýslu.

Að utanverðu er merkið úr Skeiðiskrók í svo nefndan merkisstein og þaðan eftir garðlagi til fjalls. Að innan í læk, er rennur niður utantil við svokallaða Kirkjubólsturð í uppsprettu er kemur undan urðinni og eftir lindinni í Korpu og eftir Korpu til sjóar.

Við undirritaðir vottum ofanrituð merki rétt að vera.

Gjört að Kirkjubóli 12. febr. 1921

Páll Rósinkransson bóndi Kirkjubóli

Kristján B. Guðleifsson bóndi í Kirkjubóli

Guðm. Kr. Guðmundsson eigandi Tannaness

Sigríður Jensdóttir Flateyri eigandi Tannaness

Einar Einarsson bóndi Tannanesi

Jón Sveinsson Veðrará.

[á spássíu] Lesið á manntalsþingi að Flateyri 12. júlí 1921 Gjald 2 - tvær krónur



Hafurhestur í Önundarfirði, án blaðsíðutals

N^o 238

Landamerkjabréf fyrir jörðina Hafurhest í Önundarfirði í Vestur-Ísafjarðarsýslu. Útbúið árið
1921

Að austanverðu ræður áin Korpa merkjum heim að Kroppsstaðamerki, en þar liggur það eftir gömlum farveg niður eyrar í svo nefnd Sýki, og úr því inn með Breiðeyri, sem tilheyrir Hóli, en eftir það liggur það eftir Hesta, nema þar sem það liggur eftir svo nefndri Hvolpalænu, en Tungu á það land, sem liggur milli ár og lænu.

Alt beitiland er óskift milli Þorpsjarða sem eru: Hafurhestur, Efrihús, Neðrihús, og slægjuland óskift eiga þessar jarðir heimast á Hestdal er kallað er Samvinna, og fremst á dalnum, sem kallað er Leiti. Hafurhestur á tvo fimtu parta úr óskiftu landi. Úr skiftu slægjulandi á hann á Hestdal þessa parta: Gyrði, Hlaðspart, Votahvamm, Staggarðsengi, Kökubungu, Seljaengi og Fremstaengi. Merki við þessa parta eru öll skýr og enginn ágreiningur.

Slægjur átti Hafurhestur allar á Korpudal, en nú eru þar sama sem engar.

Milli Þorpstúna eru skýr merki: Lækur milli Hests og og [svo] Efrihúsa og grjótgarður og skurður. Niðri, undan túninu á hann eyrnart niður í Hestá. Utanvert við túnið á Hestur alt land nema lítinn part, sem liggur í vinkil, og eru glögg merki þar og enginn ágreiningur

Gjört að Hafurhesti 20. mars 1921 af ábúanda og eiganda Guðmundi Bjarnasyni, Jónatan Magnússyni bónda á Hóli, Jens Jenssyni frá Tungu Páli Rósinkranssyni bónda á Kirkjubóli Kristjáni G. Guðleifssyni bónda á Kirkjubóli Þorvaldi Þorvaldssyni bónda á Efstabóli Elfasi Eiríkssyni bónda á Kroppstöðum Kjartani Rósinkranssyni

[á spássíu] Lesið á manntalsþingi á Flateyri 12. júlí 1921. Gjald 2 tvær kr.



Garðar í Önundarfirði í Mosvallahreppi, án blaðsíðutals

Nº 239

Landamerkjaskrá fyrir jörðina Garðar í Mosvallahreppi í Vestur-Ísafjarðarsýslu.

Milli Garða og Hvilftar ræður girðing (garður) merkjum, það sem hún nær, og niður, eins og hun vísar til sjávar. En til fjalls eins og girðing vísar í læk þann eða gil, sem rennur niður úr svo kölluðu Sauðanefsflési, en síðan ræður téð gil og stefna þess merkjum á fjallsbrún.

Hvilft á tveggja mánaða ásauðbeit á Garðadal.

Milli Garða og Hóls ræður Hólsá merkjum milli fjalls og fjöru

Merkjaskrá þessa samþykkjum við undirritaðir eigendur og umráðamenn ofan nefndra jarða.

Gjört að Görðum 17 júlí 1920

Guðmundur Jónsson. Finnur Finnsson. Kristján Torfason.

Þuríður Magnúsdóttir. Jón R. Sveinsson.

Kristrún Friðriksdóttir fyrir hönd Ragnh. Magnúsdóttur.

[á spássíu] Lesið á manntalsþingi að Flateyri 12 júlí 1921

Gjald 2 – tvær krónur.



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS

Hóll í Hvilftarströnd, án blaðsíðutals

N^o 240

Landamerki Hols á Hvilftarlond eru sem hér segir:

a. Milli Hóls og Kaldár skilur land bein lína úr jarðföstum merktum stórum steini á sjávarbökkunum, eftir miðjum svokölluðum markhrygg í gil í fjallinu, og svo bein lína á fjall.

Milli Hóls og Garða skilur lönd svo kölluð Hólsa frá sjó og það sem hún sést fram eftir Hóls og Ga[r]ðadal og þaðan eftir miðjum dal á fjall

Sólbakka 10 júlí 1921

F.h. Kristjáns Torfasonar Ásgeir Torfason.

Guðmundur Torfason

Finnur T. Guðmundsson.

[á spássíu] Lesið á manntalsþingi að Flateyri 12. júlí 1921

Gjald 2 - tvær krónur



Hóll í Firði í Mosvallahreppi, án blaðsíðutals

N^o 241

Landamerki Hóls í firði Mosvallahreppi

- a. Milli Tungu og Hóls: Eftir Tungua, sem rennur í norður af fjallsbrún og að árfarvegi þeim, er sjá má við neðstu rönd holta þeirra, sem liggja untanvert við Tunguá á móts við Tungubæ ofanvert
- b. Milli Hóls og aðliggjandi jarða: Er Hestá aframhaldandi merki út að svo nefndri Breiðeyri, sem er austanvert við Breiðá Hestá. Þar er merkið eftir svo nefndu Breiðeyrarmerki og í Sýki. Úr Sýkinu beint vestan í Hestá í hornið á girðingu þeirri sem ræður.
- c. Merkjum milli Hóls og Vífilsmýrar þau eru eftir girðingu þeirri sem liggur frá Hestá og upp í einhamar sem stendur í „Koltulág“ og eftir sjónhending þaðan beint í fjallsbrún.

Hóli 10. júlí 1921

Jónatan Magnússon bóndi,

F.h. föður míns G. Bjarnasonar eiganda

Lárus Guðmundsson Hesti,

Jens Jensson eigandi Tungu

Guðmundur Jóhannesson eigandi Vífilsmýra

Guðmundur Einarsson ábúandi Vífilsmýrum,

F.h. Kristjáns Torfasonar – Ásgeir Torfason,

F.h. Sigríðar Gísladóttur – Kr. Ásgeirsson.

[á spássíu] Lesið á manntalsþingi að Flateyri 12. júlí 1921. Gjald 2.- tvær kr.



Vífilsmýri í Mosvallahreppi, án blaðsíðutals

N^o 242.

Landamerki Vífilsmyra í Mosvallahreppi.

- a. Milli kotsins Betaníu og Vífilsmýrar er þverá eða lækur, er rennur Hestsá innanvert við Betaníu.
- b. Vífilsmyrar eiga slægjur austanvert við Hestá á svo kölluðum Eyrum, yfir að Kvíglænu, sem eru aðgreindar með gaddavírsgirðingu þeirri, er liggur frá Kvíglænu inn með svokölluðum Floguparti og inn fyrir Hrossavík
- c. Milli Kroppsstaða og Vífilsmyra er Hestá utan eyri sú, sem Vandeyri er nefnd, er liggur austan við Hestá og er aðskilin með girðingu
- d. Merkin milli Hóls og Vífilsmýr: Þau eru eftir girðingu þeirri, sem liggur frá Hestá og upp í „Einhamar“ sem stendur beint á „Kollulág“ og eftir sjónhendingu þaðan beint á fjallsbrún.

Vífilsmýrum 11 júlí 1921

F.h. Kristjáns Torfasonar Ásgeir Torfason.

Halldór Þorvaldsson eigandi Kroppsstaða.

Páll Rósinkransson eigandi Kirkjubóls.

F.h. Sigríðar Gísladóttur Kr. Ásgeirsson.

Kristján Magnússon eigandi Hóls

Guðmundur Jóhannesson eigandi Vífilsmýra

Guðmundur Einarsson ábúandi Vífilsmýrum

Guðmundur Á. Einarsson.

[á spássíu] Lesið á manntalsþingi á Flateyri 12 júlí 1921 Gjald 2 – tvær krónur



Eyri við Önundarfjörð í Mosvallahreppi, án blaðsíðutals

Nr. 243

Landamerki Eyrar í Mosvallahreppi

a. Milli Hvilftar og Eyrar:

Innanvert við grænt dý í fjallshlíðinni eru reist hvítm. merki í beina línu til sjávar, og frá merkjunum er bein lína til fjalls að hreppatakmarkum

b. Milli Flateyrartanga og Eyrar: Er þar sem Flateyrartangi sker sig út úr Eyrarlandi sbr. afsalsbréfi bókað d. 23. nóv. 1860 – eða frá svonefndum Fjósbökkum beina sjónhendingu eftir svonefndum bökkum strandlengis með Hvilftarströnd

c. Milli Staðar í Sógandafirði og Eyrar:

Úr „Rauf“ eða Klauf í fjallsbrún fremst á Sauðarnesi beina leið til sjávar, þar sem Sauðanes skerst lengst fram út.

Þess skal getið að Hvilft helgar sér, samkvæmt undirréttardómi, beit alt árið fyrir sínar eigin skepnur fyrir utan „Klofningshrygg“ og 2/5 – tvo fimmtu ~~úr~~ hluti úr vertollum á Kalfeyri.

Holtskirkja telur sér hvalreka að einum sjötta „1/6“ hluta á svæðinu frá „Rauf“ að dalsá.

Solbakka 8 júlí 1921

F.h. Krisjáns Torfasonar Ásgeir Torfason.

F.h. Þorvarðar Brynjólfssonar prests á Stað Kr. Ásgeirsson.

Finnur Finnsson.

Jón R. Sveinsson.

F.h. Þuríðar Magnúsdóttur Krístrún Friðriksd.

F.h. Ragnheiðar Magnúsd. Krístrún Friðriksdóttir.

[á spássíu] Þinglesið á manntalsþingi að Flateyri 12 júlí 1921

Gjald 2 - tvær krónur



Hvilft í Önundarfirði, án blaðsíðutals

Nr. 244.

Landamerki Hvilftar í Önundarfirði

a. Landamerki milli Hvilftar og Eyrar:

Innanvert við grænt dý í fjallinu eru reist hvítmáluð merki í beinni línu til sjávar, og frá merkjunum er bein lína til fjalls að hreppatakörkum.

Þess skal getið að Hvilft helgar sér, samkvæmt undirréttardómi, beit alt árið, fyrir sínar eigin skepnur, fyrir utan Klofningshrygg og 2/5 – tvo fimtu hluti – úr vertollum á Kálfeyri.

B. Milli Garða og Hvilftar, girðing (Garður) merkjum, það sem hún nær og niður eins og hún vísar til sjávar. En til fjalls (fjalls) eins og girðing vísar í læk þann eða gil, sem rennur niður úr svokölluðu Sauðanesflesi, en þaðan ræður téð gil og stefna þess merkjum á fjallsbrún.

Hvilft á tveggja mánaða ásauðabeit í Garðadal.

Hvilft 11. júlí 1921

F.h. Þuríðar Magnúsdóttur Kr. Ásgeirsson

F.h. Ragnheiðar Magnúsdóttur Kr. Ásgeirsson.

Finnur Finnsson.

F.h. Kristjáns Torfasonar Ásgeir Torfason

Guðmundur Jónsson.

Jón R. Stefánsson.

[á spássíu] Þinglesið á manntalsþingi að Flateyri 12. júlí 1921

Gjöld 2 - tvær krónur



Neðrihús í Önundarfirði, án blaðsíðutals

Nr 245.

Landamerki á jörðinni Neðrihús í Önundarfirði Vestur-Isafjarðarsyslu.

Túnið er aðskilið með fornum ummerkjum frá Hestslandi.

Engjarnar, eyrar frá túninu niður í Hestá, og norðantil við túnið eftir gomlum merkjum

Á Hestdal 2. Votihvammur 3. Rjúkandi 4. Fremsta engi (Þræturimi). 5. Samvinna heimast á dalnum 6. Samvinna fremst á dalnum (Leitið) Af þessum samvinnum á Neðrihús 1/5 móti Hesti og Efrihúsum.

Beitiland er sameiginlegt við Hest og Efrihús á Hest- og Korpudal að hlutfalli við jarðarstærð og sem jörðin getur framleitt

Landamerkjalinna um þessar jarðir er frá fjalli til upptaka Hestár og eftir henni miðri niður fyrir Neðrihúsaland. Þaðan eftir gomlum árfarvegi upp Hörðueyrar í Korpu Eftir henni miðri til upptaka og þaðan á hafjall

Efrihúsum 10 júlí 1921

Kjartan Rósinkransson eigandi

Guðmundur Bjarnason Hafurhesti (Eigandi)

Þorvaldur Þorvaldsson Efstabóli (ábúandi)

Jens Jensson frá Tungu – Eigandi –

Stefán Pálsson Efrihúsum (ábúandi)

Halldór Þorvaldsson Kroppstöðum

Jónatan Magnússon Hóli

Páll Rósinkransson Kirkjubóli eigandi

Kristjan B. Guðleifsson Kirkjubóli eigandi

[á spássíu] Lesið á manntalsþingi að Flateyri 12 júlí 1921 Gjald 2 – tvær krónur



Landamerki á jörðinni Efrihúsum í Önundarfirði Vestur-Isafjarðarsyflu

Um túnið að ofan og framan er gaddavírsgirðing Að utan lagur torfgarður, sem skilur milli Hests og Efrihúsatúns. Einnig er að utanverðu á Heststúninu stykki frá Efrihúsum, sem skýr merki liggja um.

Slægjuland: 1. Partur úti á eyrum 2. Frá túni niður að Hestá 3. Girðispartur 4. Grafaengi 5. Seljaengi 6. Fremsta engi

Óskift slægjuland eiga þessar jarðir, og á Efrihús 2/5 af því. Það er: Samvinna fremst á dalnum (Leitið) Samvinna heimast á dalnum og slægjur á Korpudal

Skýr merki liggja milli slægjulands Efrihúsa Hests og Neðrihúsa.

Sameiginlegt beutiland fyrir Efrihús Hest og Neðrihús á Hest- og Korpudal að hlutfalli við jarðarstærð og sem jörðin getur framleitt.

Landamekjalína um þessar jarðir er frá fjalli til upptaka Hestár, og eftir henni miðri niður fyrir Neðrihús (nema hvað lítil eyri er sem Tunga á Efrihúsamegin árinna, sem nefnd er Hvolpalænueyri) Fyrir utan Neðrihús upp hörðueyrar, að mestu eftir gömlum árfarvegi í Korpu. Eftir henni miðri til upptaka og þaðan á fjall.

Efrihúsum 11. júlí 1921

Guðmundur Bjarnason Hafurhesti.

Þorvaldur Þorvaldsson Efstabóli

Halldór Þorvaldsson Kroppsstöðum

Jónatan Magnússon Hóli

Jens Jensson Tungu

Páll Rósinkransson Kirkjubóli eigandi

Kristján B Guðleifsson Kirkjubóli eigandi

Kjartan Rosinkransson eigandi.

[á spássíu] Lesið á manntalsþingi að Flateyri 12 júlí 1921 Gjald 2 – tvær kr.



Kaldá á Hvilftarströnd í Önundarfirði, án blaðsíðutals

Nr. 247.

Landamerki Kaldár á Hvilftarströnd í Önundarfirði eru sem hér segir:

- a. Milli Kaldár og Selakirkjubóls skilur lönd svo kölluð Kaldá frá sjó og þaðan sem hún sést fram Kaldardal, og þaðan beina línu eftir miðjum á fjall
- b. Milli Kaldár og Hóls skilur lönd bein lína úr jarðföstum steini stórum merktum á sjávarbökkunum, eftir miðjum svokölluðum Markhrygg í gil í fjallinu, og svo áframhaldandi bein lína á fjall.

Kaldá 10 júlí 1921

Finnur T. Guðmundsson.

F.h. Kristjáns Torfasonar Ásgeir Torfason.

F.h. Málfríðar dóttur minnar sem eiganda Páll Rósinkransson

Albert Guðmundsson.

Guðmundur Guðmundsson.

Kjartan Rósinkransson.

[á spássíu] Lesið á manntalsþingi að Flateyri 12. júlí 1921. Gjald 2 - tvær krónur.



Eyri við Seyðisfjörð, án blaðsíðutals

248

Eyri í Seyðisfirði Norður-Ísafjarðarsýslu á þessi landamerki:

Utan: Steinn rétt ofan við hestagötuna utanvert við Grjótstekk merkt L.M. Bein sjónhending þaðan til fjalls.

Inn.v.: Varða á bökkunum Stór steinn í miðjum engjunum, sem heitir Grásteinn þar um bein sjónhending í urðarfótinn, sem nær lengst niður, og er innan til við Bæjarhjallann.

Á Grjótaldal: Klöpp á klettum við ána merkt L.M. Varða á hjallanum fyrir utan Smalaskálaholtið, þar um bein sjónhending í þrjá stóra steina ofantil við miðja hlíðina. Þar fyrir framan skilur Uppsalaá lönd til fjalls.

Kirkjuland í Hestfirði: Frá Kofunefi inn að Seleyri úr Seleyri. Úr Seleyri beint til fjalls.

Kirkjuland á Sjötúnahlíð. Frá innri urð að Hamri. Kambsnes hefir slægjur þær, sem eru í kirkjulandinu á móti beit, sem Eyri hefir á Kambsnesinu.

Í júní 1921

Jón Guðmundsson eigandi.

Samþykktur

Rögnvaldur Guðmundsson

Grímur Jónsson

Magnús Ásgeirsson.

[á spássíu] Lesið á manntalsþingi í Súðavík 29 júní 1922



Folafótur í Súðavíkurbreppi, án blaðsíðutals

249

Folafótur

í Súðavíkurbreppi í Norður-Isafjarðarsýslu á land frá fjöru til fjalls úr miðri Hruteyri í Seyðisfirði, milli Kleifa og Folafótar og þaðan unhverfis svonefndan Fót og inn að svo nefndum Engjagarði í Hestfirði milli Folafotar og Hests.

Vigur, Strandsejrum og Eyrardal í júní 1921

Sigurður Stefánsson Ólafur Þórðarson Jón Guðmundsson

Helgi Jónatansson Sigurður Árnason eigendur Kleifa

Theodora Thoroddsen eigandi í Folafæti

[á spássíu] Lesið á manntalsþingi í Suðavík 29 júní 1922



Eiði í Hestfirði í Súðavíkurbreppi, án blaðsíðutals

250

Landamerkjalyking.

Eyði í Súðavíkurbreppi í Norður-Ísafjarðarsýslu á land frá Kofunefi að innan og að svo nefndum Brosmusteini að utan milli Eiðis og Hests frá fjöru beina sjónhendingu til fjalls. Fyrir botni Seyðisfjarðar ræður merkjum Silungalækur til fjalls, og úr silungalæk bein lína út hjallann fyrir ofan húsin í Fjarðarhorni og meðfram girðingu í merkjavörðu á austurenda hjallans. Frá nefndri merkjavörðu bein lína út og upp í stein á fjallsbrún (björgum) merktur L.

Eyrardal í júnímánuði 1921

Jón Guðmundsson eigandi

Samþykkur:

Eggert Reginbaldsson

Árni Sig. Árnason

Sigurður Stefánsson umraðamaður Hests

[á spássíu] Lesið á manntalsþingi í Súðavík 29/6 1922



Hestur í Súðavíkurbreppi, án blaðsíðutals

251

Hestur

í Súðavíkurbreppi í Norður Isafjarðarsýslu á land frá fjöru til fjalls frá svo nefndum Engjagarði milli Hests og Folafótar að utan og inn að svo nefndum Brosmusteini að innan milli Hests og Eiðis

Vigur 15. júní 1921

Sigurður Stefánsson umráðamaður Hests

Jón Guðmundsson eigandi í Folafæti

Samþykkur:

Ólafur Þórðarson eigandi í Folafæti

Theodora Thoroddsen eigandi í Folafæti

[á spássíu: Lesið á manntalsþingi í Súðavík 29. júní 1922



Dynjandi í Arnarfirði í Auðkúluhreppi, án blaðsíðutals

252

Landamerkjaskrá fyrir jörðinni Dynjandi í Auðkúluhreppi í V-Js.

Landamerki jarðarinnar eru þessi:

Að norðanverðu: Ur Meðalnestá og austur í Glamufjallgarð austur eftir Meðalnesfjalli, eftir því, sem votnum hallar að Dynjandavog.

Að sunnanverðu: Þverbein sjónhending á fjall upp ur svo nefndri Deild á Urðarhlíð því næst austureftir fjallinu austur á Glámufjallgarð, eftir því sem vötnum hallar að Dynjandi vog.

Reykjavík 21/5 1922

Theodora Thoroddsen

Samþykktur

Hrafnseyri 25. maí 1922

Böðvar Bjarnason umboðsmaður Guðriðar Þórðardóttur eiganda Borgar

F/h Þorarins Guðmundssonar eiganda Óss samkvæmt umboði Böðvar Bjarnason.

[á spássíu] Lesið á manntalsþingi að Auðkúlu 11 júlí 1922 Gjald 4 – fjórar-krónur –



Landamerkjaskrá fyrir jörðinni Kirkjuból í Auðkúluhreppi í V. Ísafj.sýslu.

Landamerki jarðarinnar Kirkjuból í Auðkúluhreppi eru þessi:

Að norðanverðu: eftir beinni sjónhendingu úr Brunnalækjarósi í Hrafnagjótu. Þaðan austur eftir Flatafjalli austur á Dynjandiheiði kringum botninn á Kirkjubólssdal og út eftir fjallinu sunnanverðu dalsins, þangað sem Örnólfsgil steypist af brún, alt eftir því, sem vötnum hallar til Kirkjubólsslands. Úr Örnólfsgljú [svo] fram á brún eftir beinni sjónhendingu í ós Merkjälækjar. Því næst ræður áin merkjum til sjávar. Eftir sjónhendingunum eru hlaðnar vörður.

Kirkjubóli 31 mars 1922

Sigurður Guðmundsson eigandi Kirkjubóls

Þórarinn Guðmundsson eigandi Óss

Elías Jul. Eleseusson eigandi Skóga

Jón Þórðarson eigandi Skóga

[á spássíu] Lesið á manntalsþingi að Auðkúlu 11. júlí 1922. Gjald 4 – fjórar krónur –



Landamerkjaskrá fyrir jörðina Borg í Arnarfirði Vestur-Ísafj.sýslu

Landamerki fyrir jörðina Borg í Arnarfirði eru þessi:

Að norðanverðu ræður Hófsá landamerkjum frá upptökum til óss. Að sunnanverðu eru landamerkin bein sjónhending úr Meðalnestá á fjall upp, þaðan eftir meðalnesfjalli og austur í Glámufjallgarð að upptökum Hófsár alt eftir þar, sem vötnum hallar til Borgarlands

Hrafnsyri 10. januar 1922

Samkvæmt umboði Guðríðar Þorðardóttur eiganda Borgar

Böðvar Bjarnason.

Samþykkur:

Reykjavík 24/2 1922

Theodora Thoroddsen

Eigandi jarðarinnar Dynjandi í Arnarfirði.

p.t. Hrafnsyri 30. apríl 1922

Samþykkur:

Þórarinn Ólafsson eigandi jarðarinnar Rauðsstaða.

[á spássíu] Lesið á manntalsþingi að Auðkúlu 11. júlí 1922 Gjald 4 – fjórar krónur –



Landamerkjaskrá fyrir jörðina Ós í Auðkúluhreppi í Vestur-Ísafjarðarsýslu.

Landamerki jarðarinnar eru þessi: Úr Ósárósi uppeftir ánni að Brunⁿalækjarósi milli Óss og Kirkjubóls. Þaðan eftir beinni sjónhendingu í Hrafnagjótu sunnanverða í fjallinu fyrir austan Ós þaðan austur eftir fjallinu, eftir því sem vötnum hallar til Urðahlíðar, þar til komið er þverbeina sjónhendingu í klett á Deildarnestánni og því næst í sjó fram.

Ósi 31 mars 1922

Þórarinn Guðmundsson eigandi Óss

Elías Júl. Eleseusson. eigandi Skóga

Jón Þórðarson eigandi Skóga

Sigurður Guðmundsson eigandi Kirkjubóls

Theodora Thoroddsen eigandi jarðarinnar Dynjandi

[á spássíu] Lesið á manntalsþingi að Auðkúlu 11. júlí 1922. Gjald 4 – fjórar krónur –



Landamerkjaskrá yfir jörðina Skógar í Auðkúluhreppi í V-Ísafj.sýslu

Landamerki jarðarinnar Skógar í Auðkúluhreppi eru þessi:

Að austanverðu úr Ósárósi uppeftir ánni til óss Merkjälækjar. Þaðan eftir beinni sjónhendingu í Örnólfgilsgljúfur á fjallsbrún. Þaðan á fjall upp og út eftir fjallinu eftir því sem vötnum hallar til skógalands að Þverlæk á brún, þaðan eftir beinni sjónhendingu í dý, sem er á milli bæjanna Horns og Skóga rétt fyrir neðan veginn. Þaðan í svo nefnda Geil við Hornsá í flóanum. Því næst ræður Hornsá merkjum til óss. Eftir sjónhendingunni eru hlaðnar vörður.

Skógum 18 febrúar 1922

Elías Júl. Eleseusson eigandi Skóga

Jón Þórðarson eigandi Skóga

Sigurður Guðmundsson eigandi Kirkjubóls

Þórarinn Guðmundsson eigandi Óss

Guðni Jóhannesson og Guðríður Einarsdóttir eigendur Horns.

[á spássíu] Lesið á manntalsþingi að Auðkúlu 11. júlí 1922. Gjald 4 – fjórar krónur –



Hvammur í Dýrafirði, án blaðsíðutals

257

Landamerkjaskrá fyrir Hvamm í Dýrafirði.

Milli Hvamms og Ketilseyrar eru merkin: Við sjóinn í Svartabakka og beina línu á fjall upp, þar sem það er hæst rétt innan við Ausu. Til frekari skýringar er á merkjalínunni hlaðnar þrjár vörður úr grjóti, ein á sjavarbakkanum, önnur þar sem saman kemur mýrin og skriðufæturnir og hin þriðja upp undir fjallsrótunum.

Milli Hvamms og Þingeyrar eru merkin í Ásgarð og þaðan beint upp á fjaellið Garðurinn er gamalt mannvirki og sést enn greinilega fyrir honum, en ekkert hefir verið gjört til að endurnýja þau merki.

Hvammi 25. júní 1922

Jón Fr. Arason, Lárus Einarsson Finnbogi Benonýsson Jón Jónsson Jón Þórarinsson.

Samþykkir: Gísli Hjaltason Ketilseyri Þorst. Steinsson Bræðurnir Proppé Anton Proppé.

[á spássíu] Lesið á manntalsþingi á Þingeyri 8/7 '22.

Gjald 4 – fjórar-krónur –



Kleifar í Seyðisfirði í Súðavíkurbreppi, án blaðsíðutals

258

Landamerkjabréf

Jörðin Kleifar í Súðavíkurbreppi í Norður-Ísafjarðarsýslu á land samkvæmt bréfi þessu:

Vestan fjarðar, millum Uppsala og Kleifa skiftir löndum lækur sá, er rennur frá fjallsbrún niður utanvert við háu Kleifar niður í gegnum svokallaðan Sporð og til sjávar.

Fyrir fjarðarbotni milli Eiðis og Kleifa skiftir löndum Silungalækur og úr Silungalæk bein lína yfir hjallann fyrir ofan húsin í Fjarðarhorni og meðfram girðingu í merkjavörðu á austurenda hjallans. Frá nefndri merkjavörðu bein lína út og upp í stein á fjallsbrún (björgum) merktur L.

Utan fjarðar, millum Fóts og Kleifa, skiftir löndum steinn ofanvert á miðri Hróteyri merktur LM þannig að vinkilrétt bein lína vísar merkin frá nefndum merkjasteini til fjalls og sjávar.

Gjort í júnímánuði 1921

Fyrir Uppsali: Sveinbjörn Rögnvaldsson.

Fyrir Kleifar: Helgi Jónatansson Árni Sig. Árnason

Fyrir Eiði: Jón Guðmundsson.

Fyrir Fót: Sigurður Stefánsson Ólafur Þórðarson Jón Guðmundsson Bjarni Sigurðsson (samkv.umb. frá Theodoru Thoroddsen).

[á spássíu] Lesið á manntalsþingi í Súðavík 29/6 1922

Gjald 4 – fjórar krónur –



Landamerkjabréf fyrir Uppsali í Suðavíkurbreppi Norður-Isafjarðarsýslu:

Fyrir utan milli Uppsala og Eyrar skiftir löndum varða upphlaðin á bökkunum. Sjónhending í stóran stein, sem heitir Grasteinn og sjónhending í urðarfótinn, sem nær lengst niður og er innantil við Bæjarhjallana.

Á Grjótdal: Klopp í klettum við ána merkt L.M. Varða á hjallanum fyrir utan smalaskálaholtið, þar um bein sjónhending í 3 steina ofan til í miðri hlíðinni. Þar fyrir framan skilur Uppsalaá lönd til fjalls

Innan: Millum Uppsala og Kleifa skiftir löndum lækur, sem rennur frá fjallsbrún niður í fjöru utanvert við svokallaðar Háukleifar miðað gegnum svo kallaðan Sporð

I júní 1921

Rögnvaldur Guðmundsson eigandi

Samþykkir:

Jón Guðmundsson.

Árni Sig. Árnason.

[á spássíu] Lesið á manntalsþingi í Suðavík 29/6 1922 Gjald 4 – fjórar krónur –



Kamsnes í Súðavíkurhreppi, án blaðsíðutals

260

fyrir jörðina Kamsnes í Súðavíkurhreppi Norður-Isafjarðarsyslu

1. Kambanes á land frá svo kölluðum Landamerkjasteini Merktum L.M., er liggur utanhalt við svo kallaðan Grjótstekk í Seyðisfirði, beina sjónhendingu til fjallsbrúnar, kringum Kamsnes og inn með Álftafirði að austanverðu í svokallaða Innstu urð, er nær rétt að kalla til sjávar. Þar tekur við svo kallað Kirkjuland eign Eyrarkirkju En samningar frá gamalli tíð um að Kamsnes hafi öll afnot Kirkjulandsins inn að svo kölluðum Hamri og liggur í sjó fram á Sjó túnahlíð, til beitar og slæгна gegn því að Eyrarbóndi hafi fría beit út undir Kamsnes.

Til staðfestu undirrituð nöfn jarðeigenda

Súðavík 30 Júní 1921

Grímur Jonsson

Jón Guðmundsson.

[á spássíu] Lesið á manntalsþingi í Súðavík 29/6 1922 Gjald 4 – fjórar krónur –



Minni-Bakki í Skálavík í Hólshreppi, án blaðsíðutals

261

Landamerki fyrir jörðina Minnibakki í Skálavík í Hólshreppi, sem er 6 hundruð að fornu mati samkvæmt lögum 17. mars 1882

Landareign hennar er frá Merkjagarði, sem er milli jarðanna Minnibakka og Breiðabóls upp á fjallsbrún og niður í Langá, sem rennur niður miðjan dalinn til sjávar. Langá skilur einnig merki milli Meiribakka og Minnibakka. Minnibakki á fría sumarreit á Breiðabóli, en Breiðaból fría fjörubeit.

Jörðin Minnibakki á 1/5 úr öllum reka sem tilheyrir Breiðabóli.

Minnibakka 5. maí 1921

Benedikt Jónsson eigandi jarðarinnar.

Páll Jósúason Meiribakka eigandi að parti.

Jón S. Magnússon eigandi í Breiðabóli.

Halldór H.G. Pálmason forráðamaður að parti í Breiðabóli

Aðeins tveir af eigendum Breiðabóls og annar eigandi Meiribakka hafa ritað samþykki sitt á landamerkjaskrá þessa, einnig vantar að lýsa merkjum jarðarinnar á einn veg (Stigahlíð)

Bolungarvík 27 júní 1921

Jón Barðarson (hreppstjóri)

[á spássíu] Lesið á manntalsþingi í Bolungarvík 4/7 1922 Gjald 4 – fjórar – krónur



Vér undirritaðir eigendur og umráðamenn, sem nöfn okkar ritum hér undir, erum samþykkir með að rétt landamerki á jörðinni Kroppsstaðir í Skálavík í Hólshreppi í Norður-Ísafjarðarsýslu séu eftir því, sem hér greinir:

1. Milli Kroppsstaða og Meirahrauns er rauður steinn, er stendur á holti í svo kölluðum Kötlum, og sjónhending frá honum í Hraunagarða enda norðan vert við Hraunsá, og aftur upp frá honum í stekk og þaðan beint til brunar, í ytra horn á Kroppsstaðahorni

2. Milli Meiribakka og Kroppsstaða skilur vatnsfall, er nefnist Kroppsstaðaá er rennur úr svo kallaðri Skál og í Lónsá [svo]

3. Milli Breiðabóls aðskilur Langá að Gýgjarholti. Þar við taka eyrar, er kallaðar eru Kroppsstaðaeyrar og liggja Breiðabólsmegin fram með ánni að keldu er liggur svona c. 10. metra frá því er Hraunsá fellur í Langá. Takmörk að ofan á greindum eyrum er kelda og lækur er liggja með misjöfnu millibili frá ánni Eyrar þessar, hafa frá ómunatíð fylgt jörðinni Kroppsstaðir, en með hverju móti þær hafa í byrjun fallið undir greinda jörð er eigi hægt að fullyrða hér

Forráðamaður Kroppsstaða

Halldór G.H. Pálmason.

Eigandi Meirahrauns Júlíus Hjaltason

Ábúandi Meiribakka Kristján Erlendsson.

Eigandi Meiribakka Páll Josuason

– „ – – „ – Benedikt Bjarnason

Enginn af eigendum eða forsvarsmönnum Breiðabóls hefir ritað samþykki sitt á landamerkjaskrá þessa, en allir aðrir hlutaðeigendur hafa skrifað undir hana.

Bolungarvík 27/6 1921

Jóhann Bárðarson (hrepptjóri).

[á spássíu] Lesið á manntalsþingi í Bolungarvík 4/7 1922. Gjald 4 – fjórar krónur



Landamerkjaskrá jarðarinnar Breiðaból í Hólshreppi í Norður-Ísafjarðarsýslu.

Jörðin Breiðaból liggur í Skálavík í Hólshreppi og takmarkast af landamerkjum jarðarinnar Meirihlíð í Bolungarvík, af landamerkjum Hóls á Sigahlíð Minnibakka í Skálavík sjóarmegin og Langár, sem eru landamerki Breiðabóls og jarðanna Minnahraun, Kroppsstaðir og Meiribakki, sem liggja hinumegin árinna.

Landamerkjum jarðarinnar er lýst þannig

1. Merkin milli Meirihlíðar og Breiðabóls: Hærri kross á Skálavíkurheiði og bein lína úr honum á fjallsbrún Stigahlíðarmegin

Að vestan bein lína úr Hærri krossi á Lambamula.

2. Merki milli Minnihrauns og Breiðabóls: Lambaskalará frá fjallsbrun í Langá, og ræður Langá sem rennur ofan miðja víkina til sjóar, merkjum úr því

3. Merkin milli Kroppsstaða og Breiðaból: Langá.

4. Merkin milli Meiribakka og Breiðabóls: Langá að landamerkjum Minnibakka og Breiðabóls.

5. Merkin milli Minnibakka og Breiðabóls: Bein lína úr Merkjagarði, sem liggur á milli jarðanna og í fjallsbrún, og úr sama garði í Langá.

6. Landamerki Breiðabóls á Stigahlíð eru: að almenningum í Gunnarsvík og almenningum í Björtulæki, sem eru landamerki Hóls og þaðan út að Kerlingu, sem skiftir landareign Breiðabóls og Minnibakka á Stigahlíð.

Ítök: Breiðabóli er frjáls grastekja í Minnahraunslandareign gegn vetrarheit fyrir fe frá Minnahrauni í Breiðabólslandareign.

Í Minnibakka landareign á Breiðaból þessi ítök og hlunnindi: Frjálsa fjörubeit 4/5 úr reka, frítt uppsátur og leyfi til að byggja eitt hús á landareigninni

Gegn þessu á Minnibakki frjálsa sumarheit fyrir búpening jarðarinnar í breiðabólslandareign.

Eigandi Minnahrauns Júlíus Hjaltason

Eigandi í Breiðabóli Benedikt Bjarnason

Eigandi Minnibakka Benedikt Bjarnason

Eigandi Meiribakka Páll Jósúason

Ábúandi Meiribakka Kristján Erlendsson

Eigandi Breiðabóls Kristján Erlendsson

Eigandi Meirihlíðar Hjálmar Guðmundsson



Eigandi Breiðabólís Örnolfur Hálfðánarson.

[á spássíu] Lesið á manntalsþingi í Bolungarvík 4/7 1922 Gjald 4 – fjórar-krónur



Ytri-Hjarðardalur í Önundarfirði og Innri-Hjarðardalur í Önundarfirði, án blaðsíðutals

Nr. 264.

Útskrift úr dómsmálabók fyrir Ísafjarðarsýslu.

Ár 1922, fimtudaginn 21. sept. var landamerkjadómur settur að Hjarðardal ytri Önundarfirði, og haldinn af hinum reglulega dómara, með undirskrifuðum vottum.

Tekið fyrir:

Ágreiningur um landamerki jarðanna ytri og innri Hjarðardals.

Mættir eru í rjettinum Kristján Jóhannesson eigandi og forráðamaður jarðarinnar ytri Hjarðardal, og Guðmundur Gilsson bóndi í innri Hjarðardal, sem eigandi og ábúandi tjeðrar jarðar. Dómari leitaði um sættir og varð sú.

Sætt:

Málsaðilar urðu ásáttir um að landamerki tjeðrar jarða sjeu þannig: Úr dalbotni eftir ánni heim í Hraunafót; þaðan bein lína niður í Görn, svo liggja merki út með Görn út í skarð í kambinn við ytri Garnarenda. Úr skarðinu beint að Hjarðardalsá, þaðan eftir ánni þangað til hún sker línu, sem myndast af tveim staurum, inní Hjarðardalslandi beint í sjó. Merki þessi skulu sett þannig að kamburinn norðanvert við ~~ána~~, ána skal skift eftir hundraðahæð beggja jarða eftir fornu mati, og ber við skiftin að telja að kamburinn byrji þar sem áin fjell til sjávar áður en hún breytti farveg veturinn 1918 út að árkrók neðan við vað sem er þar í ánni nú.

Framangreind merki skuldbinda sig til að kosta í sameiningu og hafa sett niður úr járnþípum fyrir lok þessa mánaðar.

Ennfremur skuldbinda jarðeigendur sig til að greiða að hálfu kostnað við mál þetta sem sje, ferðakostnað dómara og rjéttargjöld þar á meðal kostnað við birtingu stefnu.

Vottar:

Upplesið játað rjett bókað.

Páll Stephensen

Frekara eigi fyrirtekið. Rjetti slitið

Stefán Pálsson

Oddur Gíslason

Guðm. Gilsson

Kristján Jóhannesson

Rjetta útskrift staðfestir:

Oddur Gíslason.

[á spássíu] Þingl. Að Þórustöðum 6/7 '23

Gjald 4 kr. Greitt.



Landamerkjaskrá kirkjujarðarinnar Hjallkárseyri í Auðkúluhreppi Vestur-Ísafjarðarsýslu.

Landamerki jarðarinnar eru þessi: Að innan verðu, á milli hjallarkáseyrar [svo] og Rauðsstaða, ræður Grjótá \mathfrak{m} , landamerki[j]unum frá fjalli til fjöru.

Að utanverðu milli Hjallkárseyrar og Gljúfrá ræður lan[d]amerkjum, varða fyrir ofan sjó undan miðjum Hlaðshrygg, og þaðan beint til fjalls í standberg utan til í Hlaðshryggsgjótu, og frá brún ræður stórhjalli til Snjódalsgljúfra. Á fjalli \mathfrak{u} uppi liggja merkin, sem vötnum hallar til Hjallkárseyri frá Snjódalsgljúfra, að utan til Grjótár að innan.

p.t. Gljúfrá 3 febrúar 1923

samþykkur með skriflegu umboði allra eigenda Gljúfrá

Kristján Fr. Gíslason.

p.t. Hjallkárseyri 3 febr. 1923

Gísli G. Ásgeirsson. (hreppstjóri)

samþykkur Þórarinn Kr. Ólafsson eigandi Rauðsstöðum.

[á spássíu] Þingl. að Auðkúlu 10/7 – 23 Gjald 4 kr. Greitt



Landamerkjaskrá jarðarinnar Karlstaði í Auðkúluhreppi innan Vestur-Ísafjarðarsýslu.

Landamerki jarðarinnar eru þessi: Að innanverðu ~~þ~~ ræður Þorbjarnará merkjum milli Karlstaða og Gljúfrá, frá upptökum óss. Að utanverðu ræður Sandeyrargil ~~um~~, merkjum milli Karlstaða og Hrafseyri [svo] frá upptökum til óss.

Á fjalli uppi liggja ~~um~~ merkin eftir því (~~sem~~) sem vötnum hallar til Karlstaðalanda á svæðinu milli upptaka Þorbjarnará og Sandeyrargils.

p.t. Rafnseyri 5 desbr. 1923.

Gísli G. Ásgeirsson Álftamýri (hreppstjóri).

Framanskráðum landamerkjum er jeg samþykkur.

Hrafnseyri 5. desember 1922

Böðvar Bjarnason prestur.

p.t. Gljúfrá 3. febr. 1923

Samþykkur fyrir hönd allra eiganda Gljúfrá.

Kristján Fr. Gíslason

[á spássíu] Þingl. að Auðkúlu 10/7 – 23 Gjald 4 kr. Greitt.



Útskrift úr dómsmálabók fyrir Ísafjarðarsýslu.

Ár 1922, fimtudaginn 31. ágúst var landamerkjadómur Ísafjarðarsýslu settur í barnaskólahúsinu í Bolungarvík og haldinn af hinum reglulega dómara með undirskrifuðum vottum.

Tekið fyrir: ágreiningur um landamerki milli jarðanna Kroppstaða og Breiðabóls innan Hólshrepps. Fyrir hönd forráðamanna jarðarinnar Kroppstaða er mættur Halldór Pálmason og fyrir hönd eiganda og forráðamanna jarðarinnar Breiðabóls, þeir Kristjan Erlendsson, Páll Árnason, Illugi G. Sigurðsson, Ørnólfur Háldánsson, Benedikt Bjarnason og Jón S. Magnússon og varð svofeld.

Sætt:

Þ Tjeðir forráðamenn og eigendur jarðanna Kroppstaða og Breiðabóls urðu ásáttir um að breytta áður þinglesnum landamerkjum tjeðra jarða þannig, að svonefndur Kroppstaðaeypri skulu teljast eign jarðannar Kroppstaða, (nefnilega) með þeim ummerkjum sem getið er um í merkjalýsingu jarðannar Kroppstaða, nefnilega Breiðabólsmegin framan með ánni, að keldu, er liggur svo sem ca. 10 metra frá því er Hraunsá fellur í Langá. Þaðan bein lína í keldu við ána undir Gýjarholti. Að öðru leyti skulu áður þinglesin merki tjeðrar jarðar ráða.

Ennfremur sættust forráðamenn og eigendur á það að afgirða Kroppstaðareyrar næstkomandi sumar með löggirðingu og kosti forráðamaður Kroppstaða girðinguna að þremur fjórðu pörtum og eigendur Breiðabóls að einum fjórða. Viðhald sameiginlegt að jöfnu. Og er það skilyrði fyrir ofangreindri sætt og að girðing þessi sje sett niður innan hins tiltekna tíma.

Forráðamaður Kroppstaða annast um framkvæmd verksins.

Loks er einnig samkomulag um það, að kostnað við ferð dómara, birtingu á stefnu og rjettargjörð og annan kostnað, svo se sem til fylgdarmanns dómara greiði forráðamaður Kroppstaða að hálfu og eigendur Breiðabóls að hálfu leyti.

Til staðfestu sætt þessari undirskrifa frammannefndir forráðamenn og eigendur jarðanna Kroppstaða og Breiðabóls gerð þessa.

Frekara eigi fyrirtekið. Rjetti slitið Oddur Gíslason

Vottar: Jóhannes Kristjánsson Jóhann Bárðason

Ørnólfur Háldánsson, Kristján Erlendsson, Illugi G. Sigurðsson, Benedikt Bjarnason, Jón S. Magnússon Páll Árnason.

Gjald kr. 1.50 – ein króna fimmtíu aurar – Greitt.

Rjetta útskrift staðfestir: Halldór Pálmason Oddur Gíslason.



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS

[á spássíu] Þingl. í Bolungarvík 3/7 -23 Gjald 4 kr. Greitt



Landamerkjabréf fyrir Breiðadal neðri í Önundarfirði í Vestur Ísafjarðarsýslu.

1. Landamerki á milli jarðanna Breiðadals neðri og Veðrarár itri er Breiðadalsá, frá sjó uppí vatn það sem liggur undir svonefndu Þverfjalli fyrir botni Breiðadalsá, frá sjó og eiga báðar jarðirnar land í miðja ána, þó á Veðrará ítak aðeins til slæгна sunnan til í svonefndri Ástungu framm á 4 dal, úr vatninu liggjar merkjið [svo] leið á fjallsbrún.

2. Landmerkji milli Breiðadals neðri, og Breiðadals fremri er að neðanvert áin Þverá þaðan sem hún rennur í Breiðadalsá eftir þeim farvegi sem hún rennur nú eftir utan til við túnjaðar í Breiðadal fremri og til upptaka á Þverdal og þaðan sjónhendingu á fjallsbrún í dalbotn.

Að framanverðu er merkji lækur sá sem fellur í Breiðadalsá neðan til við neðri Seltóftina og er hann merkji í fremri melholtsröndina þaðan eftir 3 merkja vörðum uppí hlíðinni og eftir þeim sjónhending á fjallsbrún.

3. Landmerkji milli Breiðadals neðri og Selkirkjubóls eru úr steini í fjörunni sem auðkendur er á þann hátt að í hann er rekkinn járnbolti þaðan beina línu upp svonefnda Stóruurð upp Grjótskálargil alla leið upp á fjall.

Breiðadalur neðri 3. November 1923

Kjartan Rósinkransson

f.h. Kr. Torfasonar Ó. Torfason

Þórður Sigurðsson eigandi

Kr. Ásgeirsson Brd-eigandi

Albert Guðmundsson

Guðmundur Guðmundsson

Málfríður Pálsdóttir

fh. Kristján Péturssonar Ó. Torfason

fr. Veðrarár Jón G. Guðmundsson Jón Guðmundsson

Margrét Jónsdóttir

fr. Breiðadals Friðrik Guðmundsson



Landamerkjabrjef fyrir Veðrará ytri í Mosvallahreppi í Vestur-Ísafjarðarsýslu.

Landamerkji á milli Veðraránna er úr Skriðutanga beint upp í Veðraráshornið. En á milli Breiðadalanna neðri og fremri og Veðrará ytri, er Breiðadalsá, frá sjó og upp í vatn það sem liggur undir svonefndu þverfjalli fyrir botni Breiðadals og á hver jörð land í miðja ána.

Þá á Veðrará ítak aðeins, til slæгна sunnan til á svonefndri ártungu fram á dalnum norðan til við ána.

Úr vatninu liggur merkið ~~skemst~~ skemstu leið á fjallsbrún.

Veðrará 19. apríl 1924

Þórður Sigurðsson

Jón Guðmundsson

Kr. Ásgeirsson

Jón G. Guðmundss.

Kristján Torfason

Jón Sveinsson

Ásgeir Torfason

Friðrik Guðmundsson

[á spássíu] Þingl. að Þorustöðum 9/6 – 24 Innf. Landamerki



Jeg Jónas Dósópeusson hreppstjóri í Sléttuhreppi gjöri landamerki fyrir jörðinni Rekavík bak Höfn, liggjandi í Sléttuhreppi, eftir skipunarbrjefi sýslumannsins yfir Ísafjarðarsýslu dags. 12. maí 1922.

1. Landamerkji að innanverðu sem liggur að Höfn eru merkji milli áðurnefndra er háfjallgarður sem hallar til víkanna á báðar hliðar og beint fram eftir því á Kallsnös [svo]¹ beina sjónhendingu niður í svo kallaðan Tröllakamb sem er einstakur klettur sem nær langt fram í sjó í um flóð og fjöru.

2. Að utanverðu eru landamerki eftir háfjallgarð utan til við Hvannadal sem kallaður er heimari festaskarðatindur, og fram eftir honum beina sjónhendingu niður bjargströndina í svokallaðan Súlnastapa sem er standklettur í sjó fram en þó nokkra faðma frá landi.

Rekavík bak Höfn 6. júní 1922

Guðrún Ebinesardóttir

[á spássíu] Þingl. að Hesteyri 14/6 '24 Innfært í Landamerkjabókina.

¹ Hugsanlega átt að vera „Kollsnös“ eða „fjallsnös“.



Breiðaból í Skálavík og Hóll í Bolungarvík, án blaðsíðutals

271.

Nokkrir af eigendum jarðarinnar Breiðaból í Hólshreppi, þeir Kristján Erlendsson Meiribakka og Örnólfur Hálfðásson Breiðabóli Skálavík, hafa á manntalsþingi 1922 látið þinglýsa landamarkabrjefi um landamerki á Stigahlíð milli jarðanna Holl og Breiðabol í Hólshreppi.

Hafa þeir tveir einir undirskrifað brjef þetta, en enginn annar af eigendum Breiðabóls og engin af eigendum Hóls. Ákveður brjef þetta að merki milli jarðana á Stigahlíð utanverðri sjeu svonefndir Björtulækir milli Hvassaleitis og Miðleitis.

Við undirritaðir eigendur og umráðamenn Breiðabóls teljum að merkjum þessum sje rangt lýst í brjefinu. Teljum við að Holl eigi alla leið út í Gunnarsvík norðanvert í Kerlingunni, og samþykkjum að þinglýst sje brjefi um landamerkin í samræmi við það.

Bolungarvík, 31 maí 1924

Jón S Magnússon

J Guðbjartur Sigurðsson

Benedikt Bjarnason

Vottar: Páll Arnason

Jón Jónsson

Þingl. á manntalsþing í Bolungarvík 4/7 -24

Oddur Gíslason. Gjald 3 – þrjár [svo] kronur



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS

Tunga í Eyrarhreppi, án blaðsíðutals

272.

Tunga í Eyrarhreppi

Sjá Ltr. XXVI. 210 í veðmálalabók.



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS

Sandar og Grandi í Þingeyrarhreppi, án blaðsíðutals

273

Sandar og Grandi í Þingeyrarhreppi

Sjá Ltr. XXX. 27 og 29.



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS

Kirkjubær í Eyrarhreppi, án blaðsíðutals

274.

Kirkjubær í Eyrarhreppi

Sbr. Ltr. XXXIII. 49 í veðmálabók



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS

Laugaból og Horn í Auðkúluhreppi, án blaðsíðutals

275.

Laugaból og Horn í Auðkúluhreppi

sbr. Ltr. XXXIV. 35 veðmb.



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS

Haukabergr og Lækur í Mýrahreppi, án blaðsíðutals

276.

Haukabergr og Lækur í Mýrahreppi

Sjá Ltr. LVIII 128, mótmæli 129.



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS

Ytrihús og Haukabergr í Mýrahreppi, án blaðsíðutals

277.

Ytrihús og Haukabergr í Mýrahreppi

Sjá Ltr. LXII 47.



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS

Lækur og Núpur í Mýrahreppi, án blaðsíðutals

278

Lækur og Núpur í Mýrahreppi

Sjá LXII 151, 152, 153.



Núpur í Dýrafirði og Lækur í Dýrafirði, án blaðsíðutals

279.

Sátt um landamerki milli Núps og Lækjar í aukadómsþingi að Núpi 23. júlí 1958: (Þingbók bls. 149–50).

„Landamerki milli Núpstorfunnar og Lækjar skulu vera eins og hér segir:

Núpsá allt fram að sjávarkambi við Sauðhústóftir (Hundakotu) en þvert yfir sjávarkambinn 90 metra innan við rætur Sauðhústófta (Hundakotu). Landamerkin gegnum sjávarkambinn skulu miðuð með tveimur steinum, sem settir skulu verða í holtið Lækjarmegin upp af grandanum og eru merkin þar sem steinarnir bera saman.“

Þorvaldur Zófaníasson Valdimar Kristinsson

Haukur Kristinsson Haraldur Kristinsson.

Þinglesið að manntalsþingi á Mýrum 28.8. 1958

Jóh. Gunnar Ólafsson



„Ár 1958, hinn 9. ágúst vorum við undirritaðir mættir að Læk í Mýrahreppi, Vestur Ísafjarðarsýslu, til þess, eftir ósk Sýslumannsins í Ísafjarðarsýslu, að ganga frá merkissteinum í Lækjarlandi, sem miða á eftir merkið í fjörunni milli Núpstorfunnar og Lækjar, samkv. sætt er gerð var 23. júlí síðastliðinn.

Merkin miðast í jarðfastan stein ca. 45 metr. frá ánni; eins og hún rennur nú inneftir ofanvið sjávarkambinn. Veltum við svo stórum steini í beina línu 17 metr. ofar. Steinarnir voru báðir málaðir með bláu vélalakki; einnig var máluð nibba á jarðföstum steini, sem snertir línuna til hægri, þegar merkið er miðað frá sjónum.

Neðri-Hjarðardalur 23. sept. 1958.

Kristj. Davíðsson Arngrímur Jónsson

Fh. eigenda:

Haukur Kristinsson

Þorvaldur Zófoníasson.